28

Á traktor gegn einelti

30–31

„Enda eins og ég byrjaði með föður mínum nítján ára gamall“

44–45

Afkvæmaverðlaun stóðhesta

Bændablaðið

13. tölublað 2022 • Fimmtudagur 7. júlí • Blað nr. 614 • 28. árg. • Upplag 33.500 • Vefur: bbl.is

Sautján konur hafa í fjórtán ár lagt upp í hestaferð kringum Jónsmessu. Þær setja tvö skilyrði; að gisting og matur sé eins og best verður á kosið, enda er fylkingin samansafn sannkallaðra hefðarkvenna. Hér vaða þær Stóru-Laxá á Skeiðum. Í forgrunni er Erna Ingvarsdóttir og fákarnir Geysir og Davíð.
– Sjá nánar bls. 32–33. Mynd / Guðrún Hulda Pálsdóttir

Riðuþolinn sauðfjárstofn verður ræktaður

Staðfest er að samtals 128 gripir bera annaðhvort ARR-arfgerð, sem er alþjóðlega viðurkennd verndandi arfgerð gegn riðu í sauðfé, eða T137-arfgerð sem talin er verndandi. Ljóst er að mörkuð hefur verið sú stefna meðal þeirra sem stýra ræktunarstarfi sauðfjár á Íslandi að rækta upp riðuþolinn sauðfjárstofn, hratt og vel.

Fundurinn á arfgerðunum er afrakstur nokkurra verkefna sem voru sett af stað í kjölfar mikils niðurskurðar í Húna- og Skagahólfi og Tröllaskagahólfi árið 2020, þegar samtals nærri 2.600 fjár var skorið niður. Hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins voru jafnvel uppi hugmyndir um að sækja ARR-erfðaefni út fyrir landsteinana til að nota við ræktun á íslenskum stofni sem væri riðuþolinn. Fyrst yrði hins vegar að leita af sér allan grun hér á landi.

Niðurskurður hefur hingað til verið eina úrræðið til að hefta útbreiðslu riðusmita hér á landi – sem valdið hefur sauðfjárbændum ómældu tjóni og íslensku samfélagi; bæði fjárhagslegu og tilfinningalegu. Frá því að farið var að beita niðurskurði gegn riðu hafa ríflega 620 bær þurft að fara í gegnum þann hreinsunareld.

Á undanþágu frá reglugerðum ESB

Á undanförnum misserum hafa glæðst vonir um að Íslendingar geti farið sömu leiðir og ýmsar aðrar Evrópuþjóðir leitast við – og notað verndandi arfgerðir gegn riðu til að útrýma á endanum þessum skæða sjúkdómi á Íslandi.

Ef upp kemur riðusmit í hjörð, í landi þar sem innleiðing reglugerða Evrópusambandsins um viðbrögð við riðusmiti hefur að fullu átt sér stað, eru gripir með þessa arfgerð verndaðir. Almennt séð tekur Ísland mið af þeim reglum sem gilda í Evrópusambandinu hvað varðar heilahrörnunarsjúkdóma í dýrum. Þar með talin er riðuveiki, en þó ekki þeim hluta reglugerðarinnar sem snýr að viðbrögðum við staðfestum tilfellum um riðuveiki. Fyrir þann hluta hefur Ísland haft undanþágu.

Í kjölfar tilfellanna á Norðurlandi árið 2020 var yfirdýralæknir fenginn til að ráðast í endurskoðun á reglum sem varða viðbrögð við riðuveiki. Búið er að skila drögum til matvælaráðuneytisins sem vinnur að nýjum reglum. */smh*

– Sjá nánar á blaðsíðum 20–21.

Svört skýrsla um afkomu nautakjötsframleiðenda:

Bændur borguðu 412 krónur með hverju kílói af framleiddu nautakjöti árið 2021

Afurðatekjur af nautaeldi mæta ekki framleiðslukostnaði og hafa ekki gert síðastliðin 5 ár.

Merki eru um samdrátt í ásetningi nautkálfa en nautkálfum (yngri en 1 árs) hefur fækkað um 300 síðan í árslok 2021. Í nýútkominni skýrslu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins um afkomu nautakjötsframleiðenda 2017–2021 kemur fram að framleiðslukostnaður á hvert kg af nautakjöti, með afskriftum og fjármagnsliðum, hafi verið 1.522 krónur árið 2021. Á meðan voru afurðatekjurnar 1.110 kr./kg. Út af standa 412 krónur sem nautakjötsframleiðendur borguðu með framleiðslu sinni í fyrra.

Skýrsluhöfundar benda á að afkoman af nautaeldi hafi verið óviðunandi allt það tímabil sem rýnt var í, eða frá árinu 2017. Sjáist það best á því að framlegðarstig lækkar úr 38,6% í 28,3% árin 2017–2020 en hækkar árið 2021 í 36,2% með auknum stuðningi og aðhaldi í rekstrarkostnaði.

Breytilegur kostnaður lækkar

Stærsti útgjaldaliður breytilegs kostnaðar er aðkeypt fóður, sem var 236 krónur fyrir hvert framleitt kíló af nautakjöti í fyrra og hefur aldrei verið hærra. Aðrir liðir breytilegs kostnaðar hafa hins vegar lækkað síðan í fyrra.

Þannig var kostnaður vegna áburðar og sáðvöru árið 2021 alls 166 kr./kg nautakjöts en var 171 króna árið áður. Í heildina var breytilegur kostnaður 725 kr./kg árið 2021 og hefur hann lækkað um 18 kr./kg frá árinu 2020.

Ef tölur eru skalaðar upp frá kílói að skepnu, var breytilegur kostnaður á hvern sláturgrip alls 207.008 krónur árið 2021.

Bendir þetta ýmist til þess að nautakjötsframleiðendur hafi hagrætt töluvert í sínum rekstri eða séu farnir að draga úr framleiðslu sinni.

Líkur á samdrætti í framleiðslu

Alls stunduðu um 470 bú nautakjötsframleiðslu á árinu 2021. Þar af eru um 155 bú í hreinni nautakjötsframleiðslu, þ.e.a.s. eru fyrst og fremst í kjötframleiðslu en ekki í mjólkurframleiðslu.
Um fjórðungur alls nautakjöts kemur frá hreinum nautakjötsframleiðendum, þar af um 35,2% af öllu UN kjöti.

Staðan er mun alvarlegri en bændur gerðu sér grein fyrir og að sögn Guðrúnar Bjargar Egilsdóttur, sérfræðings hjá Bændasamtökunum, eru margir líklegir til að minnka verulega við sig, eða jafnvel hætta í framleiðslu.

„Ef afkoman batnar ekki og hreinir nautakjötsframleiðendur gefast upp á búrekstrinum, þá megum við eiga von á því að nautakjötsframleiðsla dragist saman um 25% (ef horft er á allt kjöt) eða um 32% ef bara er horft á UN kjöt,“ segir Guðrún Björg en hún fjallar um skýrslu RML um afkomu nautakjötsframleiðenda í blaðinu. */ghp*

– Sjá nánar bls. 2 og 52.

FRÉTTIR

Vinnuhópur gerir aðgerðaráætlun:

Styrkja á stoðir kornræktar

Efling innlends kornmarkaðar er viðfangsefni vinnuhóps sem Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra hefur skipað í kjölfar funda með sérfræðingum á sviði kornræktar við Landbúnaðarháskólann.

Hópnum er ætlað að vinna drög að aðgerðaráætlun en meðal verkþátta er að skilgreina nauðsynlega uppbyggingu á sviði kynbóta, bútækni og aðlögun stuðningskerfa í takt við það sem þekkist erlendis.

Fýsileiki innlends kornsamlags verður kannaður og skilgreindar þarfir á lágmarksbirgðum kornvöru í landinu. Í því samhengi mun hópurinn kynna sér starfsemi, kerfi og eignarhald kornsamlaga á Norðurlöndum. Að auki verður skoðuð starfsemi innlendra samlaga í innlendum landbúnaðargreinum.

„Staðsetning væntanlegs samlags auk þurrkstöðva og korngeymslna er mikilvæg og því verður lögð áhersla á að finna sem hentugasta staðsetningu. Þar spilar inn í nálægð við framleiðendur, markaði, nýtingu jarðvarma o.fl. Kannað verður hvernig og hvort sé hægt að nýta fyrirliggjandi innviði sem best í þessu samhengi, s.s. þurrkstöðvar og minni geymslur sem eru nú þegar í rekstri. Hópurinn mun leggja til aðgerðir til að bregðast við árum þar sem uppskera á korni er rýr með það að markmiði að vernda bæði bændur og kaupendur og lágmarka fjárhagslegt tjón," segir í tilkynningu frá Stjórnarráðinu. Vinna þessi er í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur en þar segir að unnin verði aðgerðaáætlun um eflingu kornræktar.

Verkefnið er einnig í takt við það sem fram kemur í skýrslu spretthóps vegna stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi en þar er lagt til að sett verði stóraukinn kraftur í að efla innlenda kornrækt til manneldis, fóðrunar og fóðurgerðar.

„Ríkið bjóði fram stuðning til fjárfestinga í nauðsynlegum innviðum, svo sem til svæðisbundinna söfnunar- og kornþurrkunarstöðva, stuðli að því að einhvers konar áhættudreifingareða tryggingakerfi gegn uppskerubresti komist á fót og tryggi nægan stuðning við ræktun á hvern hektara til þess að fleiri sjái sér fært að hefja kornrækt og eigi möguleika á markaðsfærslu framleiðslunnar," segir í tillögum spretthóps að aðgerðum til lengri tíma.

Helgi E. Þorvaldsson.

Möguleg stofnun kornsamlags

Einn stærsti liður verkefnisins snýr að mögulegri stofnun kornsamlags.

Helgi E. Þorvaldsson, brautarstjóri og aðjúnkt hjá LbhÍ, fer fyrir vinnuhópnum. Hann lýsir ákveðinni brotalöm í kornrækt á Íslandi í dag.

„Ef þú ert bóndi sem átt 10 hektara og vilt nýta hann til kornræktar, þá er hér engin afurðastöð sem tekur við korni. Slíkt fyrirkomulag þekkist víða erlendis. Því er eitt af okkar verkefnum að kynna okkur starfsemi kornsamlaga og meta fýsileika þess að stofna slíkt hér. Ef allt fer að óskum munum við skila af okkur tillögum að hentugri staðsetningu, ákjósanlegri starfsemi og æskilegu viðskiptamódeli," segir hann.

Því muni hópurinn kalla til sérfræðinga á sviði viðskipta og verkfræði sér til stuðnings.

Landbúnaðarháskólinn stýrir verkefninu en Egill Gautason, Helgi E. Þorvaldsson, Hrannar S. Hilmarsson og Ragnheiður I. Þórarinsdóttir rektor mynda starfshópinn af hálfu skólans en matvælaráðherra lagði til rúmlega 17 milljónir króna í verkefnið.

Vinnuhópurinn hefur störf í ágúst árið 2022 og stefnt er að henni ljúki í mars 2023.

/ghp



Trausti Hjálmarsson, formaður búgreinadeildar sauðfjárbænda vonar að aðrar afurðastöðvar fylgi í kjölfar á boðuðum verðhækkunum Sláturfélags Vopnfirðinga. Mynd / ghp

Lítið um svör eftir verulegar afurðaverðshækkanir Vopnfirðinga:

Beðið eftir viðbrögðum

Sláturfélag Vopnfirðinga boðaði umtalsverðar hækkanir á afurðaverði til sauðfjárbænda í nýrri verðskrá sem þeir gáfu út í byrjun síðustu viku.

Samkvæmt útreikningum BÍ hækkar reiknað meðalverð dilkakjöts um 31,4% milli ára sé miðað við lokaverð haustið 2021 (34,4% miðað við upphafsverð). Reiknað meðalverð dilkakjöts hækkar um 173 kr/kg milli ára.

Skúli Þórðarson, framkvæmdastjóri Sláturfélags Vopnfirðinga, sagði að stjórn félagsins hafi talið sig knúna til að bregðast við rekstrarvanda sauðfjárbænda.

„Stjórn félagsins ákvað að hækka verðið þannig að sauðfjárbændur yrðu ekki fyrir launalækkun."

Sláturfélag Vopnfirðinga er meðal minnstu sláturleyfishafa landsins og voru með innan við 10% framleiðslunnar í fyrra.

Áður hafði Sláturfélag Suðurlands gefið út verðskrá fyrir komandi haust. Samkvæmt útreikningum BÍ hækkar reiknað meðalverð dilkakjöts um 18,7% milli ára sé miðað við lokaverð haustið 2021 (24,2% sé miðað við upphafsverð). Reiknað meðalverð dilkakjöts hækkar um 104 kr/kg.

Aðrar afurðastöðvar hafa enn ekki gefið út afurðaverðið fyrir árið 2022 en Kjarnafæði Norðlenska gaf það út í febrúar að þeirra afurðaverð myndi hækka að lágmarki um 10%.

Vonar að aðrir fylgi í kjölfarið

Trausti Hjálmarsson, formaður búgreinadeildar sauðfjárbænda, sagði það sérstakt fagnaðarefni að verð sé að koma fram svo tímanlega.

„Þetta er skref í rétta átt og í fljótu bragði sýnist mér að með viðbótarstuðningi ríkisins og verðhækkunum Sláturfélags Vopnfirðinga þá séum við að halda sjó milli ára. Við vonum að aðrar afurðastöðvar fylgi í kjölfarið."

Sjö sláturhús fyrir sauðfé kringum landið, rekin af fimm fyrirtækjum. Þrjú þeirra hafa ekki gefið upp afurðaverð sín fyrir haustið. Ágúst Andrésson hjá Kaupfélagi Skagfirðinga, sem rekur kjötafurðastöðina á Sauðárkróki, og sláturhúsið KVH á Hvammstanga sagði að von væri á verðskrá frá fyrirtækinu.

Björn Víkingur Björnsson hjá Fjallalambi sagði að á Kópaskeri hefðu menn engar ákvarðanir tekið og engin svör fengust frá Kjarnafæði Norðlenska.

Inntur eftir frekari hækkunum í kjölfar tilkynningar Sláturfélags Vopnfirðinga sagði Steinþór Skúlason, forstjóri SS, að þeir muni bíða eftir að fyrir liggi verðlagning allra afurðastöðva. */ghp*

Afkoma nautakjötsframleiðenda:

Laun undir lágmarksviðmiðum

Út frá skýrslu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) um afkomu nautakjötsframleiðenda má sjá að bændurnir, sem ljáðu skýrsluhöfundum innsýn í starfsemi sína, reiknuðu sér að meðaltali um 220.000 krónur í mánaðarlaun fyrir vinnu sína í nautakjötsframleiðslunni.

Það má sjá með því að rýna í liðinn laun og launatengdar greiðslur en hann er um 3,15 milljónir á ársgrundvelli, eða 260.000 kr. á mánuði.

„Bersýnilega duga þessi laun ekki til og nautakjötsframleiðendur geta ekki haldið áfram að greiða með framleiðslunni líkt og þeir hafa gert síðustu ár," segir Herdís Magna Gunnarsdóttir, formaður búgreinadeildar kúabænda, NautBÍ.

„Í skýrslunni er tekið undir það sem við hjá BÍ höfum verið að benda á; að undandarin ár hafa íslenskir nautakjötsframleiðendur verið að gera betur, jákvæð þróun er í vaxtarhraða, fallþunga og flokkun íslensks nautakjöts.

Þannig hafa bændur náð fram hagræðingu í sínum rekstri með að skila þyngri og betri gripum. Svigrúmið til frekari hagræðingar virðist þó vera takmarkað. Það sjáum við kannski einna best á því að laun og launatengd gjöld hafa lækkað um rúmar 15.000 krónur á hvern sláturgrip frá 2017-2021.

Herdís Magna Gunnarsdóttir.

Með þyngri gripum er eðlilegt að kostnaður á hvern grip lækki en þessi lækkun launa er þó umfram þá þyngdaraukningu sem hefur orðið á gripunum. Við getum því með sanni sagt að bændur séu farnir að taka á sig talsverðar launalækkanir."

Hækkun afurðaverðs nauðsynlegt

Hún segir sárt að horfa upp á launaskerðingu á sama tíma og laun í landinu hafi almennt verið á uppleið. „Vert er að benda á að á sama tímabili, skv. Hagstofu Íslands, hækkaði launavísitalan um 176,7 stig," segir Herdís Magna.

Hún bendir á að skýrsla RML styðji málflutning nautgripabænda síðustu misseri.

„Rétt eins og skýrslan segir hafa afurðaverðslækkanir síðustu ára komið afar illa við greinina ásamt auknum innflutningi. Skýrsluhöfundar segja að hækkun á afurðaverði sé nauðsynleg ásamt því að ná jafnvægi á markaðnum.

Við bændur þurfum svo auðvitað að halda áfram að leita allra leiða til frekari hagræðingar," segir Herdís Magna. Hún hvetur fleiri bændur til að taka þátt í rekstrarverkefnum RML svo hægt sé að fá víðtækar og nákvæmar niðurstöður slíkra greininga.

„Það er okkur afar mikilvægt til að geta tekið púlsinn á stöðu nautgriparæktarinnar og í allri hagsmunagæslu BÍ." */ghp*

Dragðu allt nema að tryggja þig

Með einfaldri kaskótryggingu dráttarvéla getur þú sinnt bústörfunum alveg áhyggjulaus. Hún hentar sérstaklega þeim sem þurfa ekki á hefðbundinni kaskótryggingu að halda en vilja tryggja sínar vélar fyrir veltu, hrapi, eldsvoða, rúðutjóni og þjófnaði. Hún tryggir einnig fasttengd landbúnaðartæki óháð eignarhaldi.

Betri dráttarvélatrygging

FRÉTTIR

Fjölhæfir afkvæmafeður

Spuni frá Vesturkoti á flest afkvæmi í keppnishluta Landsmóts hestamanna í ár.

Alls koma 15 afkvæmi hans fram í gæðinga- eða íþróttahluta mótsins. Stáli frá Kjarri á næstflest afkvæmi, fjórtán talsins. Þá er Arður frá Brautarholti einnig atkvæðamikill gæðingafaðir, en þrettán afkvæmi hans eru skráð til leiks. Loki frá Selfossi á einnig þrettán afkvæmi á mótinu en auk þess mun hann sjálfur spreyta sig í B flokki gæðinga.

Ellefu afkvæmi Óms frá Kvistum mæta í keppnisbrautina og tíu afkvæmi heiðursverðlaunastóðhestsins Álfs frá Selfossi. Trymbill frá Stóra-Ási á einnig tíu afkvæmi í hópi keppnishesta og mun sjálfur koma fram í gæðingaskeiði.

Sex mætir stóðhestar eiga átta afkvæmi í keppnishluta mótsins, þeir Arion frá Eystra-Fróðholti, Framherji frá Flagbjarnarholti, Gaumur frá Auðsholtshjáleigu, Hágangur frá Narfastöðum, Hrannar frá Flugumýri II og Hróður frá Refsstöðum. */ghp*

Spuni frá Vesturkoti og Þórarinn Ragnarsson.

Skýr faðir flestra á kynbótasýningum

Skýr frá Skálakoti, handhafi Sleipnisbikarsins árið 2020, er faðir flestra kynbótahrossa sem koma fram á Landsmóti hestamanna í ár.

Þar á hann fimmtán afkvæmi, eða um 8,8% þeirra hrossa sem koma fram í kynbótahluta mótsins. Hann á einnig sex afkvæmi í keppnishluta mótsins.

Næstflest afkvæmi, níu talsins, á annar þekktur Sleipnisverðlaunahafi, Spuni frá Vesturkoti.

Konsert frá Hofi á átta afkvæmi og auk þess eru þrjú hross undan honum skráð til leiks í keppnishlutann. Sjö afkvæmi Ölnis frá Akranesi koma fram í kynbótadómi auk þriggja í keppnishlutanum.

Hrannar frá Flugumýri II og Skaginn frá Skipaskaga eru feður sex kynbótahrossa hver á meðan Draupnir frá Stuðlum og Trymbill frá Stóra-Ási eiga fimm hver. Bæði Hrannar og Trymbill náðu lágmörkum til heiðursverðlauna fyrir afkvæmi við uppfærslu kynbótamatsins í júní og munu því taka á móti verðlaunum á mótinu. Hrannar á auk þess sex afkvæmi í keppnishlutanum og Trymbill tíu. */ghp*

Skýr frá Skálakoti, Landsmóti 2018. Knapi er Jakob Svavar Sigurðsson.

Annríki hjá atvinnuknöpum

Nokkur hundruð hross munu koma fram á Landsmóti í ár.

Rúmlega 170 kynbótahross mæta til dóms og yfir 600 skráningar eru í gæðinga- og íþróttakeppnishluta hátíðarinnar. Knaparnir eru ekki jafn margir og hrossin og því horfir í að allmargir af atvinnuknöpum landsins muni hafa í nógu að snúast alla vikuna. Hér eru nokkur dæmi:

Árni Björn Pálsson er skráður knapi á 29 kynbótahrossum á mótinu auk þess að vera skráður fimm sinnum í keppni. Teitur Árnason er með 11 kynbótahross á sinni könnu auk þess að vera skráður tíu sinnum til keppni, jafn oft og Viðar Ingólfsson sem er knapi á sex kynbótahrossum.

Eyrún Ýr Pálsdóttir er skráð átta sinnum til leiks í íþróttahlutanum og er auk þess með þrjú kynbótahross í sýningu. Helga Una Björnsdóttir er skráður knapi ellefu hrossa í kynbótasýningu og fjórum sinnum í keppni.

Þá er Jakob Svavar Sigurðsson skráður níu sinnum til keppni og knapi á átta kynbótahrossum. */ghp*

Eyrún Ýr Pálsdóttir og Teitur Árnason munu hafa í nógu að snúast.

KJARNAGLUGGAR

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR

Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is

Gaman á Landsmóti. Pálmi Guðmundsson, Marín frá Lækjarbrekku 2, Ída Marín Hlynsdóttir og Elín Ósk Óskarsdóttir.

Gæðingamæður á Landsmóti hestamanna:

Þrjú afkvæmi Þulu

Á Landsmóti á Vindheimamelum árið 2000 stóð efst í flokki 7 vetra og eldri hryssna, jörp hryssa, Þula frá Hólum.

Þula hlaut í aðaleinkunn 8,46 á mótinu. Á Landsmótinu á Hellu eru þrjú afkvæmi hennar skráð í keppni, þau Marín frá Lækjarbrekku 2, Þórmundur frá Lækjarbrekku 2 og Ögri frá Horni I.

Þula var fædd í Hólaskóla árið 2000 en hún var undan Kolfinni frá Kjarnholtum og Þráardótturinni, Þóru frá Hólum.

„Á sínum tíma voru auglýstar tvær hryssur til sölu frá skólanum, Þula var önnur af þeim. Skólinn gerði þetta oft og fékk ég ábendingu um hryssuna frá ágætum manni, Daníel Jónssyni. Ég bauð í hryssuna enda var ég hrifinn af Kolfinnsgenunum og Þráarkyninu," segir Pálmi Guðmundsson, annar eigenda Þulu, en í framhaldinu bauð hann Ómari Antonssyni, ræktanda á Horni I, að vera meðeigandi í hryssunni. Afkvæmi hennar eru því ýmist kennd við Lækjarbrekku 2 eða Horn I.

„Við höfum skipst á að halda hryssunni en Ómar fékk aðeins færri afkvæmi en ég, hann var óheppinn. Marín er algjört yfirburðahross, geðslagið er svo einstakt, yfirveguð en samt með þennan kraft og mýkt. Einnig á ég undan henni Nælu, Arionsdóttur og síðasta afkvæmi mitt undan henni er Þórmundur, sem er að keppa í A-flokki á Landsmóti."

Orrablóðið virkar vel með Þulu

Pálmi segir að Þula skili góðri vekurð og fótahæð en það staðfesta dómsorð hennar þegar hún hlaut heiðursverðlaun fyrir afkvæmi 2014.

„Ég er mjög stoltur af Þulu. Þessi hryssa var alveg ótrúlegt kynbótahross en það þurfti að velja rétt á hana. Við Ómar höfðum fengið veður að því að það vantaði viljann í hrossin undan henni sem skólinn hafði fengið. Við héldum henni því bara undir viljuga hesta. Orrablóðið var gott á móti henni."

Afkvæmi Þulu á Landsmótinu keppa í gæðingakeppni og kappreiðum. Ögri keppir í 250 metra skeiði en hann hefur verið afar farsæll í þeirri grein og kemur annar inn á stöðulista á mótið. Knapi á Ögra er Árni Björn Pálsson.

Þórmundur keppti í A-flokki gæðinga fyrir hestamannafélagið Hornfirðing en knapi á honum er Hlynur Guðmundsson. Hlynur og kærasta hans, Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir, hafa átt í góðu samstarfi við Pálma og þekkja afkvæmi Þulu vel. Bjarney sýndi m.a. Nælu fjögurra vetra á Landsmótinu á Hólum þar sem hún hlaut 9,0 fyrir skeið.

Það er Pálma mjög minnisstætt þegar Ída var mjög ung hvað hún var strax mikil dýrakona. Hún var fljót að læðast í burtu og fara innan um hrossin. Hér eru hún og Þula á góðri stundu. Mynd/Aðsend

„Þórmundur var ekki alveg heill í vetur þannig að þegar hann var sýndur í kynbótadóm í vor var hann kannski ekki alveg tilbúinn. Við enduðum á að fara með hann í A-flokk í gamni og stefnum síðan á að hann toppi í kynbótadómi á næsta ári á Fjórðungsmóti hér fyrir austan," segir hann en Þórmundur er einungis sex vetra og á því framtíðina fyrir sér.

Barnabörn í unglingaflokki

Marín frá Lækjarbrekku 2 er í unglingaflokki en knapi á henni er Ída Mekkín Hlynsdóttir, barnabarn Pálma. Marín hefur verið í folaldseign en Pálmi á nú orðið fjögur afkvæmi undan henni. Þegar hún hélt ekki í fyrrasumar ákvað hann að taka hann í þjálfun og leyfa síðan Ídu að spreyta sig á henni.

„Við vorum búin að vera að leita að hrossi fyrir Ídu og þær Marín smellpössuðu saman. Af hverju ekki að nota hrossin sem maður veit að eru góð? Það er líka miklu skemmtilegra að vera með sitt eigið. Ég hef ákveðið að fara með hana í fósturvísaflutninga í sumar og leyfa stelpunni að hafa hana næsta vetur og stefna á Fjórðungsmót."

Ída byrjaði að keppa fyrir tveimur árum en hefur alltaf haft mikinn áhuga á hestum. Hún bjó lengi í Danmörku og fór þar á reiðnámskeið og komst í tæri við íslenska hesta.

„Ída er ofboðsleg dýrakona. Alveg sama hvað, hún er alltaf utan í dýrum. Hún er með rosa mikið jafnvægi og er svolítill indjáni á baki. Nú er hún komin á sitt fyrsta alvöru hross og þá sér maður hana líka blómstra."

Ída er ekki eina barnabarn því þær eru tvær í unglingaflokknum, Ída og Elín Ósk Óskarsdóttir. Elín keppir á hryssunni Ísafold frá Kirkjubæ.

„Við vorum svo heppin að frétta af henni Ísafold í nóvember 2020. Geysilega viljug en samt alveg örugg hryssa. Mikið verk fyrir ungling að læra á. Hryssan kann allt svo stelpan þarf að kunna mikið.

Mikill skóli fyrir hana að þjálfa hana. Ég hef síðan ákveðið að önnur sparimerin mín, Sara frá Lækjarbrekku 2, en hún fór í 8,52 fyrir hæfileika fjögurra vetra sýnd af Friðriki Reynissyni. Hún var að kasta núna og ætla ég að taka snemma undan henni í vetur og leyfa Elínu að ríða á henni og stefna með í keppni á Fjórðungsmót."

Pálmi er greinilega allur af vilja gerður að aðstoða barnabörnin í hestamennsku sinni en stelpurnar hafa báðar verið duglegar að ríða út og þjálfa.

Fleiri gæðingamæður

Þula er ein af fjórum hryssum sem eiga flest afkvæmi á Landsmótinu en hinar eru þær Grjóska frá Dallandi, Prestfrú frá Húsatóftum og Snædís frá Selfossi.

Grjóska á eitt afkvæmi í flokki 5 vetra stóðhesta, Guttorm frá Dallandi, og tvö í keppnishlutanum; Gnúp frá Dallandi og Konfúsíus frá Dallandi.

Prestfrú á einnig tvö afkvæmi í keppnishlutanum, þær Silfru og Silfá, báðar frá Húsatóftum 2a og Silfurloga sem sýndur var í flokki 4 vetra stóðhesta.

Afkvæmi Snædísar eru tvö í keppni, Kári frá Korpu og Kóngur frá Korpu, og ein hryssa í flokki 7 vetra og eldri hryssna Kná frá Korpu. */HF*

Hrein íslensk fæðubót **frá Eylíf**

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira

Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum gæðahráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Athugið að ekki má taka D vítamín eða önnur fituleysanleg vítamín á sama tíma. Látið líða ca 2 klst á milli.

Hreint óerfðabreytt hráefni Íslensk framleiðsla
Heilsan er dýrmætust

Nýjasta varan frá Eylíf er Stronger LIVER sem inniheldur fjögur íslensk hráefni:

- *Kítósan* er unnið úr rækjuskel, sem eru náttúrulegar trefjar og hefur staðfesta virkni
- *Kalkþörungar* sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunni, margar rannsóknir staðfesta virkni þess.
- Íslenski kísillinn frá *GeoSilica* sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni þess.
- *Íslensk hvönn* sem eru vel þekkt fyrir sína góðu áhrif á meltinguna í gegnum tíðina
- Við styrkjum blönduna með öflugri blöndu af kólín, mjólkurþistli og C vítamíni.

Kólín stuðlar að viðhaldi eðlilegarar starfsemi lifrar og að eðlilegum fituefnaskiptum.

Hrafnhildur Jónsdóttir

Leið fljótt betur í öllum liðum með Active JOINTS frá Eylíf

Hrafnhildur Jónsdóttir hefur lengi verið þjökuð af gigt með tilheyrandi liðverkjum. Hún er mikill hestamaður auk þess sem hún starfaði lengi sem tamningamaður. Hrafnhildur prófaði **Active JOINTS** frá Eylíf og er gríðarlega ánægð með góð áhrif á liðleika og hreyfingu.

„Ég er búin að taka **Active JOINTS** frá Eylíf frá því það kom á markað. Ég er gigtarsjúklingur og hef prófað ýmis fæðubótarefni til að liðka liðina. Þegar mér var bent á að prófa **Active JOINTS** frá Eylíf lét ég slag standa og sé ekki eftir því. Ég fór mjög fljótt að finna mun á liðleika mínum auk þess sem mér til undrunar styrktust neglur og hárið varð meðfærilegra og þykkara. Þetta efni hefur því haft margvísleg góð áhrif á líðan mína. Ég er með spengdan hrygg og brjósklos í hálsi og var alltaf að leita eftir góðum lausnum fyrir mig þar sem ég vil geta hreyft mig. **Active JOINTS** frá Eylíf tekur smá tíma að byrja að virka almennilega en síðan fer maður að finna reglulega mikinn mun. Ég kannski fann það best þegar ég hætti að taka **Active JOINTS** á tímabili. Þá varð líðan mín bara öll miklu verri og ég stirðari," segir Hrafnhildur. „Ég fór þá að taka það aftur og sá að þetta gerði mér mjög gott," segir hún.

„**Active JOINTS** smyr liðina og í þessu eru efni sem mig vantaði," bætir hún við. Hrafnhildur segir að það skipti hana miklu máli að **Active JOINTS** sé íslensk vara. „Mér finnst gott að vita um uppruna vörunnar. Ég vel alltaf frekar íslenska vöru ef það er mögulegt.

Líður betur og er ánægður með Stronger LIVER frá Eylíf

Mér var bent á að prófa **Stronger LIVER** frá Eylíf og ákvað ég að slá til. Ég hef verið í eftirliti hjá lækninum mínum vegna heilsufarsins og fer reglulega í tékk og blóðprufur.

Eftir að hafa notað **Stronger LIVER** í nokkra mánuði þá kom í ljós að blóðprufan kom óvenjulega vel út, öll gildin fyrir lifrina voru mun betri en áður. Þetta kom mér skemmtilega á óvart og hef ég verið mjög ánægður með vöruna því að mér líður vel af því að nota hana.

Því get ég sagt með sanni að ég mæli með **Stronger LIVER** frá Eylíf og ætla að halda áfram að nota vöruna.

Ragnar Þór Alfreðsson - Trésmiður

EYLÍF

Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári.
Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (24. tölublöð) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi).
Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – **Sími smáauglýsinga: 563 0300** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Kjarnafyrirbæri

Hross og hestamennska eru áberandi í þessu tölublaði Bændablaðsins. Tilefnið er Landsmót hestamanna sem nú fer fram við Rangárbakka á Hellu.

Í rúm sjötíu ár hafa mætt til keppni og sýninga bestu hross hvers tíma á Landsmótum. Saga Landsmóta endurspeglar ræktun hins íslenska reiðhests sem hefur verið kynbættur með tilliti til opinberra ræktunarmarkmiða frá árinu 1951.

Ræktunarsaga íslenska reiðhestsins er vel skrásett. Upplýsingum um ættir og árangur hrossa, sem safnað hefur verið í Worldfeng, upprunaættbók íslenska hestsins, er til eftirbreytni. Í reynd er fáheyrt að nokkurt búfjárkyn búi að svo víðtæku gagnasafni. Þó brúkleg sé er brýnt að ættbókin fái viðhald og uppfærslu í takt við tækniframfarir.

Hestamennska hefur mótað mig. Í reynd er það að miklu leyti fyrir tilstuðlan hesta sem ég starfa hjá Bændablaðinu. Ferillinn að landbúnaðarblaðamennsku fór í gegnum fjölmiðlun á hestamennsku sem á sér upphaf við samtal í hesthúsinu. Skemmtilegt nokk.

Hesturinn hefur fylgt mér í minni mestu gleði og erfiðustu sorg. Sem orkumikið og þrálynt örverpi foreldra minna dró ég þau með mér í alls kyns vitleysu. Sú allra gjöfulasta var hestamennskan.

Eftir að leita mig allt of oft uppi inni í tilviljunarkenndum hesthúsum eða í misskrautlegum senum inni í hestagerðum í Víðidal ákváðu foreldrar mínir að finna áhuga mínum heilbrigðari farveg. Þau áttu æskuminningar í tengslum við hross svo þau löðuðust líka að hestamennsku. Keyptir voru reiðhestar og í mörg herrans ár vorum við þetta hefðbundna útreiðarfólk, sem meirihluti úr hinni 14.000 manna tölu yfir fjölda hestamanna ber uppi.

Við undum okkur vel við þessa fjölskylduiðju. Í reynd tel ég að þetta sameiginlega áhugamál okkar hafi komið í veg fyrir hið algenga rof sem oft verður milli barns og foreldra á unglingsárum. Í kringum hrossin vorum við alltaf samherjar með okkar samstarfsverkefni.

Á síðari árum, þegar Alzheimer-sjúkdómur var farinn að þjaka pabba, birtist mikilvægi hestamennskunnar í sinni allra bestu mynd.

Eins og flestum er kunnugt stelur þessi ömurlegi sjúkdómur minni fólks og rænir því verklegri getu. En í gegnum fjölmörg ár með sjúkdómnum hef ég séð, að hvað sem hann reynir, þá nær hrörnunin seint að tærasta kjarna fólks. Í tilfelli pabba er það ljúfmennskan, þrjóskan, skilyrðislaus ást hans til mömmu heitinnar og kærleikstenging við dýr.

Þar kemur hesturinn inn í söguna. Því þótt pabbi hafi verið farinn að tapa færni til að lifa daglegu lífi án aðstoðar, þá glataðist ekki reiðmaðurinn. Eingöngu þurfti að gera hest hans ferðbúinn; um leið og pabbi var kominn á bak spretti hann úr spori og gaf ekkert eftir, með breitt bros og fullur af sjálfstrausti.

Að vera kóngur um stund er nefnilega ekki eingöngu háfleyg orð eftir Einar Ben. Þetta er tær tilfinning þeirra sem þekkja það að tengjast hesti sínum og verða með honum eitt.

Þetta er einhvers konar kjarnafyrirbæri. Þetta er ástæða þess að þúsundir manna stunda hestamennsku, orsök þess að Íslendingar hafa verið samofnir honum í lífi og starfi frá landnámi.

Hesturinn er í reynd eitt mikilvægasta menningarverðmæti Íslands og ansi magnaður hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar.

/ghp

Gróska í landbúnaði

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is

Ágæti lesandi. Landsmót hestamanna fer fram nú fram á félagssvæði Geysis á Rangárbökkum á Hellu.

Á Landsmóti hestamanna eru margir glæsilegustu hestar landsins samankomnir, eða eins og sagði í grein Glóðafeykis frá árinu 1966: „... þar sem menn leiða saman hesta sína í bókstaflegum skilningi, keppa í fráleik þeirra, fegurð og snillikostum jafnframt því að blanda saman, skoða og dást að, eða lasta hesta hver annars.“

Landsmót hestamanna er stórviðburður, samkoma hestamanna, fjölskylduhátíð, þar sem menn þreyta keppni í öllum íþróttum hestamennskunnar. Mótið endurspeglar lífsstíl hestamanna og tengsl þeirra við besta ferðafélagann, hinn áreiðanlega förunaut þar sem traustum vini er sýnd sú virðing sem hann á skilið. Mikil eftirvænting hefur verið meðal hestamanna og áhugamanna um hestamennsku bæði innanlands sem utan að komast loksins á Landsmót til að fá að njóta samveru með hrossum og ekki síður að hitta mann og annan. Mikil gróska er í hestamennsku almennt og útflutningur aldrei verið meiri á íslenska hestinum. Íslensk hestaferðaþjónusta hefur einnig verið í mikilli uppsveiflu síðustu ár en samkvæmt samantekt frá ferðamáladeild Háskólans á Hólum er hestaferðamennskan ekki einvörðungu bundin við hestaleigur og -ferðir, heldur einnig aðra þjónustu sem tengist reiðmönnum, hestum, ímynd, afurðum og sögu hestsins.

Vefjaræktun á stofnútsæði kartaflna

Þetta sumar hefur kannski verið okkur mörgum hverjum hliðhollt í uppskeru og grasspretta verið með besta móti á stærstum hluta landsins. Nú er að bíða og sjá hvernig akuryrkjan þróast fram á haust, þá bæði í korni og útiræktuðu grænmeti. Þó deili ég þeim áhyggjum sem kartöflubændur hafa varðandi kartöflumyglu

á Suðurlandi ef veður þróast í þá átt að verða heitt og rakt fram eftir hausti. Enn og aftur, það er mörg búmannsraunin. Þess ber þó að geta að í desember sl. gerðu Matís og Bændasamtökin með sér samkomulag um vefjaræktun á stofnútsæði kartaflna og er vinna við verkefnið hafin hjá Matís. Umfjöllun um verkefnið birtist í síðasta tölublaði Bændablaðsins en tilgangur þess er að tryggja að íslenskir bændur eigi áfram aðgengi að heilbrigðu útsæði af íslensku yrkjunum fjórum og stuðla þar með að framleiðslu á stofnútsæði sem er laust við veirusjúkdóma.

Við megum þess vegna ekki missa þrótt og þurfum að horfa með jákvæðum augum inn í haustið því það er margt sem fellur með bændum á þessum vikum og mánuðum. Nauðsynlegt er þó að halda vöku sinni, ekki síst í þeim aðfangahækkunum sem eru þegar komnar fram og eiga eftir að koma fram.

Kornræktin

Okkur hjá Bændasamtökunum hefur verið tíðrætt um fæðuöryggi þjóðarinnar síðustu ár, en á Íslandi þarf að huga að því magni og fjölbreytni framboðs matvæla sem framleidd eru hérlendis til að tryggja þjóðaröryggi.

Öryggið hér á landi er hvað minnst þegar kemur að kornvörum, hvort sem er til manneldis eða fóðrunar búfjár. Fram hafa komið margar hugmyndir um hvað þurfi til að efla kornrækt á Íslandi og í því sambandi hefur verið nefnt að skapa þurfi efnahagslega möguleika á úrvinnsluiðnaði og kornsamlagi að norrænni fyrirmynd, jafnvel með beitingu skattalegra hvata. Í skýrslu spretthópsins var einnig lagt til að settur yrði stóraukinn kraftur í að efla innlenda kornrækt til manneldis, fóðrunar og fóðurgerðar og að ríkið myndi þar bjóða fram stuðning til fjárfestinga í nauðsynlegum innviðum, svo sem til svæðisbundinna söfnunar- og kornþurrkunarstöðva.

Nú hefur Landbúnaðarháskóla Íslands verið falið af ráðherra matvæla að vinna drög að aðgerðaráætlun til að efla kornrækt hérlendis og að fýsileiki innlends kornsamlags verði kannaður og þar með skilgreindar þarfir á lágmarksbirgðum kornvöru í landinu. Staðsetning væntanlegs samlags auk þurrkstöðva og korngeymslna er mikilvæg og því verður starfshópnum falið að leggja áherslu á að finna sem hentugasta staðsetningu. Þar spilar inn í nálægð við framleiðendur, markaði, nýting jarðvarma o.fl. þættir. Það verður því spennandi að sjá niðurstöður hópsins sem áætlað er að ljúki störfum í mars á næsta ári.

Bændafundir í ágúst

Stjórnarfólk og starfsfólk Bændasamtaka Íslands halda til fundar við bændur dagana 22.–26. ágúst nk. Alls eru skipulagðir 10 fundir víðs vegar um landið þar sem rætt verður um stöðuna í landbúnaðinum og farið vítt yfir sviðið.

Við hvetjum bændur og félagsmenn til þess að fjölmenna á fundina og nota tækifærið til að ræða þau mál sem þeim liggur á hjarta við stjórnarmenn og starfsfólk. Nánari upplýsingar um dagskrá fundanna munu birtast á heimasíðu samtakanna, á samfélagsmiðlum og í Bændablaðinu.

GAMLA MYNDIN - LANDBÚNAÐARSÝNINGIN Í LAUGARDAL 1968

Árið 1968 var haldin í Laugardalshöllinni og á útisvæði við hana landbúnaðarsýning. Sýninguna sóttu 94 þúsund manns og var hún langmest sótta sýning landsins til þess tíma. Sýnendur voru um 80 og á sýningunni mátti skoða allt það nýjasta í landbúnaðartækni á þeim tíma auk búfjár og blóma. Kjörorð sýningarinnar voru: Gróður er gulli betri.

Mynd / Búnaðarblaðið Freyr

LÍF & STARF

Íslandsmót í skógarhöggi fór fram á Skógardeginum mikla í Hallormsstaðaskógi. Hér er það Sigfús J. Oddsson sem beitir söginni.

Jón bóndi í Teigarseli með fullan bakka af grilluðu kjöti. Mynd / Sigrún Júnía

Nautgripabændur grilluðu og buðu gestum og gangandi að bragða á gæðakjöti.

Jóhann Gísli og Edda Björnsdóttir á Miðhúsum við súpupottinn.

Það er vinsælt á skógardögum að útbúa snúrubrauð, hér eru nokkrir af fulltrúum yngri kynslóðarinnar að baka þannig brauð yfir eldi.

Þór Þorfinnsson, skógarvörður á Austurlandi, segir tilgang Skógardagsins að kynna heimamönnum og gestum skógarmenningu, útivist í skógi og mikilvægi skógræktar sem framtíðaratvinnugreinar á svæðinu. Myndir / Anna Jakobs

Skógardagurinn mikli í Hallormsstaðaskógi:

Skógarnir einn af seglum landshlutans

Skógardagurinn mikli, hefur verið haldinn árlega í Hallormsstaðaskógi um Jónsmessuleytið allt frá árinu 2005, eða fimmtán sinnum alls.

Vegna kórónuveirunnar var ekki hægt að halda uppteknum hætti tvö undanfarin ár og því mikil ánægja að hægt var að blása til hans á ný nú í sumar.

Skógardagurinn er samstarfsverkefni skógræktenda á svæðinu, þ.e. Félags skógarbænda á Austurlandi og Skógræktarinnar. Einnig koma að deginum Félag sauðfjár- og kúabænda á Héraði og fjörðum. Skógardagurinn mikli er einn af aðalviðburðum sumarsins á Austurlandi, að sögn Þórs Þorfinnssonar, skógarvarðar á Austurlandi.

Nær tvö þúsund manns hafa sótt dagskrá Skógardagsins ár hvert og segir Þór að svo hafi einnig verið nú en þessi góða aðsókn geri daginn að stærsta einstaka viðburði í Múlaþingi á hverju sumri.

„Tilgangurinn með deginum er að kynna fyrir heimamönnum og gestum skógarmenningu, útivist í skógi og skógrækt og mikilvægi hennar sem framtíðaratvinnugrein á svæðinu. Austurland er þekkt fyrir sína víðfeðmu skóga, þeir eru einn af seglum landshlutans sem brýnt er að halda á lofti,“ segir Þór. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá á Skógardeginum. Má þar nefna Íslandsmeistaramót í skógarhöggi, þar sem Bjarki Sigurðsson fór með sigur af hólmi, Sigfús Jörgen Oddsson varð í öðru sæti og í því þriðja var Jón Þór Þorvarðarson

Kúabændur buðu upp á heilgrillað naut og sauðfjárbændur upp á grillað lambakjöt. Listamenn af ýmsum toga komu fram, m.a. Magni Ásgeirsson, og þá voru þrautir í boði fyrir yngstu kynslóðina. Ketilkaffið var á sínum stað sem og lummurnar en gestir gerðu veitingum góð skil. */MÞÞ*

MÆLT AF MUNNI FRAM 301

Mikil vinátta var með þeim Jakobi Ó. Péturssyni, ritstjóra Íslendings á Akureyri, og **Tryggva Haraldssyni**.

Báðir voru prýðilega stökufærir og áttust við á þeim vettvangi. Tryggvi færði vini sínum Jakobi tímaritið Súlur ásamt meðliggjandi vísu:

Okkur ljóðin yrkja ber,
öll má þjóðin vita.
Andans fóður færi þér,
fjandi góðan bita.

Og næstu tvær vísur orti Tryggvi einnig og færði ritstjóranum til birtingar:

Aldrei verður eðli breytt
eða tímans straumi.
Yrki ég helst um ekki neitt
oft í vökudraumi.

Aftansól við eld og skraut
eilíft muntu skína.
Merlað gull um mararskaut
markar göngu þína.

Jón Magnússon, kenndur við Minna-Holt, orti er hann horfði yfir Siglufjörð ofan úr Siglufjarðarskarði:

Nú er súld á Siglufirði,
svona drúldulegur oft,
þar að kúldrast þung er byrði,
þar er úldið grútarloft.

Um pianóleikarann Þórunni Jóhannsdóttur orti **Leifur Auðunsson**:

Í bernsku hélstu heimanað,
hljómsins fræði sóttir.
Sómi Íslands, þú ert það
Þórunn Jóhannsdóttir.

Stefán frá Móskógum orti til ungmeyjar ónefndrar:

Blíðuatlot þrái ég þín,
þau eru lífsins yndi.
Um þig snýst ég, elskan mín
eins og rella í vindi.

Friðjón Ólafsson orti oddhent til viðvaninga við slátt:

Eru að slá með orfi og ljá,
enginn sá þeim bíta.
Reyta stráin rótum frá,
raun er á að líta.

Ragnari Skjóldal bílstjóra fimmtugum, sendi **Örlygur Axelsson** þessa hlýlegu kveðju fyrir hönd samstarfsmanna:

Ellin hefir hönd á þér,
hreysti og æskufjörið dvín.
Sunnan heiðar sendum vér
samúð vora heim til þín.

Að morgni hvítasunnu 1964 orti **Pétur Jónsson** á Hallgilsstöðum:

Glymur hátt í gljúfrasal,
glampar bára á sjánum.
Fagurt er um fjöll og dal,
fuglar syngja í trjánum.

Sr. Sigurður Norðland orti svo harðneskjulega til Miðfjarðar í V-Húnavatnssýslu:

Það má kalla undur, að
ýmsir flytji héðan,
inn í Miðfjörð eftir það
að þeir hafa séð'hann.

Margir í prestastétt hafa átt létt með yrkingar, og ekki endilega stöðugt með bænarefni á vörum.

Sr. Guðmundur Torfason orti svo um ónefndan:

Von er ekki verri gesta,
veit ég það og skil.
Satan hefur sent þann versta
sem hann átti til.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

FRÉTTIR



Tíðindin í maí þóttu mjög slæm, enda var þá búist við að um helmingur afkvæma Galla bæru áhættuarfgerð fyrir riðusmiti.

Galli reyndist ekki gallagripur

- Mannleg mistök á tilraunastofu

Greint var frá því hér í blaðinu í lok maí síðastliðnum að hrúturinn Galli (20-875) frá Hesti væri meintur gallagripur, þar sem talið var að hann væri með áhættuarfgerð fyrir riðusmiti.

Nú hefur hins vegar komið á daginn, að vegna þess að ruglingur varð á sýnum er raunin sú að Galli er ekki með þessa áhættuarfgerð, heldur hlutlausa arfgerð.

Þetta kemur fram í aðsendri grein Eyþórs Einarssonar, sauðfjárræktarráðunautar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, á blaðsíðu 46.

Galli kom nýr inn á sæðingastöð í desember og var einmitt upphaflega tekinn inn á sæðingastöð á þeim forsendum að hann hefði hlutlausa arfgerð.

Því var um falsfrétt að ræða í maí, en Eyþór segir að þetta hafi komið fram þegar nokkrir sæðingahrútar voru endurgreindir til að fá ýtarlegri niðurstöður um arfgerðir þeirra.

Tíðindin í maí þóttu mjög slæm, enda var þá búist við að um helmingur þeirra afkvæma sem myndu fæðast undan Galla bæru áhættuarfgerðina.

Eyþór harmar að rangar upplýsingar hafi verið settar fram en um mannleg mistök hafi átt sér stað á tilraunastofu og eru hlutaðeigendur beðnir velvirðingar.

Ánægjulegt sé að Galli geti haldið áfram veru sinni á sæðingastöð þar sem ýmsar ábendingar hafi heyrst af fallegum lömbum undan honum í vor. */smh*

Á jarðræktarstyrki og landgreiðslur á árinu verður greitt 65 prósenta álag, vegna versnandi rekstrarskilyrða frumframleiðenda í matvælaframleiðslu.

Jarðræktarstyrkir:

Greitt verður 65% álag

Opnað hefur verið fyrir rafrænar umsóknir fyrir jarðræktarstyrki og landgreiðslur vegna yfirstandandi ræktunarárs.

Að þessu sinni geta bændur sótt um sérstakar álagsgreiðslur, í samræmi við ákvörðun matvælaráðherra um aðgerðir til bjargar íslenskri frumframleiðslu matvæla vegna versnandi rekstrarskilyrða af ytri orsökum. Á jarð- ræktarstyrki og landgreiðslur á árinu verður greitt 65 prósenta álag.

Umsóknarfrestur er til mánudagsins 3. október og skal umsóknum skilað í gegnum Afurð (afurd.is). Samkvæmt tilkynningu úr matvælaráðuneytinu er mikilvægt að umsóknir berist tímanlega svo hægt sé að greiða út álagsgreiðslur í byrjun október á þessu ári.

Ræktun til manneldis og fóðuröflunar

Styrkhæf jarðrækt er til að mynda ræktun á grasi, korntegundum til dýrafóðurs og manneldis, ræktun olíujurta og ræktun grænfóðurs til beitar og uppskeru á því ári sem uppskorið er.

„Beit búpenings telst vera uppskera og nýting kornhálms og annarra jurta til uppræktunar jarðvegs í útiræktun grænmetis telst styrkhæf. Ræktun vetraryrkja sem sáð er um mitt sumar og endurræktun túna er tekin út á ræktunarári. Ekki telst styrkhæf ræktun ef kornrækt er eingöngu ætluð til að draga að gæsir til skotveiði, nema ef kornhálmur er sannarlega hirtur eða plægður niður. Önnur ræktun sem ekki er nytjuð til búskapar, þar með talin sáning í golfvelli, tjaldstæði o.s.frv. er ekki styrkhæf,“ segir í tilkynningunni.

Landgreiðslur á ræktað land sem er uppskorið

Landgreiðslur eiga við um ræktað land sem uppskorið er til fóðuröflunar og framleiðanda er heimilt að nýta. Framlög eru ekki greidd út á land sem eingöngu er nýtt til beitar. Þegar uppskorinn er hluti lands, sem sækja á um styrk út á, skal skrá sérstaklega þann fjölda hektara sem er uppskorinn.

Fram kemur í tilkynningunni að þar sem úttekt umsókna verður ekki lokið fyrr en 15. nóvember 2022 verði álagsgreiðslur greiddar með fyrirvara um að standast úttekt. Tekið verður á misræmi milli umsókna og úttekta sem kann að koma upp við greiðslu á árlegum jarðræktarstyrkjum og landgreiðslum í byrjun desember 2022. */smh*

Fulleldisstöð Landeldis hf., sem nú er í smíðum vestan við Þorlákshöfn, en þar hyggst fyrirtækið ala 33.500 tonn af laxi á ári þegar fullri framleiðslu er náð. Mynd/ Landeldi hf.

Ætla að vinna áburð úr fiskimykju:

Landeldi í örum vexti

– Samstarf milli nýstofnaðra Landeldissamtaka Íslands og Bændasamtakanna

Nýlega stofnuðu þau fimm fyrirtæki sem stunda þauleldi fisks á landi samtökin Eldís, Landeldissamtök Íslands.

Við stofnun samtakanna var jafnframt undirrituð viljayfirlýsing milli þeirra og Bændasamtaka Íslands þess efnis að sameiginlega muni þau vinna að framgangi á fullvinnslu lífræns úrgangs til áburðarframleiðslu.

Rúnar Þór Þórarinsson, stjórnandi sjálfbærni og nýsköpunar hjá Landeldi hf., er stjórnarformaður hinna nýstofnuðu samtaka, Eldís, en auk Landeldis ehf. eiga Samherji, Geo Salmo, Matorka og ILFS í Vestmannaeyjum aðild að samtökunum.

Áform um framleiðslu á 131.500 tonnum af landöldum laxi

Rúnar segir umfang landeldis hér á landi vera í örum vexti.

„Samherji rekur eldisstöð í Öxarfirði þar sem áherslan er á áframeldi á laxi og bleikju, en þar að auki rekur Samherji bleikjueldi á landi í Grindavík og við Vatnsleysuströnd. Fyrirtækið áformar enn fremur að stórauka framleiðsluna á laxi með uppbyggingu sinni á Reykjanesi, svonefndum Auðlindagarði. Áformar Samherji að auka þannig framleiðslu sína á landöldum laxi upp í 45.000 tonn á ári.

Landeldi hf. hóf á árinu 2020 framkvæmdir á lóð sinni vestan við Þorlákshöfn, þar sem félagið hyggst ala lax á landi. Landeldi náði nýverið þeim áfanga að setja fyrstu laxaseiði í fulleldisker á staðnum, og þar eru nú um 370.000 laxar allt upp í 1400 grömm að þyngd. Að auki er Landeldi með 1,4 milljón seiða í seiðastöð sinni í Öxnalæk við Hveragerði. Landeldi hyggst ala 33.500 tonn af laxi á ári þegar fullri framleiðslu er náð í landeldisstöð sinni við Laxabraut í Þorlákshöfn.

Við hlið þeirrar stöðvar mun rísa landeldisstöð Geo Salmo, þar sem áform eru uppi um að ala 24.000 tonn af laxi á ársgrundvelli. Enn fremur eru Icelandic Land Farmed Salmon með landeldisstöð í Vestmannaeyjum í smíðum og hyggjast þar ala 9.000 tonn af laxi á ári. Jafnframt má nefna Fiskeldi Ölfuss, sem eru í leyfisferli en hafa tryggt sér landsvæði við Þorlákshöfn og stefna á 20.000 tonna ársframleiðslu af laxi.

Saman tekið eru því 131.500 tonn af landöldum laxi á ársgrundvelli

Laxar í landeldiskeri. Mynd / Landeldi hf.

Rúnar Þór Þórarinsson.

við sjóndeildarhringinn hjá þessum fimm landeldisfélögum. Langmest eru uppbyggingaráformin hvað landeldi varðar á Suðurlandi og Reykjanesi,“ segir Rúnar og bætir við að til samanburðar hafi heildarmagn þess lax sem slátrað var úr sjókvíum við Ísland árið 2021 verið alls 44.500 tonn. Nam útflutningsverðmæti þessa rúmum 20 milljörðum króna á síðasta ári.

„Meðal þeirra landeldisfélaga sem rækta annað en lax er Matorka, einn stofnaðila Eldís, ræktaraðili regnbogasilungs við Grindavík sem hyggjur á stækkun og eflingu eldisins. Klausturbleikja er einnig gróið fyrirtæki sem hefur verið lengi að og svo eru smærri en afar spennandi vaxtarbroddar í dýrmætu landeldi eins og Sæbýli sem elur sæeyru og Hið íslenska styrjufélag,“ segir Rúnar.

Tillögum spretthóps fundinn farvegur

Með viljayfirlýsingu og samstarfi Eldís og BÍ er stefnt að því að fá hagaðila að verkefninu, greina fýsileika þess að fullvinna lífrænan úrgang til áburðarframleiðslu, sækja um styrki og þróa umgjörð og tæknilausnir.

„Lífrænn úrgangur og hliðarafurðir eru orðnar enn mikilvægari auðlindir en áður til áburðarnotkunar í ljósi mikilla hækkana á innfluttum, tilbúnum áburði. Hlutverk BÍ og Eldís næstu mánuði verður að vinna að sameiginlegri umsókn í samkeppnissjóði á sviði loftslags- og umhverfismála á grundvelli þeirrar hugmyndafræði að með innlendri endurnýtingu á lífrænum efnum sem falla til við landbúnað og landeldi sé hægt að framleiða áburð sem mætir þörfum innanlandsmarkaðar og þannig stuðla að aukinni sjálfbærni í íslenskum landbúnaði,“ segir í sameiginlegri tilkynningu félaganna. Með samstarfsverkefninu sé hafin ein af þeim framtíðaraðgerðum sem lögð var til í spretthópi matvælaráðherra.

Unnið að heimtingu fiskimykju

Seiðeldisstöð Landeldis hf. að Öxnalæk hefur verið endurnýjuð með endurheimt fiskimykju í huga.

„Heimtur hráefnisins hefjast þar, í réttu flæðimagni úr tankinum í réttar tromlur. Þetta er þekkt og eðlileg leið og mikilvægt að gera hana rétt, en Landeldi hefur hannað fjölda aukaaðferða til að auka söfnunina frá kari til tromlu. Landeldi hefur tekið næstu skref og skrifað undir samning við norska fyrirtækið Blue Ocean Technology um að smíða og byggja fyrsta hluta áframvinnslustöðvar sem forvinnur hráefnið enn frekar áður en það fer í áburðarvinnsluna,“ segir Rúnar, en fræðslugrein hans um landeldi má lesa í blaðinu. */ghp*

VÉLFANG – VERKIN TALA

Framúrskarandi fyrirtæki

Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaka, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

FENDT

Fer fremstur

CLAAS

Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi

KUHN

Leiðandi afl í 190 ár

Kverneland

Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavini

Schäffer

Styrkur - afköst- skilvirkni

JCB

Nýsköpun - metnaður - framsækni

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

FRÉTTIR

Fjárvís tekur á móti upplýsingum úr arfgerðagreiningum RML

Hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) er nú unnið að því að taka inn upplýsingar í skýrsluhaldskerfið Fjárvís úr stóra átaksverkefninu í arfgerðagreiningum sauðfjár. Unnið hefur verið að því síðustu mánuði að gera Fjárvís í stakk búið að taka á móti þessum upplýsingum og í lok júní voru fyrstu gögnin komin þar inn.

Að sögn Gunnfríðar Elínar Hreiðarsdóttur, verkefnastjóra hjá RML, sem, ásamt Eyjólfi Ingva Bjarnasyni, stýrir aðlögunarferli Fjárvís, verður á næstu vikum unnið að því að koma öllum tækum upplýsingum inn í kerfið og svo verða niðurstöður aðgengilegar bændum jafnóðum og þær berast. Þar munu bændur hafa yfirlit um smitnæmi allra gripa gagnvart riðu, sem greindir hafa verið, og hægt að nýta þær inn í ræktunarstarfið.



Hver litur af flaggi táknar þá ákveðið stig af næmi fyrir riðusmiti, hvað það þýðir og hvernig skynsamlegt er að vinna með viðkomandi einstaklinga í ræktunarstarfinu.

Þegar arfgerðagreiningar hafa verið lesnar inn er hægt að nálgast niðurstöðurnar annars vegar í gripalista þar sem viðeigandi flögg birtast þá fyrir framan númer og nafn grips og hægt er að velja inn dálka sem sýna nánari upplýsingar um samsetta arfgerð og arfgerðir í hverju sæti fyrir sig. Einnig er kominn inn nýr flipi, „Arfgerðargreiningar (DNA), þar sem upplýsingar um greiningu sjást. Einnig hefur verið útbúin sýnaleit fyrir bændur sem er aðgengileg efst á forsíðunni. Þar er hægt að nálgast niðurstöður fyrir alla greinda gripi á búinu án þess að gripir sem ekki hafa greiningu séu að trufla," segir Gunnfríður. */smh*

Mikilvægt að auðvelt sé að lesa úr upplýsingunum

„Það er mikilvægt að upplýsingar um arfgerðir einstakra gripa séu settar fram á þann hátt að auðvelt sé að lesa úr þeim og í framhaldi vinna með þær í ræktunarstarfinu. Allar niðurstöður um arfgerðir í einstökum sætum verða auðvitað aðgengilegar í upplýsingum um hvern grip en hvað varðar framsetningu og leiðbeiningar um hvernig rétt er að vinna með einstakar arfgerðir hefur sú leið verið farin að auðkenna gripi með mismunandi litum flöggum eftir því hvaða arfgerð þeir greinast með.

21-937	2021	15-867 Lómi	19-812
21-421 Snabbi	2021	15-867 Lómi	20-866
21-427 Gullmoli	2021	19-849 Kostur	16-569
21-939	2021	15-867 Lómi	19-821
21-988	2021	20-412 Skuggi	15-514
21-422 Hemúll	2021	16-841 Sammi	19-825
21-419 Snáði	2021	15-822 Búi	19-822

Litamerkingar gripa með hliðsjón af arfgerðum eftir næmi fyrir riðusmiti, eins og þær birtast í gripalista í Fjárvís. Mynd / Skjáskot úr Fjárvís

Gamli og nýi tíminn mætast. Hérna má sjá langfeðgana Jón Ingileifsson og Jón Ingileifsson frá Svínavatni. Upphaf vélaútgerðar á Svínavatni má rekja til Ferguson eins og á myndinni, en nýjasta viðbótin í vélaflotann er stærsta jarðýta landsins, Liebherr PR776. Mynd /Sigurbjörg Ingvarsson

70 ára þróun vélaútgerða

– Stærstu jarðýtu landsins má finna í Þórustaðanámu

Jón Ingileifsson hóf sinn verktakaferil á Ferguson dráttarvél sem kom að Svínavatni fyrir 70 árum þegar hann var í kringum 15 ára aldur.

Að sögn Ingileifs, sonar Jóns, var sú vél fyrsta vélknúna tækið sem kom að bænum, en fram að því var allt unnið með handafli. Fljótlega eftir að vélin kom byrjaði Jón að nýta hana í hin og þessi verkefni í sveitinni. Fyrst var keyptur á hana tætari og síðar ámoksturstæki.

Tilkoma þessarar vélar var upphafið að því að Jón kæmi að vélaútgerð og námugreftri, en hann mokaði með henni steypumöl á vörubíla. Hann hefur starfað við vélavinnu alla sína tíð og fór Ingileifur sonur hans að vinna hjá honum þegar hann hafði aldur til og fór svo í vélaútgerð sjálfur. Núna 70 árum síðar er sonarsonur Jóns og nafni kominn í vélabransann með pabba sínum og afa.

Fyrir skemmstu fjárfesti fyrirtæki Ingileifs í stærstu jarðýtu landsins sem hefur verið tekin í notkun í Þórustaðanámu í Ingólfsfjalli. Af því tilefni var meðfylgjandi mynd tekin sem sýnir hvernig þróunin í vélaútgerðinni hefur verið á ekki skemmri tíma.

Umrædd vél er af gerðinni Liebherr PR776 og er keypt í gegnum Rúkó vinnuvélar. Samkvæmt Kristófer S. Snæbjörnssyni, sölustjóra hjá Rúkó, er vélin 75 tonn, 786 hestöfl og ýtir tönnin 22 rúmmetrum.

Kristófer vildi ekki að það kæmi fram nákvæmt verð á vélinni, en það er hægt að kaupa einbýlishús í úthverfi fyrir svipaða upphæð. */ÁL*

Mælingar á varnarefnaleifum í matvælum:

Fimm sýni innihéldu skordýraeitur og sveppalyf yfir leyfilegum hámarksgildum

Fimm sýni úr plöntuafurðum reyndust innihalda varnarefnaleifar yfir leyfilegum hámarksgildum, samkvæmt nýútgefinni ársskýrslu Matvælastofnunar fyrir síðasta ár.

Þrjú sýni innihéldu skordýraeitur yfir hámarki og sveppalyf var í of miklum mæli í tveimur sýnum, öll úr innfluttum vörum. Fyrir árið 2020 innihéldu sjö sýni of mikið af varnarefnaleifum – og sömuleiðis öll úr innfluttum vörum.

Katrín Guðjónsdóttir, fagsviðsstjóri neytendaverndar og fiskeldis hjá Matvælastofnun, segir að sýnatökur vegna varnarefnaleifa í matvælum úr plönturíkinu – þar með talið skordýraeitur, sveppalyf og illgresiseyðir – séu framkvæmdar árlega. Sýni séu tekin samkvæmt kröfum í reglugerðum úr bæði innfluttum og innlendum vörum. Í fyrra voru tekin 133 sýni af matvælum úr jurtaríkinu til greininga á varnarefnaleifum.

Skordýraeitrið sem greindist yfir mörkum fannst í eggaldini frá Spáni og greipaldini frá Tyrklandi, en sveppalyf í melónu frá Hondúras og dilli frá Marokkó.

Í skýringum Matvælastofnunar við niðurstöðurnar segir að ástæður varnarefnaleifa yfir hámarksgildum geti verið mismunandi. Þegar um innfluttar afurðir er að ræða sé ástæðan oft sú að stífari reglur eru um notkun varnarefna innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) en í landinu þar sem matvælin eru framleidd. Fyrir sum efni eru hærri leyfileg hámarksgildi í upprunalandinu og í sumum tilfellum er um að ræða efni sem er bannað að nota við ræktun á EES-svæðinu en ekki í upprunalandinu.

Sýni úr eggaldini, greipaldini, melónu og dilli reyndust vera með of hátt innihald skordýraeiturs og sveppalyfs.

Skimað fyrir 206 efnum

„Hvað varðar varnarefnaleifar í plöntuafurðum þá er skimað fyrir 206 efnum í sýnum sem greind eru hjá Matís. Efnum sem skimað er fyrir hefur verið að fjölga gegnum árin. Í byrjun árs 2014 var skimað fyrir 61 efni, 188 efnum í lok 2017 og 206 síðustu ár. Það er á áætlun að fjölga efnum enn frekar, í áföngum, næstu ár," segir Katrín.

Gerð sýnatökuáætlunar á landsvísu er í höndum Matvælastofnunar en Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sér um sýnatökur og fylgir eftir niðurstöðum utan marka.

Katrín segir einungis tvö innlend sýni hafi verið tekin í fyrra, en í sýnatökuáætlun Matvælastofnunar hafi verið gert ráð fyrir 20 innlendum sýnum. Sá fjöldi er talinn nægur miðað við fjölda innlendra framleiðenda og þá staðreynd að lítið sé notað af varnarefnum við ræktun hérlendis og oftast ekkert í ylrækt. Þetta séu kostnaðarsamar mælingar, hvert sýni kosti yfir 100 þúsund krónur og greiðist úr vasa viðkomandi bænda, framleiðanda og innflytjanda.

Hún segist ekki geta skýrt hvers vegna heilbrigðiseftirlitssvæðin – sem eru alls níu – tóku ekki öll sýnin sem áætlunin gerði ráð fyrir.

Vörum fargað eða þær innkallaðar

Þegar efni greinast yfir hámarksgildi er málum fylgt eftir með stöðvun dreifingar ef varan er enn til og er framleiðanda eða innflutningsaðila gefinn kostur á að staðfesta niðurstöðu með nýju sýni. Þeim birgðum sem til eru er fargað ef niðurstaðan er staðfest. Ef varan er hugsanlega til á heimili neytenda og talin geta valdið þeim skaða, þá er hún innkölluð frá neytendum.

Þegar um innflutta vöru er að ræða er fylgst með næstu sendingum frá sama aðila. Dreifingarbann er á þeim sendingum þar til niðurstöður berast. Sendingum er fargað ef niðurstöður sýna leifar yfir hámarksgildi. */smh*

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Eitt mesta úrval landsins af legsteinum
Uppsetning á Norðurlandi og höfuðborgarsvæðinu
Frí sending um allt land
Allar upplýsingar á heimasíðu okkar

VIÐHALDSFRÍIR GARÐBEKKIR ÚR GRANÍT

Hægt að grafa skrift í bak og sessu
130 cm breiðir
ca 140 kg
3 litir

MIKIÐ ÚRVAL AF SALTLÖMPUM

Fást einnig í:
Betra Líf - Kringlunni
Skipavík - Stykkishólmi
Klassík - Egilsstöðum
Martölvan - Höfn

s: 466 2800 / 899 9370
sala@minnismerki.is
steinsmidjaakureyrar.is

FRÉTTIR

Jarðarberjaframleiðendurnir í Sólbyrgi komnir á upphafsreit:

Mest gefandi að rækta fyrir fólkið sem við erum í beinum samskiptum við

– Gagnrýna dreifiveitu rafmagns fyrir ósanngjörn kjör

Margt ferðafólk sem lagt hefur leið sína um Borgarfjörð á sumarferðalögum kannast við sölubásinn við Sólbyrgi á Kleppjárnsreykjum – þar sem hægt hefur verið að ná sér meðal annars í nýtínd jarðarber, kryddjurtir og salat.

Síðasta sumar færðist aftur líf í hann, eftir að garðyrkjubændurnir hættu nær alveg ræktun um tveggja ára skeið – og fyrir skemmstu komu fyrstu berin í básinn á þessu sumri.

Á árunum frá 2019 til 2020 stóð básinn því að mestu auður, þegar garðyrkjubændurnir Einar Pálsson og Kristjana Jónsdóttir lögðu niður alla jarðarberjaframleiðslu. Þau fóru hins vegar aftur af stað á síðasta ári og framleiða nú nokkur tonn á ári – aðallega fyrir ferðafólkið sem á leið um þorpið, að þeirra sögn.

Sölubásinn við Sólbyrgi var fullur af góðgæti þegar ljósmyndara bar að garði. Myndir / smh

Óhagstæð rekstrarskilyrði og tjón

Árin 2015 til 2018 voru þau stórhuga og hófu að framleiða jarðarber allt árið með öflugri heilsárs raflýsingu enda seldist öll innlend framleiðsla auðveldlega, en lentu þá í tjóni á stöðinni í stórviðri auk þess sem ytri rekstraraðstæður voru þeim óhagstæðar. Einkum nefna þau ósanngjörn kjör sem RARIK býður upp á við dreifingu á rafmagni til þeirra.

Fyrstu berin í Sólbyrgi þetta sumarið koma fremur seint, þar sem engin raflýsing er nú í húsunum.

Einar Pálsson og Kristjana Jónsdóttir í Sólbyrgi á Kleppjárnsreykjum hafa gert ræktunina að aukabúgrein.

Þau segja nú að jarðarberjaræktunin sé orðin algjör aukabúgrein, enda sé vélaverkstæði rekið á Sólbyrgi og þau annist einnig skólaakstur. Segja megi að þau séu komin aftur á þann upphafsreit frá 2013 þegar þau hófu ræktun, það umfang sem þau hafi í raun alltaf kunnað best við. „Núna höfum við þetta þannig að við tvö ráðum við þetta," segir Einar.

Heilmikil tækifæri í berjaræktun á Íslandi

„Það eru heilmikil tækifæri í berjaræktun á Íslandi og markaðurinn kallar eftir innlendri framleiðslu. En við hættum að vera með raflýsingu meðal annars vegna þess að okkur líkaði ekki ósveigjanleikinn hjá RARIK," segir Einar. Kristjana bætir við að þeim hafi verið boðið upp á þau kjör að þurfa að borga fyrir lágmarks dreifingarkostnað rafmagns allt árið, þótt þau hefðu jafnvel ekki hug á að notfæra sér þjónustuna nema hluta af árinu.

„Á tímabili upp úr árinu 2017 varð svo líka nokkuð hörð samkeppni á þessum markaði, eftir að Costco kom inn á hann, sem þrengdi talsvert að innlendu framleiðslunni," segir Kristjana. „Við ætlum því bara að einbeita okkur að því að sinna ferðafólkinu og nærsamfélaginu. Dóttir okkar og tengdasonur hafa til dæmis keypt Hönnubúð í Reykholtsdal og við verðum með okkar vörur þar til sölu," bætir hún við – en þau eru með nokkra heimavinnslu úr þeim afurðum sem eru framleiddar í Sólbyrgi, meðal annars jarðarberjasultu og -sýróp.

Hún segir að þau séu í raun komin í hring í sinni ræktun og hugmyndafræðinni í kringum hana. „Við hugum nú fyrst og fremst að því að rækta fyrir fólkið sem við eigum í beinum samskiptum við – og það er miklu meira gefandi heldur en að vera að standa í einhverri verksmiðjuframleiðslu, með tilheyrandi stanslausu streði. Við verðum að gera það sem við höfum gaman af að gera." */smh*

Umfangsmikil jarðgerðartilraun á Hvanneyri:

Gerjun til niðurbrots á lífrænu efni virðist gagnleg og skilvirk leið

Nýlega voru birtar niðurstöður úr umfangsmikilli jarðgerðartilraun á Hvanneyri, þar sem prófuð var ný aðferð við niðurbrot á lífrænum úrgangi með loftfirrðri gerjun (bokashi). Í niðurstöðum verkefnisins, sem birtar eru á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML), kemur fram að aðferðin virðist vera gagnleg og skilvirk leið til að meðhöndla lífrænt hráefni sem fellur til á Íslandi.

Aðferðin geti verið heppileg og hagkvæm til að nýta næringarefnin og orkuna í honum til jarðvegsbóta eða annarra nytja. Þar segir enn fremur að sökum þess hve ódýr þessi vinnsla er þarf ekki að ráðast í neinar stórframkvæmdir né sé þörf á flóknum tækjabúnaði til vinnslunnar. Bokashi-aðferðin gæti hentað íslenskum aðstæðum mjög vel enda fari ferlið fram undir plasti þannig að efnið er varið fyrir veðri og vindum og megi geyma þar til það á að notast.

Lífrænn haugur á Hvanneyri

Um samstarfsverkefni er að ræða á milli RML, Landbúnaðarháskóla Íslands og Hvanneyrarbúsins. Um meðhöndlun á úrgangi frá kúabúinu og byggðakjarnanum á Hvanneyri var að ræða. „Útbúinn var haugur úr kúamykju og heyfyrningum, ásamt nýslegnu grasi af grasflötum. Í hauginn voru sett ýmis íblöndunarefni, s.s. bentonít leir til að varðveita næringarefni, skeljasandur til að halda sýrustigi innan æskilegra marka og sérstök örverublanda sem var úðað yfir úrgangsmassann við uppsetningu haugsins. Síðan var haugurinn þjappaður til að koma sem mestu lofti úr honum og plast strengt yfir til að loka fyrir súrefni. Síðan var sterkur dúkur settur yfir til að verja plastið og efnið í haugnum fyrir mögulegum skaða af völdum veðra og dýra. Prófun var gerð á innihaldi næringarefna í haugnum að gerjunarferlinu loknu," segir í lýsingu á framkvæmdinni.

Margvíslegt hagræði af aðferðinni

Tilgangur verkefnisins var að kanna virkni aðferðarinnar við íslenskar aðstæður og afla reynslu sem myndi nýtast við vinnslu og nýtingu lífrænna úrgangsefna. Einnig að kanna nýtingarmöguleika gerjaðs lífræns úrgangsmassa til áburðar og jarðvegsbóta og sem hráefni til áframhaldandi vinnslu.

Höfundur skýrslunnar er Cornelis Aart Meijles, ráðunautur RML á rekstrar- og umhverfissviði. */smh*

Íslenskar ullaryfirdýnur í mörgum stærðum

Lopidraumur.is

Frí heimsending innanlands

FRÉTTIR

Íslensk rafmynt verður sett í umferð fyrir milliliðalaus viðskipti með landbúnaðarafurðir:

Hugmyndin að nýta bálkakeðjutæknina til hagsældar fyrir bændur og neytendur

Hugbúnaðarfyrirtækið Rusticity vinnur nú að verkefni sem felst í því að setja á markað rafmyntina ASK í þeim tilgangi að koma á beinu viðskiptasambandi milli bænda og neytenda með bálkakeðjutækni (blockchain) undir heitinu ASKJA, sem er eins konar vistkerfi smáforrita og rafmyntarinnar.

Slík hugmynd er ekki alveg ný af nálinni hér á landi, en Sveinn Margeirsson, þáverandi forstjóri Matís, hafði á sínum tíma uppi svipuð áform um slíkt fyrirkomulag með sauðfjárslátrun heima á bæjum, kjötvinnslu og sölu beint frá býli. Þar sem allar upplýsingar væru skráðar um sjálfar afurðirnar og viðskiptin, með bálkakeðjufyrirkomulagi í miðlægan gagnagrunn á vefnum Matarlandslagið. Bálkakeðjutæknin gerir slík viðskipti fullkomlega rekjanleg í gegnum allt framleiðsluferlið, án þess að það sé gegnsætt.

Nýverið var rafmyntin falboðin í forpöntun á vef ÖSKJU (askja.io) þar sem áhugasömum, íslenskum bændum og aðilum tengdum íslenskum landbúnaði er boðið að taka þátt, en hún hefur ekki enn verið sett á markað.

Höfundar LAMB-smáforritsins

Parið Nanna K. Kristjánsdóttir og Gilles Tasse eru meðal stjórnenda og eigenda Rusticity. Gilles, sem er landbúnaðarverkfræðingur, vann á árum áður í tölvudeild Bændasamtaka Íslands við þróun á forritum fyrir bændur og saman hafa þau meðal annars þróað og rekið smáforritið LAMB – sem margir sauðfjárbændur þekkja – og AppFeng sem hrossaræktendur nota.

Að sögn Nönnu er ASKJA hugsað fyrir bændur, dýraræktendur og gæludýraeigendur og er ætlunin að bjóða fram þjónustu við markaðssetningu á landbúnaðarafurðum, lifandi dýrum og dýraafurðum, í gegnum þetta vistkerfi. Ætlunin er að hafa milligöngu um að koma á sambandi við verslanir þar sem þessar vörur verða til sölu á stafrænu formi, en möguleiki verður einnig á beinni sölu bænda með rafmyntina ASK sem gjaldmiðil.

Rafmynt og smáforrit

Hugmyndin fæddist fyrir rúmu ári sem hefur nú leitt af sér ASK-rafmyntina og áætlað er að setja fyrstu smáforritin í vistkerfi Öskju í umferð nú í sumar, sem eru Katla og Bestiz.

Hið fyrra er markaðstorg ætlað til að deila hestamyndum, auk þess að búa til, deila og selja svokallað NFT tengt hestum. NFT stendur fyrir „non-fungible token“ og eru venjulega stafræn tákn eða myndir sem framleitt er með sama hætti og rafmyntir, með bálkakeðjutækninni, og hefur breiðst út á Internetinu á undanförnum fáeinum misserum – og gengur þar kaupum og sölum.

Bestiz hefur svipaða virkni og Katla, en höfðar til gæludýraeigenda.

Bálkakeðjutæknin mun breyta okkar raunveruleika

„Bálkakeðjutæknin er eitthvað sem á eftir að breyta okkar raunveruleika á svipaðan hátt og Internetið og snjalltækin gerðu á sínum tíma. Við höldum að það eigi eftir að verða gífurlegar breytingar næstu tvö árin og rafmynt er eitthvað sem allir eiga eftir að skilja vel og nota,“ segir Nanna.

„Það kann að hljóma framandi þegar talað er um bálkakeðjur og rafmynt, en við leggjum mikið upp úr því að vistkerfi Öskju sé þannig byggt að notandinn geti orðið partur af samfélaginu á tiltölulega einfaldan hátt óháð því hversu djúpan skilning það hefur á bálkakeðjutækninni.“

Milljarður ASK-rafmynta

„ASKJA rafmynt er tilbúin til útgáfu en við stefnum á að gefa hana út í haust. Við höfum í okkar röðum hagfræðing á sviði vistkerfa bálkakeðjutækninnar (Tokenomic) og bíðum eftir merki frá honum um hvenær er rétt að gefa út ÖSKJU-rafmynt,“ segir Nanna – en gert er ráð fyrir að milljarður ASK-rafmynta verði alls í umferð.

„Þegar ASKJA hefur náð fótfestu ætlum við að búa til tól sem tengja saman ITO-snjalltækni og bálkakeðju, sem er sérsniðin að landbúnaði.“

Milliliðalaus sala

Fyrsta tólið er ASKJA TRACE, sem er ætlað að aðstoða bændur sem vilja fjárfesta í betri tækni fyrir milliliðalausa sölu. Það mun virka sem tæki til að bæta stöðu bóndans í virðiskeðjunni, sem og til að auðvelda neytendum að taka upplýsta ákvörðun um viðskiptin.

Að sögn Nönnu geta bændur, með hjálp ASKJA TRACE, búið til áreiðanleikavottorð með bálkakeðjutækninni.

Vottorðið inniheldur helstu atriði sem eru vörunni viðkomandi; eins og til dæmis hvaðan tiltekin kjötafurð sé upprunnin.

„Vottorðið er síðan hægt að flytja út sem QR-kóða. Neytandinn getur skannað kóðann, athugað upplýsingar og haft yfirsýn yfir framleiðsluferil vörunnar.

Merki ASK-rafmyntarinnar með Öskju í baksýn.

Nanna K. Kristjánsdóttir, forstjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Rusticity.

Gilles Tasse, einn stjórnenda og eigenda Rusticity.

Þá höfum við á borðinu eins konar NFT-rafræn skráningarskírteini sem fylgir gripum, til dæmis hestum í gegnum þeirra líftíma, sláturupplýsingar og flutningsupplýsingar,“ segir hún.

„Við ætlum líka að færa öll smáforritin okkar sem eru á sviði landbúnaðar yfir í ÖSKJU-vistkerfið og munum byrja á LAMB-snjallforriti og AppFeng.“

Landbúnaðarsjóður settur á fót

Sem fyrr segir verður ÖSKJU-vistkerfið sérstaklega helgað landbúnaði. Þau ætla að setja eitt prósent af öllum viðskiptafærslum í sérstakan landbúnaðarsjóð, sem bændur og aðrir í landbúnaðargeiranum geta sótt í til að fjármagna verkefni. „Öll tól sem við ætlum að smíða á næstu 15 árum eru miðuð að landbúnaði. Við stefnum á að gefa okkar notendum ÖSKJU-rafmynt á bændaþingi sem við eigum með sauðfjárbændum síðar í sumar. Við viljum að sjálfsögðu hafa bændur sem eigendur á bak við ÖSKJU. Við vonumst eftir að bændur, Bændasamtökin og bændafélög komi með okkur og myndi sterkt alþjóðlegt samfélag landbúnaðarins,“ segir Nanna.

Betri kjör til bænda

Meginmarkmiðið með verkefninu er að sögn Nönnu að taka út milliliði sem rýri kjör bænda. „Það er ástæðan fyrir því að við viljum fara út í þetta meðal annars, svo að tekjurnar geti farið beint til bænda.

Bálkakeðja er dreifstýrð, en ekki miðstýrð eins og flest kerfi sem við þekkjum í dag til dæmis hjá bönkum, í stjórnsýslu og víðar.“

Þau segja að þeirra hugmyndafræði sé mjög svipuð þeirri sem Sveinn Margeirsson kynnti hjá Matís á sínum tíma. „Við tókum þátt í ráðstefnu með honum fyrir skemmstu. Þótt grunnhugmyndin sé sú sama erum við kannski meira tæknileg. Við teljum að rekjanleiki, gagnsæi og stafrænt samfélag sé módel sem geti tekið við af því sem við þekkjum í dag og skili sér betri hagsæld til bænda.“

Hræðsluáróður gegn rafmyntum

Nanna segir það varla hafa farið fram hjá neinum að rafmyntamarkaðurinn hafi verið í frjálsu falli í vor og eigi mjög erfitt uppdráttar eins og er, spurð um hvort ekki sé óvarlegt að setja íslenska rafmynt á markað á þessum tímum. „Ástæðan fyrir því er þríþætt, síðasta haust var mikil uppsveifla og margir óheiðarlegir einstaklingar nýttu sér þennan markað. Þeir hreinlega gáfu út rafmynt til þess eins að ræna fólk. Þess vegna er fólk mun meira vart um sig og kröfur um vottun orðin meiri. Þá hefur umfjöllun um rafmyntir verið mjög óvægin og fjölmiðlar og stórir aðilar eins og fjárfestingafyrirtæki og bankar, sem sjá að þarna er verið að þrengja að þeim, hafa haldið úti hræðsluáróðri og reynt að stýra fólki frá þessum frjálsa markaði.

Að lokum hefur heimskreppa, stríð og Covid haft áhrif á þennan gjaldmiðil eins og aðra,“ segir hún.

„En ef skoðuð er stóra myndin og farið er fimm ár aftur í tímann sést að markaðurinn er að jafna sig eftir óeðlilega uppsveiflu á síðasta ári en ekki er um hrun að ræða. Síðustu sex mánuðir gefa hins vegar mjög slæma mynd.Þau áhrif sem þetta hafði á okkur var að við þurftum að ganga í gegnum nokkuð dýrar og flóknar vottanir, KYC og Audited, ásamt því að þurfa að leggja meira fé í markaðssetningu en hefði þurft áður og svo þurftum við að setja útgáfu myntarinnar í bið.

En það er gífurlega mikilvægt að myntin fari vel af stað fyrstu klukkutímana og dagana. Ef hún byrjar illa getur það þýtt að hún nái sér aldrei á strik. Við búumst við að markaðurinn taki við sér í haust og munum þá setja af stað nýja einka- og forsölu,“ segir Nanna að lokum. */smh*

Þjóðvegur um Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil:

Hefjast handa í haust

Samið hefur verið við G.V. Gröfur ehf. á Akureyri um lagningu verksins Eyjafjarðarbraut vestri, 821 um Hrafnagil.

Verkið snýst um að færa þjóðveginn út fyrir byggðina og niður fyrir eyrar Eyjafjarðarár. Það er gert til að losna við umferð úr þéttbýlinu sem nú er í nokkurri uppbyggingu beggja megin við núverandi þjóðveg.

Verkið felst í nýbyggingu Eyjafjarðarbrautar vestri, Miðbrautar og nýrra tenginga á tæplega fjögurra kílómetra löngum kafla.

Einnig byggingu nýrra heimreiða, samtals um 0,25 kílómetra. Eyjafjarðarbraut vestri, Miðbraut og tengingar inn í þéttbýlið verða 8 metra breiðar með bundnu slitlagi. Heimreiðar verða 4 metra breiðar, einnig með bundnu slitlagi.

Meðalumferð á dag yfir allt árið á Eyjafjarðarbraut er í kringum 1.471 bíll á sólarhring, en umferðin er meiri yfir sumartímann. Verktakinn mun ekki hefja verkið fyrr en í október. Ástæðan er sú helst að ekki er heimilt að taka efni úr áreyrum Eyjafjarðarár á tímabilinu 1. júlí til 1. október. Þetta mun þó ekki hafa áhrif á verktímann þar sem gert er ráð fyrir mjög rúmum tíma.

Stefnt er að því að gerð fyllinga, rofvarna og styrktarlags, ásamt efnisvinnslu fyrir burðarlag, verði lokið fyrir árslok 2023 en verkinu skal að fullu lokið fyrir 15. júlí 2024, samkvæmt upplýsingum í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar.

Eyjafjarðará er veiðiá og er tekið skýrt fram í útboðsgögnum að verktaki skuldbindur sig til að koma í veg fyrir eins og kostur er að vatn gruggist á veiðitíma af völdum framkvæmda. */MÞÞ*

Hrafnagil. Mynd / H.Kr

Mynd / Landhelgisgæslan – Lögreglan á Norðurlandi eystra

Aurskriður í Útkinn:

Tjónið metið á 250 milljónir kr.

Tjón sem varð af völdum aurskriða í Útkinn í október á liðnu ári er talið nema um 250 milljónum króna.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti á síðasta vetri sérstök fjárframlög vegna tjóns af völdum aurskriðanna og áttu þau að greiðast úr Bjargráðasjóði. Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir slíkum sérstökum bótagreiðslum, enda um einstakan atburð að ræða, að sögn Gerðar Sigtryggsdóttur, oddvita Þingeyjarsveitar.

„Um er að ræða í þessu tilviki óhefðbundna bótagreiðslu úr sjóðnum og hefur hann í kjölfarið þurft að gera breytingar á sínu regluverki.“Gerður segir sveitarstjórn eiga gott samstarf við Bjargráðasjóð og Náttúruhamfaratryggingar, sem upplýsi heimamenn reglulega um stöðu mála. Líkur eru á að hægt verði að greiða út bætur á grundvelli þeirra framlaga sem ríkisstjórn samþykkti síðastliðinn vetur nú á næstunni, eftir því sem endurbótaverkinu vindur fram. Landeigendur hafa þegar lagt fram mikla vinnu vegna skriðufallanna, en tjón varð einkum á túnum og landi en mannvirki sluppu. Aur var hreinsaður í miklu magni af túnum og eins var heilmikið mokað upp úr skurðum.

„Vélar og tæki og mannskapur voru á ferðinni þarna við hreinsunarstörfin, sem allt kostar umtalsverða fjármuni,“ segir hún.

Þá þurfti að laga vegi, en kostnaður við vegagerð er talinn nema um 30 milljónum króna einn og sér. Loks má nefna að það á eftir að rækta upp flest túnin sem lentu undir skriðunum og endurnýja girðingar.

Ljótt sár í hlíðinni

Verkefnastjórn hefur verið skipuð til að vinna að framgangi þessa verkefnis og segir Gerður að Þingeyjarsveit muni greiða þann kostnað sem hlýst af þeirri vinnu. Heilmikið verkefni sé eftir við uppgræðslu, m.a. séu enn ljót sár í hlíðinni ofan bæjanna sem eftir er að græða upp, auk þess sem uppræktun túna er eftir.

„Það mun koma í ljós síðar hvernig að því verkefni verður staðið,“ segir hún og kveðst vona að tjónið verði að fullu bætt, en nú liggur fyrir loforð frá ríkinu um bætur upp á 130 milljónir króna. */MÞÞ*

NYTJAR HAFSINS

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar fyrir fiskveiðiár 2022/2003:

Er „sveiflujöfnun“ ný grein innan fiskifræðinnar?

– Furðufyrirbrigði sem hefur ekkert að gera með fiskifræði, líffræði né annað tengt fræðum hafsins

Það eru 47 ár síðan ég veiddi fyrsta laxinn minn í Ormarsá á Melrakkasléttu. Þessi kollegi og forljóti 5 punda hængur hafði gríðarleg áhrif á líf mitt.

Að veiða lax varð mér ástríða, langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Reynsla mín eftir að hafa elt þennan stórkostlega fisk í tæpa hálfa öld er þessi: Eftir því sem meira er af fiski í ánni veiði ég betur. Ef fiskarnir eru fáir veiði ég lítið og jafnvel ekki neitt.

Eftir því sem fiskarnir eru fleiri veiðist betur

Sem ég horfi yfir farinn veg sýnist mér ég geta dregið einfalda ályktun – sem mér finnst reyndar harla rökrétt fyrir allan veiðiskap: Eftir því sem fiskarnir/dýrin eru fleiri veiðist betur. Fyrir fáeinum dögum kynnti Hafrannsóknastofnun ráðgjöf sína fyrir næsta fiskveiðiár.

Þar lagði hún til að skerða veiðiheimildir í þorski um 6%. Af því tilefni hafði ég samband við fjölda manna sem vinna dags daglega á fiskimiðunum og spurði þá hvort þessar tillögur Hafró samrýmdust þeirra reynslu.

Skemmst er frá því að segja að ekki einn einasti þeirra sagði svo vera. Flestir lýstu hlutunum þannig að reynslan mín af laxveiðunum smellpassar.

Rugluð ráðgjöf

Svo gerðist það að tveir öflugir togaraskipstjórar, þeir Ágúst Ómarsson, skipstjóri á Drangey SK 2, og Björn Jónasson, skipstjóri á Málmey SK 1, birtu grein á heimasíðu FISK undir fyrirsögninni „Rugluð ráðgjöf“.

Hér er orðréttur texti úr grein þeirra félaga:

„Allan hringinn í kringum landið erum við sjómenn að upplifa mokfiskerí bæði grunnt og djúpt og nánast á hvaða veiðarfæri sem er. Sjórinn er sem sagt kjaftfullur af fiski. Á sama tíma ákveður Hafrannsóknastofnun að skera veiðiheimildir í þorski niður um 6% til viðbótar við 13,5% niðurskurð í fyrra. Í karfa er niðurskurðurinn á milli ára hvorki meira né minna en 20% enda þótt hann mokveiðist hvar sem menn bleyta í veiðarfærum.“

Aðeins nokkrum dögum síðar birtist viðtal við Guðmund Smára Guðmundsson, framkvæmdastjóra Guðmundar Runólfssonar hf. í Grundarfirði. Guðmundur telur fulla þörf á því að endurskoða nálgun Hafrannsóknastofnunar.

Hér er ekki um að ræða þetta eilífðar leiðindanöldur smábáta-eigenda sem hafa gagnrýnt aðferðafræði Hafrannsóknastofnunar í gegnum áratugina. Með skrifum sínum og viðtali staðfestu þeir Ágúst, Björn og Guðmundur þá fullvissu smábátaeigenda að Hafró sé að vanmeta stærð þorskstofnsins og það svo um munar.

Það bætist í þann hóp sem hefur fengið sig fullsaddan af því sem Hafró ber á borð.

Opinn fundur Hafró

Á opnum fundi hinn 15. júní sl. kynnti Hafró ráðgjöf sína fyrir næsta fiskveiðiár (2022/2003). Að kynningu lokinni var boðið upp á spurningar frá gestum. Af u.þ.b. 50 fundargestum höfðu tveir fyrir því. Ég var annar þeirra og bar m.a. upp þessa spurningu. Ég tek fram að ég lagfæri ögn orðalagið bæði hjá mér og svarandanum. Það er ævinlega svo að talað mál er lengra en hið ritaða.

Sveiflujöfnun hleypur á þúsundum tonna. Mynd / Ricardo Resende



Arthur Bogason.

Eftir því sem fiskarnir eru fleiri því betur veiðist. Mynd /VH

Engu er sleppt sem máli skiptir:

Spurning: „Nú eruð þið að mæla stofninn niður, eina ferðina enn. Hvernig finnst ykkur þetta passa við fréttir af vettvangi? Uppi í Breiðafirði voru slegin öll met í sögu þorskveiða í net á Íslandi þar sem einn lítill bátur veiddi í einum mánuði 1.180 tonn. Hann hengdi grunnendann á trossunum nánast á hafnargarðinn.

Skipstjórinn fullyrti að hann hefði aldrei séð annað eins magn af fiski í Breiðafirði og sló þeirri skemmtilegu tölu fram að það væru milljón tonn af þorski í firðinum.

Ég veit ekki hversu nákvæm sú mæling er, en ég tek ekkert minna mark á henni en mælingum Hafró sem er verið að kynna hér í dag.

Þessi endalausa niðursveifla hjá ykkur, hvernig passar hún við rallið, sem nú er stundað hringinn í kringum landið og heita strandveiðar?

Meðalafli í strandveiðum hefur aldrei verið hærri. Það er ekki hægt að skýra þetta með því að það séu stöðugt öflugri aðilar að koma inn því þessir menn eru að eldast og bátarnir að eldast. Það er búið að smíða heilan einn nýjan strandveiðibát frá því strandveiðikerfið var sett í gang árið 2009. Og því spyr ég; hvernig finnst ykkur þetta stemma, gengið á miðunum og þessar endalausu niðurmælingar?

Bjarki Þór Elvarsson, tölfræðingur Hafrannsóknastofnunar, svaraði:

„Já, ég hafði náttúrlega margar spurningar sem þú ert með, en varðandi upplifun og að við séum að sjá góð aflabrögð kemur okkur ekki á óvart og kemur heim og saman við okkar mælingar. Við erum að sjá t.d. varðandi viðmiðunarstofninn að þó hann hafi gefið aðeins eftir núna þá er hann í hæstu hæðum miðað við það sem við höfum séð í minni lífstíð (innskot, mér sýnist Bjarki vera á svipuðum aldri og kvótakerfið) að við erum að sjá aflabrögð eins og elstu menn muna.

Varðandi þetta dæmi sérstaklega í Breiðafirði þá kíktum við á aflabrögð á sóknareiningu í einstökum veiðarfærum. Þar erum við að sjá að afli á sóknareiningu í netum fer mjög vaxandi, enda þau veiðarfæri sem taka stærsta þorskinn og sá hluti þorsksins sem hefur farið mjög vaxandi upp á síðkastið. Það er einmitt vegna þess að veiðihlutfallið hefur farið lækkandi.

Það er í sjálfu sér í grunninum til ástæða þess að það hefur orðið töluverð breyting í samsetningu stofnsins. Hann er orðinn stærri, hann er orðinn eldri. Þannig að stofnárgangar eru lengi inni í veiðinni. Þannig höfum við eiginlega verri greiningu á því hversu margir fiskar eru í sjónum, vegna þess að það er stór hluti af stofninum sem við höfum ekki enn þá séð, nema bara með veiðum.“

Það er margt í þessu svari Bjarka sem ég skil ekki.

Dæmi; að „viðmiðunarstofninn hafi gefið aðeins eftir.“ Aðeins?

Samkvæmt gögnum Hafró var viðmiðunarstofn þorsks árið 2019 alls 1.364.745 tonn. Samkvæmt nýjustu gögnum hefur hann hrunið niður í 982.186 tonn árið 2021 eða um 382.559 tonn (hátt í 28%!). Sú tala er á pari við heildarþorskafla Íslendinga árið 1988. Er þetta „frávik“ semsé „aðeins“?

Sjávarútvegsráðuneytið sendi fyrirspurn á Hafró fyrir stuttu hvaða áhrif 1.000 tonna viðbót við veiðiheimildir strandveiðiflotans hefðu á afkomu þorskstofnsins. Því var svarað um hæl að það hefði „neikvæð áhrif“. Einmitt. Stofnun sem hringlar með stærð þorskstofnsins upp á hundruð þúsunda tonna milli ára telur sér sæmandi að láta frá sér þvílíka dauðans dellu.

Það er hins vegar niðurlagið í svarinu sem slær mig algerlega út af laginu:

„…við höfum eiginlega verri greiningu á því hversu margir fiskar eru í sjónum. Vegna þess að það er stór hluti af stofninum sem við höfum ekki enn þá séð, nema bara með veiðum.“

Sveiflujöfnunarfiskifræðin

Svokölluð „sveiflujöfnun“ vekur litla sem enga athygli fjölmiðla né annarra. Ég leyfi mér að fullyrða að flestir leikmanna sem hlusta á kynningu á borð við þá sem Hafró bauð upp á 15. júní sl. spyrja engra spurninga í því sambandi.

Þetta furðufyrirbrigði –sveiflujöfnun– er ávöxtur hrossakaupa pólitíkusa og fiskifræðinga og hefur ekkert að gera með fiskifræði, líffræði né annað tengt fræðum hafsins.

Hvers vegna Hafró telur sjálfsagt og eðlilegt að taka þessa breytu inn í sína ráðgjöf er sjálfstætt rannsóknarefni.

Þessi stærð er athyglisverð fyrir margra hluta sakir.

Ef „sveiflujöfnunarfiskifræðin“ hefði ekki komið til hefði Hafró lagt til 195.318 þúsund tonna þorskafla fyrir næsta fiskveiðiár, en ekki 208.846 tonn.

Mismunurinn er 13.528 tonn. Mismunur sem er mun meiri en nokkru sinni hefur verið ráðstafað til strandveiðiflotans!

Ég ætla að leyfa mér að giska á hvers vegna Hafró lætur sig hafa þetta:

Sveiflujöfnunin er langt innan þeirra skekkjumarka sem stofnunin veit best allra að er í hennar mælingum og tillögum. Sveiflujöfnunin hleypur á þúsundum tonna á sama tíma og 1.000 tonn til handa strandveiðiflotanum hefur „neikvæð áhrif“ að mati sömu stofnunar.

Ég veit ekki hvort er meira viðeigandi að hlæja eða gráta.

Arthur Bogason,
formaður Landssambands smábátaeigenda.

Laxá í Dölum.

Yfirlit yfir lax- og silungsveiði 2021:

Aldrei veiðst fleiri hnúðlaxar

Hafrannsóknastofnun hefur sent frá sér skýrslu þar sem greint er frá fjölda laxa og silunga sem veiddir voru árið 2021.

Samkvæmt gögnunum voru það 41.035 laxar, 48.381 urriðar og 55.785 bleikjur. Aldrei hafa veiðst fleiri hnúðlaxar í ám hér á landi en sumarið 2021 alls 399.

Heildarfjöldi stangveiða veiddra laxa árið 2021 var samkvæmt skráðum gögnum sem bárust til Hafrannsóknastofnunar 36.461 laxm, sem er 8.663, 19,2%, minni veiði en árið 2020. Af einstökum landshlutum þá var aukning í veiði í ám á Reykjanesi, Vesturlandi og Norðurlandi vestra en minni veiði á Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austfjörðum og Suðurlandi.

Aukning í hnúðlaxi

Aldrei hafa veiðst fleiri hnúðlaxar í ám hér á landi en sumarið 2021 en þá voru skráðir samtals 339 hnúðlaxar í stang- og netaveiði. Í stangveiði voru skráðir 323 hnúðlaxar og 16 skráðir í netaveiði.

Samkvæmt skýrslunni er vitað um hnúðlaxa úr fleiri ám sem ekki voru skráðir í veiðibækur eða skilað gögnum um.

53,7% af löxum sleppt

Af veiddum löxum í stangveiði þá var 19.589, eða 53,7%, sleppt og heildarfjöldi landaðra laxa var 16.872. Af stangveiðiveiddum löxum voru 28.705 smálaxar með eins árs sjávardvöl og 7.756 laxar með tveggja ára sjávardvöl eða lengri. Alls var þyngd landaðra laxa í stangveiði 46.832 kíló.

Alls voru skráðir 43.389 urriðar í stangveiði sumarið 2021 en hlutfall urriða sem var sleppt var 33,1% sem er hér um bil sama tala og var sleppt árið 2020. Afli urriða var 29.043 fiskar sem vógu samtals 37.654 kíló.

Alls voru skráðar 30.726 bleikjur í stangveiði árið 2021. Hlutfall bleikju sem var sleppt var 45,2% sem var mun hærra hlutfall en árið áður sem var 18,4%.

Afli í net

Veiði í net var 4.574 laxar sumarið 2021 og var heildaraflinn rúm 12,5 tonn. Eins og undanfarin ár var netaveiði mest stunduð í stóru ánum á Suðurlandi, Ölfusá-Hvítá og Þjórsá, en þar veiddust 4.344 laxar í net og var aflinn rétt rúm tólf tonn. Lítið var um netaveiði í öðrum landshlutum.

Skráð silungsveiði í net á landinu öllu var 5.002 urriðar og 25.059 bleikjur. */VH*

Framleiðendur skotbómulyftara deila:

JCB kærði Manitou fyrir einkaleyfisbrot

Þann 5. júlí síðastliðinn dæmdi dómstóll í Bretlandi, sem fer með einkaleyfisbrot, franska fyrirtækið Manitou fyrir þjófnað á einkaleyfi í eigu JCB.

Umrætt einkaleyfi snýr að stöðugleikakerfi fyrir skotbómulyftara. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá JCB. Dómnum þótti fullsannað að Manitou hefði notað þessa tækni í sína framleiðslu um árabil og að tæknistuldurinn væri enn þá í gangi.

Manitou reyndi að fá einkaleyfið dæmt úrelt án árangurs, en það gildir til ársins 2031.

JCB vinnur í því að kæra Manitou fyrir brot á sama einkaleyfi fyrir frönskum dómstólum. Vænta má niðurstöðu úr því máli síðla árs 2023. */ÁL*

Samkvæmt kærunni stal Manitou einkaleyfisvarinni tækni frá JCB.
Mynd / JBC

MF HEYVINNUVÉLAR Á LAGER: Sláttuvélar, snúningsvélar, rakstrarvélar og rúllusamstæður (val; netplöstunarbúnaður).

Styrkur - Einfaldleiki - Hátækni

MASSEY FERGUSON

Stuttur afgreiðslutími
Upplýsingar hjá sölumönnum okkar

Búvélar ehf, Austurvegi 69, Selfossi
Sími 4800080, sala@buvelar.is
www.buvelar.is

BÚVÉLAR

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS

Losun gróðurhúsa-lofttegunda

Samkvæmt bráðabirgðareikningum fyrir hagkerfisbundna losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi eykst losun yfir 12 mánaða tímabil um 6,1% miðað við sama tímabil árið áður. Árið 2021 var 12 mánaða losun í maí 4.522 kílótonn CO_2 ígilda en er nú áætluð um 4.796 kílótonn.

Losun frá ræktun nytjajurta og búfjárrækt síðustu 12 mánuði er 658 kílótonn og eykst um 4,6% miðað við sama tímabil fyrir ári síðan.

(Unnið upp úr gögnum frá Hagstofu Íslands)



Losun yfir 12 mánaða tímabil – Kílótonn CO_2 ígilda (maí 2022)

Heildarlosun	Landbúnaður
4.796 (+6,1%)	658 (+4,6%)

Vísitala neysluverðs

Vísitala neysluverðs mælir í hverjum mánuði verðbreytingar á þeim vörum og þjónustu sem myndar grunn vísitölunnar. Grunnur vísitölunnar eru áætluð ársútgjöld meðalheimilis til kaupa á vöru og þjónustu.

Vísitalan er reiknuð samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og er því samanburðarhæf milli landa. Vísitala neyslusverðs í júní 2022 hækkar um 1,41% milli mánaða og er 547,1 stig (maí 1988 = 100). Án húsnæðis er hækkun vístölunnar 1,09%. Yfir 12 mánaða tímabil er hækkun á vísitölu neysluverðs um 8,8% og án húsnæðis 6,5%. Matvara hækkar um 0,84% milli mánaða. Yfir 12 mánaða tímabil hækkar matvara um 7,3%.

(Unnið upp úr gögnum frá Hagstofu Íslands)



Vísitala	Matur
+ 8,8%	+7,3%

Kjöt	Mjólk	Kornvörur
+ 12,2%	+ 9,6%	+ 7,0%

Kjötframleiðsla á Íslandi

Heildarframleiðsla á kjöti síðustu 12 mánuði var 31.017 tonn og stendur framleiðslan nánast í stað sé horft til næstu 12 mánaða á undan. Mest er framleitt af kindakjöti, eða 9.394 tonn. Nánast sama magn er framleitt af alifuglakjöti, eða um 9.381 tonn. Af nautakjöti eru framleidd 5.014 tonn og er þar einna mest aukning af öllum tegundum, eða 4,9% yfir 12 mánaða tímabil. Af svínakjöti eru framleidd 6.404 tonn sem er -5,4% samdráttur yfir 12 mánaða tímabil.

Yfir 12 mánaða tímabil er mest selt af alifuglakjöti, um 8.984 tonn, þar næst kemur kindakjöt með 6.829 tonn og þá svínakjöt með 6.406 tonn. Heildarsala á kjöti yfir 12 mánaða tímabil er 27.748 tonn sem er 1,1% aukning miðað við sama tímabil.
Alls var heildarinnflutningur á kjötvörum árið 2021 um 4.288 tonn, er þá ekki búið að leiðrétta fyrir vöru með/án beins.

(Unnið upp úr gögnum á Mælaborði landbúnaðarins og frá Hagstofu Íslands)



Framleiðsla yfir 12 mánaða tímabil

Kindakjöt
- 1,0%
9.394 tonn

Nautakjöt
+ 4,9%
5.014 tonn

Hrossakjöt
- 15,8%
823 tonn

Svínakjöt
- 5,4%
6.404 tonn

Alifuglakjöt
+ 2,8%
9.381 tonn

vfs.is

SUMAR ÚTSALA

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

Röggi ehf.

Smiðshöfða 12, 110 Reykjavík · sími 5868000 · www.roggi.is · verslun@roggi.is

Þjónusta við lðnaðinn

FRÉTTASKÝRING

Nýjar leiðir verða farnar til að útrýma riðu á Íslandi en 126 gripir á Íslandi eru nú taldir vera með verndandi arfgerðir:

Verkefnið fram undan mun felast í því að rækta upp þolinn stofn hratt og vel

– Í gegnum tíðina hefur verið skorið niður vegna riðu á ríflega 620 bæjum

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Gera má ráð fyrir að riðusjúkdómur í sauðfé hafi verið landlæg plága í sauðfjárrækt á Íslandi í um 150 ár, í upphafi einungis á Norðurlandi. Fyrsta vísindalega staðfesta tilfellið um riðusmit er reyndar skráð á Keldum í Landnámshólfi árið 1957. Upp úr 1980 var vandamálið orðið svo alvarlegt að ákveðið var að ráðast í stórfelldan niðurskurð á ákveðnum svæðum, til að mynda í Skagafirði, Barðaströnd, Borgarfirði eystra og víðar.

Niðurskurður hefur hingað til verið eina úrræðið til að hefta útbreiðslu riðusmita hér á landi – sem valdið hefur sauðfjárbændum ómældu tjóni og íslensku samfélagi; bæði fjárhagslegu og tilfinningalegu. Frá því að farið var að beita niðurskurði gegn riðu hafa ríflega 620 bæir þurft að fara í gegnum þann hreinsunareld. Á undanförnum misserum hafa glæðst vonir um að Íslendingar geti farið sömu leiðir og ýmsar aðrar Evrópuþjóðir leitast við – og notað verndandi arfgerðir gegn riðu til að útrýma á endanum þessum skæða sjúkdómi á Íslandi.

Tilgáta um enskan hrút

Tilgáta er um að sjúkdómurinn hafi borist til Íslands með enskum hrúti sem fluttur var að bænum Veðramóti í Skagafirði frá Danmörku árið 1878. Talið er að hann hafi grasserað á þessu svæði áður en hann breiddist út til annarra landshluta.

Svonefnd ARR-arfgerð í sauðfé er eina viðurkennda verndandi arfgerðin í Evrópusambandinu (ESB) gegn riðu.

Niðurskurður frá 2010

Ár	Fjöldi
2010	338 kindur
2015	1.008 kindur
2016	1.324 kindur
2017	103 kindur
2018	359 kindur
2019	375 kindur
2020	2.588 kindur og 53 geitur
2021	2.400 kindur
Samtals	**8.495 kindur og 53 geitur**

Ef upp kemur riðusmit í hjörð, í landi þar sem innleiðing reglugerða ESB um viðbrögð við riðusmiti hefur að fullu átt sér stað, eru gripir með þessa arfgerð verndaðir.

Reglur á Íslandi um viðbrögð við riðusmiti í sauðfé hafa í raun verið einfaldar og skýrar. Skera þarf niður allar hjarðir þar sem staðfest smit hefur fundist. Almennt séð tekur Ísland mið af þeim reglum sem gilda í Evrópusambandinu hvað varðar heilahrörnunarsjúkdóma í dýrum. Þar með talin er riðuveiki, en þó ekki þeim hluta reglugerðarinnar sem snýr að viðbrögðum við staðfestum tilfellum um riðuveiki. Fyrir þann hluta hefur Ísland haft undanþágu.

Vel á þriðja þúsund fjár skorið niður árið 2020

Í kjölfar sex riðutilfella í Húna- og Skagahólfi og Tröllaskagahólfi á árinu 2020, þar sem skorið var niður samtals tæplega 2.600 fjár, er eins og áhrifafólk í fræðasamfélaginu og stjórnkerfinu hafi vaknað til meðvitundar um að leita þyrfti allra leiða til nýrrar nálgunar gagnvart vandamálinu. Til viðbótar tjóninu árið 2020 voru svo þrjú tilfelli staðfest um smit í Vatnsneshólfi og Húna- og Skagahólfi á síðasta ári, sem hafði þær afleiðingar að skorið var niður 2.400 fjár.

Ljóst er að á hverjum tíma hafa yfirvöld dýrasjúkdóma á Íslandi unnið sína vinnu í góðri trú.

Niðurskurður á hjörð, í kjölfar riðusmits þar innanborðs, skilaði á sumum landsvæðum mjög góðum árangri, en á öðrum ekki eins góðum, enda er smitefnið lífseigt í margvíslegu umhverfi.



Yfirlitskort frá Matvælastofnun sem sýnir tíðni riðutilfella. Bláu punktarnir sýna tilfelli þar sem riða hefur ekki greinst í meira en 51 ár, græni liturinn stendur fyrir 26 til 50 ár frá síðasta tilfelli, á gulu punktunum eru átta til 25 ár frá síðasta smiti og rauðu punktarnir eru tilfelli sem hafa verið staðfest á síðustu sjö árum.

Leitað nýrra leiða

Eyþór Einarsson, sauðfjárræktarráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), segir það ánægjulega staðreynd, að núna virðist nokkuð víðtækur samhljómur um að leita nýrra leiða. „Satt að segja vorum við að setja okkur í stellingar fyrir að sækja erfðaefnið með þessari ARR-arfgerð út fyrir landsteinana þarna á fyrri hluta síðasta árs, en síðan hefur margt breyst," segir Eyþór. „Eins og aðrir stóðum við hér hjá RML, sem höldum utan um ræktunarstarfið, í þeirri meiningu að arfgerðin væri ekki til hérna. Eftir að hafa ráðfært okkur við vísindafólk á Keldum og sérfræðinga hjá Matvælastofnun var það niðurstaðan að ef til vill þyrfti að flytja hana inn. Fyrst yrði hins vegar að leita af sér allan grun hér á landi, en fyrri leit sem farið hafði verið í þótti kannski ekki mjög ítarleg."

Ærin Dropa og lambhrúturinn Svali frá Engihlíð standa hér þétt saman. Hann er annar tveggja T137-hrúta sem hafa fundist og eru mislitir. Mynd / Karólína

Þessar bollaleggingar leiddu til þess að sett var af stað rannsóknarverkefni með það að markmiði að leita að ARR-arfgerðinni á Íslandi – og var samstarfsverkefni RML og Keldna. Síðar sama ár var annað verkefni af svipuðum meiði sett af stað, sem heitir Átaksverkefni í arfgerðarannsóknum, þar sem bændum er gefinn kostur á að láta greina arfgerðir sinna hjarða.

Á svipuðum tíma og RML-teymið skoðar möguleikana á að finna og koma ARR-arfgerðinni inn í íslenskar sauðfjárhjarðir, var Karólína Elísabetardóttir, bóndi í Hvammshlíð, komin í samband við ítalska vísindamenn því rannsóknarskýrslur á Ítalíu hefðu sýnt fram á að önnur arfgerð (T137) hefði sannað sig sem verndandi á Ítalíu. Þessar rannsóknir bentu til að þessi arfgerðin væri jafn verndandi þótt hún væri ekki arfhrein. En ólíkt ARR, þá hafði T137 arfgerðin fundist hér á landi í 12 gripum í rannsóknum Keldna á tíunda áratugnum. Í kjölfarið stofnaði Karólína til fjölþjóðlegs rannsóknarhóps, með íslenskum og erlendum vísindamönnum innanborðs ásamt íslenskum bændum, sem hafði það að markmiði að leita að þessari arfgerð á Íslandi sem er talin vera verndandi.

Eyþór segir að fljótlega hafi þessi verkefni nokkuð runnið saman, formlega séu þau rekin hvort í sínu lagi en mikil samvinna sé á milli.

Staðfest að 128 gripir bera annaðhvort ARR eða T137

Fyrir síðasta fengitíma fundust tveir gripir með T137, svo fleiri eftir áramót á svipuðum tíma og nokkrir gripir með ARR-arfgerð fundust í fyrsta skipti – og nokkrir í viðbót síðar. Nú þegar búið er að mestu að greina arfgerðir frá síðasta sauðburði kemur í ljós að ARR hefur fundist í 14 fullorðnum gripum og 41 lambi, allt á Þernunesi í Reyðarfirði. En 36 fullorðnir gripir bera T137 og 37 lömb, í sex hjörðum. Eyþór segir að miðað við þessar forsendur sé útlit fyrir að sá efniviður sem sé til staðar, muni duga nokkuð vel til að hægt sé að hefja skipulega ræktun á stofnum sem eru verndaðir gegn smiti – sérstaklega ef T137 reynist virka hér á landi sem þurfi þó að sannreyna. Niðurstöður sýnatöku fram til þessa bendi til að sú arfgerð hafi verið nokkuð útbreidd hér áður fyrr.

Verkefni innan RML sé í burðarliðnum þar sem eigi að ganga úr skugga um að T137 muni virka í ræktunarstarfinu fram undan, áður en kemur að fengitíma. Það gæti orðið

Verkefni í vændum

PMCA-rannsóknir á næmi mismunandi arfgerða fyrir riðusmiti í íslensku sauðfé. Það verður unnið í Frakklandi nú í sumar og haust. Það gengur út á að bera saman næmi mismunandi arfgerða príonpróteinssins fyrir riðusmiti úr íslenskri kind. RML er í forsvari fyrir þessu verkefni en það er rannsóknarteymið sem samanstendur af Karólínu í Hvammshlíð, Stefanía Þorgeirsdóttur og Vilhjálmi Svanssyni f.h. Keldna ásamt Eyþóri Einarssyni fyrir hönd RML. Markmið er að fá hér betri vitneskju um næmi mismunandi arfgerða, til dæmis staðfestingu á því að T137 sé einnig fullkomlega verndandi gegn þeirri riðuveiki sem þrífst hér á landi.

Erfðarannsónir á íslenska sauðfjárstofninum með áherslu á gripi með verndandi arfgerðir. Undirbúningur að þessu verkefni er hafinn en það byggir fyrst og fremst á því sýnasafni sem orðið hefur til síðasta árið í gegnum arfgerðargreiningarverkefnin. Hér um ræðir samstarfsverkefni milli RML og háskólans í Giessen þar sem áherslurnar eru mótaðar í samráði við sérfræðinga RML. Karólína er hér mikilvægur tengiliður í samskiptum milli Íslands og Þýskalands við undirbúning verkefnisins.

Arfgerðargreiningar og utanumhald. Arfgerðargreiningar eru að sjálfsögðu lykilþáttur í þessu verkefni og munu verða fastur liður í rekstri flestra sauðfjárbúa á komandi árum. Verið er að áætla umfang greininga á komandi hausti en nýlega var send út könnun til bænda sem einnig má finna inn á heimasíðu RML. RML mun bjóða upp á greiningar og setja síðan upp plan í samráði við sína samstarfsaðila um hvenær sýni þurfa að berast til greiningar svo tryggt sé að niðurstöður fáist fyrir ákveðnar dagsetningar. Í haust verður áfram lagt upp með að greina sex sæti á príongeninu. Miklar endurbætur standa nú yfir á Fjárvísi sem miða að því að gera allt utanumhald aðgengilegt fyrir sauðfjárbændur og er góður gangur í þeirri vinnu.

Dreifing erfðaefnisins. Hér hafa sæðingastöðvarnar mikilvægu hlutverki að gegna. Stöðvarnar hafa þegar fengið vilyrði fyrir því að fá hrúta með arfgerðirnar ARR og T137. Ljóst er að bæði ARR-hrúturinn Gimsteinn frá Þernunesi og T137-hrúturinn Austri frá Stóru-Hámundarstöðum verða á sæðingastöðvunum næsta vetur ef ekkert óvænt kemur upp á. Þá verða einnig valdir lambhrútar inn á stöðvarnar með þessar arfgerðir. Þá verður meira úrval en áður af hrútum með H154 (lítið næmu arfgerðina). MAST hefur þegar gefið grænt ljós á að mögulegt verði að fá undanþágu með ákveðnum skilyrðum til að flytja ARR- og T137-gripina inn á sæðingastöðvarnar þrátt fyrir að þá sé eingöngu að finna í dag í hólfum sem eru „lokuð“ með tilliti til sjúkdómastöðu. Vel lítur því út með að fjölbreytt úrval verði í haust af hrútum með mismunandi arfgerðir.

Að lokum er það verkefni á vegum RML sem Þórdís Þórarinsdóttir mun fara fyrir sem ber yfirskriftina **„Ræktun gegn riðu – hermirannsókn“** en auk hennar eru tilkallaðir kynbótasérfræðingar innan og utan RML. Verkefnið mun hjálpa okkur að ákveða hversu hratt æskilegt er að innleiða verndandi arfgerðir út frá gefnum forsendum m.t.t. skyldleikaræktar, erfðabreytileika, kostnaðar og erfðaframfara í öðrum eiginleikum.

Halldór Runólfsson, fyrrverandi yfirdýralæknir:

Of snemmt að breyta um aðferðarfræði

Halldór Runólfsson var yfirdýralæknir á árunum 1997 til 2012 þegar reglugerð Evrópusambandsins um dýrasjúkdóma var innleidd að hluta til á Íslandi. Hann segir ástæðuna fyrir því að Ísland hafi sótt um undanþágu frá þeim hluta af reglugerðinni sem snýr að viðbrögðum við smiti hafi verið sú, annars vegar að íslenska niðurskurðaaðferðin væri að virka og hins vegar sú staðreynd að ARR hefði ekki fundist hér á landi.

Halldór segir að tillögu Evrópusambandsins, um að Ísland gæti flutt inn slíkt sauðfé, hafi verið umsvifalaust hafnað, með tilvísun í innflutninga frá Evrópulöndum sem hefðu borið með sér sjúkdóma með hrikalegum afleiðingum.

„ESB var einnig í þessu sambandi bent á þá útbreiddu kenningu í vísindaheiminum, að með ræktun fyrir ARR gæti verið hætta á að sauðfé með þessa arfgerð smitaðist af riðu og gæti verið smitberar án þess að sýna einkenni. Með því að taka upp aðferðir ESB, gæti útrýming á riðu á Íslandi tekið mun lengri tíma,“ segir Halldór.

Baráttan hert árið 1986

„Í byrjun þessa tímabils míns sem yfirdýralæknir voru riðutilfelli orðin mjög fá – eða um tvö til fimm á ári – miðað við nokkur hundruð tilfelli á árinu 1978 þegar viðnám gegn riðuveiki hófst. Það er svo árið 1986 sem vitað var um riðu á um 100 bæjum, að ákveðið var að herða baráttuna og freista þess að útrýma veikinni úr landinu með skipulögðum niðurskurði á öllum bæjum þar sem riðan var staðfest.

Þessari stefnu hefur verið fylgt síðan og hún hefur borið þann árangur að á þessari öld hafa komið nokkur ár þar sem riða hefur ekki fundist.

Í september á síðasta ári birtist í Bændablaðinu grein Halldórs um baráttuna við riðuveikina, vegna ítrekaðra tilfella í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum. Þar benti hann á góðan árangur af víðtækum niðurskurði á stórum svæðum, svo sem í Biskupstungum fyrir nær tuttugu árum, og ekki hefur komið þar upp riða síðan. Í þessari grein mælti hann með algjörum niðurskurði í Húna- og Skagahólfi. „Ég er enn þeirrar skoðunar að allt of snemmt sé að breyta nú um þá aðferðarfræði í baráttunni við riðuveikina, sem hefur skilað okkur svo góðum árangri. Slíkt gæti haft alvarlegar afleiðingar til lengri tíma litið. Það hefur aldrei þótt gott að skipta um hest í miðri á.“

Halldór Runólfsson.

Sjálfsagt að halda rannsóknum áfram

„Nú hefur hins vegar komið í ljós, að ARR-arfgerðin hefur fundist hér á landi, þó í mjög takmörkuðum fjölda sauðfjár sé. Sjálfsagt er að halda þessum rannsóknum áfram til að fá betri mynd af útbreiðslunni og kanna hvernig hægt væri að nýta þá þekkingu í framtíðinni.

En ljóst er að ekki gengur upp að fara að rækta fyrir þessari arfgerð út frá fáum einstaklingum. Einnig þarf að afla meiri vitneskju um hvort slík ræktun gæti tafið fyrir útrýmingu sjúkdómsins á Íslandi, sem ég tel að sé raunhæft markmið,“ segir Halldór.

liður í að fá arfgerðina viðurkennda í ESB.

Í Evrópu eru verndandi arfgerðir verndaðar

Sem fyrr segir hafa í Evrópu gilt þær reglur að þegar upp kemur riða á einstökum bæjum er strax farið í að yfirfara arfgerðir fjárins með tilliti til príonpróteinsins, sem segir til um líkur á smiti.

Sigurbjörg Bergsdóttir, sérgreinadýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma hjá Matvælastofnun, segir að samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins geti þessi lönd valið um þrjár leiðir viðbragða, sem allar miða þó að því að vernda gripi með verndandi arfgerðir. „Algengast er að kindur sem eru með ARR-arfgerð í öðru eða báðum sætum fá að lifa, en þær kindur sem ekki hafa arfgerðina eru aflífaðar.

T137 er verndandi

Sigurbjörg segir að í Evrópusambandinu sé T137 arfgerðin ekki viðurkennd sem verndandi arfgerð gegn riðu, en það sé fyrst og fremst vegna þess að þar er ekki talin þörf á að nýta fleiri verndandi arfgerðir þar sem ARR-arfgerðin er tiltölulega útbreidd arfgerð. „Fullnaðarrannsókn á verndandi eiginleikum T137 hefur því ekki farið fram, en það hefur sýnt sig að sú arfgerð er verndandi í ákveðnum fjárstofni á Ítalíu og ætlunin er að rannsaka hana nánar hér á landi. Þetta algenga verklag við uppkomu riðuveiki getum við tekið upp þegar tekist hefur að rækta upp kindur með ARR arfgerð eða jafnvel T137 á búum landsins. En reikna má með að það taki nokkur ár, varlega áætlað að minnsta kosti einn tug ára.

Sigurbjörg segir að hnitmiðaðar aðgerðir til útrýmingar á riðu hérlendis hafi ekki byrjað fyrr en seint á 20. öldinni. „Á árunum frá 1980-1995 var skorið niður á öllum bæjum í heilu sveitarfélögunum á þeim svæðum þar sem riðan var útbreidd og ljóst að þær aðgerðir hafa skilað miklum árangri. Á stórum svæðum hefur riðan ekki komið upp aftur síðan,“ bætir hún við.

Rækta upp þolinn fjárstofn, hratt og vel

Eyþór segir að verkefnið fram undan sé skýrt hjá þeim sem stýra ræktunarstarfinu; að rækta upp þolinn fjárstofn fyrir riðuveiki og gera það hratt og vel. „Áskorunin verður að gera þetta á sem mestum hraða en á sama tíma gefa sem minnst eftir í þeim ávinningi sem hefur náðst í gegnum ræktunarstarfið og tapa sem minnstu af erfðafjölbreytileikanum í stofninum.

Hvetja þarf alla bændur til þess að vinna með niðurstöður arfgerðargreininga í sinni ræktun, þannig að vinna megi að útrýmingu áhættuarfgerðarinnar og vali fyrir þolnari arfgerðum. Hversu bratt bændur fari í þessa ræktun fyrir þolnum arfgerðum verður að byggjast á staðsetningu búanna með tilliti til smithættu. Það er hvorki nauðsynlegt né æskilegt að í öllum varnarhólfum sé þetta gert á jafn miklum hraða. Það getur minnkað möguleika okkar til lengri tíma í ræktunarstarfinu ef við minnkum erfðabreytileikann of mikið. Það má útskýra þetta þannig að það er ekki æskilegt að hver einasta kind í landinu sé orðin afsteypa af Gimsteini frá Þernunesi eftir aðeins örfá ár.“

Arfgerðirnar í fyrsta sæti

Eyþór segir að í grófum dráttum verði verkefnið nálgast þannig í byrjun að bændur á „verstu riðusvæðunum“ verði hvattir til þess að setja arfgerðirnar í fyrsta sæti og gefa þá eftir í öðrum eiginleikum á meðan verið er að byggja upp þolinn stofn. Þeir ættu ekki að hafa of miklar áhyggjur þó skyldleikarækt aukist tímabundið. „Auk þess leggjum við til að bændur á þessum svæðum láti greina hrúta sína, því þær greiningar munu auka hraðann talsvert ef menn jafnframt kortleggja ærstofninn og arfgerðargreini þær ásetningsgimbrar sem þarf hverju sinni. Þegar hafa allmargir bændur unnið að því að kortleggja stofna sína í gegnum þær umfangsmiklu arfgerðargreiningar sem fram fóru í vetur og vor og veitir það þeim færi á að geta spáð fyrir arfgerðir lambanna að einhverju leyti.

Verulegur akkur er í því ef bændur koma sér upp sem fyrst arfhreinum hrútum sem dreifa þá æskilegu arfgerðunum til allra sinna afkvæma og getur það líka dregið úr þörfinni á að arfgerðagreina jafn mikið af ásetningsgripum. Varðandi arfgerðirnar þá er markmið á þessum svæðum að útrýma áhættuarfgerðinni sem fyrst og vinna að því að allir gripir beri lítið næmar eða verndandi arfgerðir á næstu árum. Hlutlausa arfgerðin veitir enga vernd. Því er æskilegt að menn noti kynbótagripi með verndandi arfgerðir eftir því sem framboð leyfir en annars gripi sem bera lítið næmar arfgerðir.“

Hægar farið á öðrum svæðum

Á svæðum þar sem tiltölulega lítil áhætta er af riðu í dag, segir Eyþór að fara megi hægar í þetta en engu að síður sé mikilvægt að taka þessa ræktun föstum tökum. Því til lengri tíma er markmiðið að gera íslensku sauðkindina þolna fyrir riðuveiki og koma þessum arfgerðum inn í allan stofninn. Jafnframt hafi ræktunarbú um allt land mikilvægu hlutverki að gegna í því að framleiða úrvalsgripi fyrir hið sameiginlega ræktunarstarf og þurfa þessir gripir í auknum mæli að bera þolnar arfgerðir. Sömuleiðis sé mikilvægt að sölubú séu ábyrg þegar kemur að því hvernig gripi þau selja frá sér – en kannski ekki síður að kaupendur séu meðvitaðir og geri þá lágmarkskröfu að afþakka gripi með áhættuarfgerð.

Ræktunarplan fyrir stofninn í heild verði síðan uppfært og unnið af nákvæmni eftir því sem nauðsynlegar upplýsingar berast.

Endurskoðun á reglum um viðbrögð við smiti

Í kjölfar tilfellanna á Norðurlandi árið 2020 var Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir fengin til að ráðast í endurskoðun á reglum sem varða viðbrögð við riðuveiki.

Hún hefur skilað drögum til matvælaráðuneytisins sem vinnur að smíði nýrra reglna, eftir yfirferð umsagna, en drögin fóru í lokað umsagnarferli.

LÍF & STARF

Embluverðlaunin:

Gróska í norrænni matvælavinnslu og víngerðarlist

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is

Nú, sem fyrr, var keppnin um norrænu matvælaverðlaunin Embluna afar hörð, en verðlaunaafhendingin fór fram við hátíðlega athöfn í Osló þann 20. júní síðastliðinn.

Keppnin, sem styrkt er af Norrænu ráðherranefndinni, var haldin í þriðja sinn og þrátt fyrir afar frambærilega matvælafulltrúa frá Íslandi komst enginn þeirra á blað í þeim sjö flokkum sem tilnefnt var í.

Að þessu sinni voru Jökla, Nordic Wasabi, Gunnar Karl Gíslason, Brúnastaðir ostagerð, Matartíminn, Dominique Plédel Jónsson og Vestmannaeyjar, tilnefnd fyrir Ísland en sigurvegarar í flokkunum sjö að þessu sinni voru eftirtaldir:

Matreiðslumaðurinn Heidi Bjerkan hjá Geitmyra Credo kýs að einbeita sér að börnum og ungmennum og notar matargleðina til að kenna þeim að verða hrifin af mat og fræða þau um matvæli út frá heildrænu sjónarhorni.
Myndir / Espen Solli

Norrænn mataráfangastaður: Kvitnes gård, Noregi

Á sveitabænum Kvitnes í Lofoten í Norður-Noregi er boðið upp á heimsklassa staðbundinn mat og gistingu í ævintýralegu umhverfi.

Á matseðlinum er iðulega staðbundið hráefni og vísað er í sögu svæðisins. Hráefnið sem framleitt er á veitingastaðnum kemur aðallega frá býlinu en það sem keypt er kemur eingöngu frá nálægum framleiðendum.

Náið samstarf er við staðbundna framleiðendur og hafa forsvarsmenn veitingastaðarins því fulla stjórn á allri virðiskeðjunni sem hefur skapað staðnum mikla velgengni.

Norræn matvæli fyrir börn og ungmenni: Geitmyra Credo, Noregi

Geitmyra Credo er útibú eins besta og sjálfbærasta veitingastaðar í Noregi, Credo í Þrándheimi. Matreiðslumaðurinn Heidi Bjerkan kýs að einbeita sér að börnum og ungmennum og notar matargleðina til að kenna þeim að verða hrifin af mat og fræða þau um matvæli út frá heildrænu sjónarhorni.

Þetta er til að auka skilning þeirra á sjálfbærni, gott fæðuval og hvernig á að hugsa um líf á jörðinni. Í Credo eru námskeið fyrir börn og ungmenni, starfsnám fyrir fullorðna sem vinna með börnum, námskeið fyrir ungbarnaforeldra, tómstundanámskeið fyrir börn og fjölskyldur, opna viðburði o.fl., o.fl.

Norrænn matarfrumkvöðull: Undredal stølsysteri, Noregi

Dýpst inni í lengsta firði í heimi, sem jafnframt er á heimsminjaskrá Unesco, Nærøyfjörðurinn, er Undredalurinn. Hefð er fyrir ostagerð á svæðinu og þá sérstaklega úr geitamjólk. Þorpið sem liggur nálægt bænum hafði ekki vegasamband fyrr en seint á níunda áratugnum og því er hefð fyrir því að vinna úr mjólkinni í sveitinni þar sem bændur í nágrenninu sameinuðust um ostagerð og ostasölu.

Því má með sanni segja að bændurnir í Undredal séu verndarar menningarhefða og matararfleifðar. Geiturnar eru á beit í bröttum hlíðum við fjörðinn, í allt að 1.000 metra hæð yfir sjávarmáli, mjólkin er ekki gerilsneydd og unnin í bæði brúnan og hvítan ost.

Þrír danskir sigurvegarar, frá vinstri;: fulltrúi kirsuberjavínframleiðslunnar í Frederiksdal, frá Græna safninu sem hlaut verðlaun fyrir miðlun og fulltrúi The Junk Food Project sem útvegar heimilislausum einstaklingum máltíðir.

Fulltrúar Geitmyra Credo í Noregi voru að vonum kát með verðlaun sín.

Norsku geitabændurnir í Undreal hlutu verðlaunin Norænn matarfrumkvöðull ársins.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VÞ HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Hinn sænski Andreas Sundgren er höfundur hágæða áfengs eplasíders og var hann kjörinn matvælalistamaður Embluverðlaunanna.

Pétur Pétursson kynnti nýsköpun sína, Jökla rjómalíkjör, sem vakti mikla lukku. Mynd / Aðsend

Norrænn matur fyrir marga: The Junk Food Project, Danmörku

Rasmus Munk, yfirmatreiðslumaður og maðurinn á bakvið hinn þekkta veitingastað Alchemist, sem hefur tvær Michelin-stjörnur, byrjaði með verkefnið árið 2020 eftir að Covid-19 skall á. Hugsunin er að útvega bragðgóðan og næringarríkan mat fyrir heimilislausa sem eldað er af þekktum og góðum matreiðslumönnum. Junkfood tryggir heitar máltíðir á hverjum degi fyrir hundruð heimilislausra einstaklinga í Kaupmannahöfn. Á hverjum degi framleiðir teymið um 350 næringarríkar máltíðir. Sjálfbærni er kjarninn í hugmyndafræði verkefnisins þar sem allt kapp er lagt á að draga úr matarsóun.

Norrænn matvælamiðlari: Det Grønne Museum, Danmörku

Græna safnið er þjóðminjasafn Danmerkur fyrir veiðar, skógrækt, landbúnað og matvæli. Hér geta bæði börn og fullorðnir upplifað danska og norræna matarmenningu ásamt sögunni.

Sendiherra Íslands í Noregi, Ingibjörg Davíðsdóttir, bauð til móttöku í embættisbústaðnum í Osló þar sem þær íslensku vörur sem tilnefndar voru til Embluverðlaunanna voru kynntar fyrir aðilum tengdum matvælageiranum þar í landi. Kokkurinn Gabríel Kristinn Bjarnason (t.v.), sem nýverið vann titilinn Besti ungkokkur Norðurlanda, bauð upp á smárétti úr íslenskum hráefnum. Mynd / Aðsend

Í Græna safninu, sem er þekkingarstofnun, er unnið ötullega við að varðveita og rækta gömul afbrigði af plöntum og dýrategundum. Auk þess er skóli á safninu sem sérhæfir sig í matarfræðum, þar sem gestir geta notað forn eldhústæki og lært gamlar hefðir.

Norrænn matvælalistamaður: Brännland Cider, Svíþjóð

Andreas Sundgren, stofnandi Brännland Cider, hefur búið til hágæða áfengan eplasíder.

Vörurnar bera sterka sögu um þrautseigju og sérstöðu fyrirtækisins sem Andreas hefur ötullega byggt upp. Í dag eru framleiddar nokkrar tegundir fyrir innlendan og alþjóðlegan markað og eru meðal annars nokkrir Michelin-veitingastaðir meðal viðskiptavina á sídernum.

Norrænn matvælaframleiðandi: Frederiksdals Kirsebærvin, Danmörk

Framleiðsla á hágæða víni úr kirsuberjum sem ræktuð eru í Frederiksdal í suðurhluta Danmerkur og gerjað er með sérstakri gamalli tækni.

Víngerðarmeistarinn notast við villta gerjun í framleiðslunni áður en vínið er geymt utandyra í stórum glerkútum en þannig á veðurfarið stóran þátt í að skapa einstakt bragð vínsins. Frederiksdals Kirsebærvin er eini framleiðandinn í heiminum sem framleiðir kirsuberjavín samkvæmt þessari aldagömlu hefð.

Markmiðið er að framleiða heimsins besta kirsuberjavín og sumir halda því fram að því hafi nú þegar verið náð.

CUMMINS RAFSTÖÐVAR

- amerísk gæði



Cummins C28D5S - 28kVA
1667 x 930 x 1282 mm / 647,5 kg
2082 x 987 x 1524 mm / 927,5 kg

Cummins C66D5E - 66kVA
2050 x 967 x 1510 mm / 1127 kg
2270 x 975 x 1920 mm / 1530 kg



Cummins C110D5 - 110kVA
2415 x 1102 x 1862 mm / 1560 kg
3147 x 1102 x 2243 mm / 2161 kg

Cummins C1400D5 – 1400kVA
5110 x 2000 x 2240 / 10,075 kg
5120 x 2230 x 2770 / 15,450 kg

MHG VERSLUN

MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | Sími 544 4656 | www.mhg.is

HRINGINN Í KRINGUM LANDIÐ

Á döfinni í júlí ...

Austurland & Austfirðir

7.-9. júlí	Eistnaflug, árleg tónlistarhátíð í Neskaupstað
8.-10. júlí	Bæjar- og fjölskylduhátíðin Vopnaskak á Vopnafirði
8.-10. júlí	Sumarhátíð UÍA – Íþróttahátíð á Egilsstöðum
9. júlí	Dyrfjallahlaupið á Borgarfirði eystri, 12 eða 14 km
10.-17. júlí	Listahátíðin LungA, tónleikar og list á Seyðisfirði
14.-17. júlí	Bæjarhátíðin Útsæðið á Eskifirði, kassabílarallí, kvöldvaka, flugeldasýning og margt fleira
23. júlí	Tónlistarhátíðin Bræðslan

Norðurland & Norðausturland

28. júní-10. júlí	Hríseyjarhátíð
6.-10. júlí	Þjóðlagahátíð Siglufjarðar, dansar, námskeið, tónleikar
14.-17. júlí	Húnavaka – Bæjarhátíð sem haldin er á Blönduósi
15.-17. júlí	Miðaldadagar á Gásum við Hörgárósa í Eyjafirði
22.-24. júlí	Mærudagar Húsavíkur
23. júlí	Fjölskylduhátíðin Trilludagar á Siglufirði, útsýnissiglingar, trilluball og markaðir

Reykjanes, Suðurland, Suðaustur- & Suðvesturland

3.-10. júlí	Landsmót hestamanna á félagssvæði Geysis á Rangárbökkum á Hellu
7.-10. júlí	Kótelettan – Fjölskyldu- og tónlistarhátíð á Selfossi
8.-10. júlí	Flughátíðin á Hellu; karamellur, grillveisla og skýlisball
16.-17. júlí	Götubitahátíð í Hljómskálagarðinum, stærsta matarvagna- og götubitahátíð landsins

Vesturland, Norðvesturland & Vestfirðir

7.-10. júlí	Sandara- og Rifsaragleði í Snæfellsbæ
9. júlí	Bátadagar á Breiðafirði 9. júlí 2022, haldnir af félagi áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum. Farið verður til Hvalláturs þar sem rekin var afkastamikil bátasmíðastöð fram á 7. áratug síðustu aldar.
14.-17. júlí	Hlaupahátíð á Vestfjörðum þar sem keppt er í hlaupum, hjólreiðum, sjósundi og þríþraut
16. júlí	Ögurball í Súðavík
20.-24. júlí	Eldur í Húnaþingi – Bæjarhátíð á Hvammstanga

(Svo er nú sjálfsagt eitthvað sem hefur ekki komist á lista, en hér að ofanverðu er ýmislegt upptalið sem má skemmta sér við.)

GLÆSILEGT SUMARHÚS Í LANDI MIÐDALS VIÐ LAUGARVATN. T-GATA 11, 806 SELFOSS

Húsið verður til sýnis helgina 9. – 10. júlí n.k. Vinsamlegast hringið í síma 695 8611 fyrir frekari upplýsingar.

Sumarhús í landi Miðdals við Laugarvatn til sölu. Húsið er um 61 m2. Að auki er svefnloft og tvær útigeymslur. Heitur og kaldur pottur. Stór verönd, mikill og fallegur gróður. Lokað svæði með aðgangsstýrðu hliði. Húsið er í um 100 km akstursfjarlægð frá Reykjavík. Stutt í 9 holu golfvöll, gullna hringinn og verslun, sund og aðra þjónustu á Laugavatni.

Myndir og frekari upplýsingar má finna á facebooksíðu eignarinnar:

Sumarbústaður í Miðdal: T-Gata 11.

Verðhugmynd: 34,9 mkr.

Útihátíðin Uxi 95 var einn gleðskapurinn sem haldin var um verslunarmannahelgina árið 1995, nánar tiltekið á Kirkjubæjarklaustri. Fjöldi innlendra og erlendra tónlistarmanna komu fram, einna minnisstæðust var hljómsveitin Prodigy sem lifir í minningunni sem einn af helstu menningarviðburðum tíunda áratugarins.

Útihátíðir:

Vel varin með gleði í hjarta

Útihátíðir hafa viðgengist svo elstu menn muna og þá undir margvíslegum formerkjum. Þó, að staðaldri er þar mannmergð, tónlist og ýmsar uppákomur. Gjarnan dvelur fólk í tjöldum ef um ræðir lengri tíma en dagstund og þykir mörgum gaman að skvetta í sig sopanum.

Verslunarmannahelgin er stærsta helgi útihátíða, en þó hafa fyrstu þrjár helgarnar í júlí komið sterkar inn. Eru þar þekktastar **Bræðslan** á Borgarfirði eystri, sem upphaflega var haldin árið 2005 í tilefni 100 ára afmælis Jóhannesar Kjarvals listmálara, sem var fóstraður þar ungur að árum.

Var Emilíana Torrini fengin til að halda tónleika – sem hún gerði með stakri prýði innan dyra gamallar síldarbræðslu.

Nú í ár má finna listamenn undir merkjum Skálmaldar, Írafárs, Flott, Mugison&KK og Malen á sviðinu en löngu er uppselt á hátíðina sem verður þann 23. júlí.

Önnur vel kunn júlíhátíð er svo **Eistnaflug** sem haldin er fyrr í mánuðinum, nú í ár helgina 7.-9. júlí. Nafn hátíðarinnar er öfugsnúningur af nafni hátíðarinnar neistaflug, sem haldin er um verslunarmannahelgina, en líkt og Bræðslan var Eistnaflug haldið í fyrsta skipti árið 2005.

Þetta er þriggja daga (þunga) rokkhátíð sem fæstir ættu að láta framhjá sér fara, enda einstakur tónlistarsuðupottur eins og fram kemur á vefsíðu aðstandenda – og jafnvel listamenn á borð við Pál Óskar stigið þar á svið.

Hljómsveitirnar Sólstafir, Dark Funeral, Morpholith, Saktmóðigur og Igorr eru þar nöfn á lista í ár auk þess sem nokkuð verður um að erlendum gestahljómsveitum bregði þar fyrir.

Þriðja hátíð júlímánaðar sem kemst hér á blað er að sjálfsögðu **LungA,** en fyrst heyrðist af henni um aldamótin 2000.

Þar hefur aðalmarkmiðið verið að vekja athygli á menningu og listum auk þess að virkja sköpunarkraftinn undir sólargeislum dags og nætur. Þetta er fjölsótt hátíð, haldin vikuna 10.-17. júlí og má með sanni segja að þar megi víkka sjóndeildarhringinn á allan hátt. Meðal þess sem gestir geta unnt sér við eru dagleg sjóböð og sauna, bíómyndir, karaókí, listasmiðjur, gjörningar, tónlistarflutningar, dans og margt fleira nytsamlegt sál og líkama.

Kæti í kjötinu

Hátíðir sem þessar hafa, þrátt fyrir litskrúðugt úrval gesta, farið nokkuð friðsamlega fram. Ef litið er yfir síðustu 30-40 ár eru þó nokkrar sem eru minnisstæðari en aðrar og ef til vill ofboðið sumum.

Mögulega lesendum Tímans þann 9. ágúst árið 1989, en á forsíðunni stóð stórum skýrum stöfum ***„Fimm þúsund smokka hátíð í Húnaveri".*** Þeim sem brugðið hefur, hafa þó sjálfsagt samt sem áður fikrað sig aftar í blaðið, en í opnu þess var um fimmtán hundruð orða grein er lýsti á vel skrifaðan hátt verslunarmannahelgarhátíðinni „Húnaver ´89" sem Jakob Magnússon Stuðmaður og félagar hans í bandinu stóðu fyrir.

Vísaði fyrirsögn greinarinnar í smokkaþurrð er varð á hátíðinni en þeir bæði seldust upp á svæðinu auk þess sem apótek nærliggjandi bæja voru þurrausin. Haft var eftir Jakobi Magnússyni að þegar hefðu farið í sölu fimm þúsund smokkar og væru frekari birgðir á leiðinni.

Djarflega en varlega

Þessi gífurlega sala hlýtur þó að vekja stolt heilbrigðisyfirvalda – að almenningur skuli verja sig svona vel, en þremur árum áður tröllreið ein minnisstæðasta auglýsingabylgja Íslands yfir, „Smokkaplakötin" svokölluðu.

Mikið var um ærsl og læti á hátíðinni en þó báru nærsveitarmenn aðkomufólki vel söguna. Það er því gleði- og þakkarvert að svo skuli hafa farið í það skiptið, þrátt fyrir æsilega fyrirsögn, og voru aðstandendur að sama skapi ánægðir.

Útihátíðir er eitthvað sem ber að njóta til fulls, fara djarflega en varlega. */SP*

NAUTGRIPABÆNDUR ATHUGIÐ!

VEGNA MIKILLAR SÖLU ÓSKUM VIÐ EFTIR SAMSTARFI VIÐ BÆNDUR UM KAUP Á NAUTAKJÖTI. VIÐ GREIÐUM 10% ÁLAGSGREIÐSLUR PR. KG. VIÐ ÚTGEFIN VERÐLISTA HJÁ SLÁTURLEYFISHÖFUM Á ÞÁ GRIPI SEM NÁÐ HAFA 260 KG. FALLÞUNGA

FERSKAR KJÖTVÖRUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 414-6320
INGIBJORN@FERSKAR.IS

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm

Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm

Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max

Husqvarna K770 14"
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm

Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm

Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm

Husqvarna K4000
Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Gróðursetningardagur mótorhjólafélaganna sem standa að Mótorhjólaskógi, sem spannar stórt svæði við Heklu. Myndir /HLJ

Á 10 árum breytist land úr gróðurlausum mel í Mótorhjólaskóg:

Kolefnisjafnaður reynsluakstur

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Hjörtur L. Jónsson skrifaði vinsælar greinar um ökutæki og reynsluakstur í 299 tölublöð Bændablaðið. Skipti engu hvort um var að ræða bíla, traktora, mótorhjól, fjórhjól eða önnur faratæki.

Að sögn Hjartar fylgir reynsluakstri mengun eins og öðrum akstri. Hjörtur átti hugmyndina að skógrækt mótorhjólamanna við Heklurætur.

Í pistlum sínum nefndi Hjörtur aldrei að hann hefur frá 2009 kolefnisjafnað alla sína keyrslu, að vísu ekki í nafni Bændablaðsins heldur í nafni Slóðavina, mótorhjólaklúbbsins sem hann er í. Það sem áður var gróðurlaus auðn kallast í dag Mótorhjólaskógur.

Slóðavinir í samstarf við Hekluskóga

„Vorið 2009 hófu félagar í Ferða- og útivistarfélaginu Slóðavinum samstarf með Hekluskógum í að dreifa áburði á landsvæði rétt suður af Sultartangalóni sem kallast Vaðalda. Aðkoma á svæðið er erfið og því tilvalin fyrir Slóðavini sem eiga fjórhjól, sexhjól og torfærumótorhjól.“

Í framhaldi af því dreifðu Slóðavinir áburði á Vaðöldu og gróðursettu birki í þrjú vor á svæðinu.

Fimm mótorhjólafélög bætast við

Vorið 2011 fékk Hjörtur þá flugu í höfuðið að gera enn betur og bar upp hugmyndina við Hrein Óskarsson, þáverandi verkefnastjóra Hekluskóga.

„Hugmyndin gekk út á að Slóðavinir héldu áfram að græða upp Vaðöldu, en að bjóða öðrum mótor- hjólafélögum að græða upp 500 sinnum 500 metra reiti norður frá veginum þar sem Landvegur endar og skiptir í Sprengidalsleið eða Þjórsárdalsveg.

Hjörtur bauðst til að stjórna verkinu fyrir hönd mótorhjólamanna í samstarfi við verkefnastjóra Hekluskóga í tíu ár, betla áburð og koma honum í vegkantinn á svæði hvers félags.

„Í dag taka fimm mótorhjólaklúbbar þátt í verkefninu. Slóðavinir sinna Vaðöldu og talið frá Þjórsárbrú er fyrstur reitur BMW klúbbsins, síðan koma Skutlur kvennaklúbbur og svo er sameiginlegur reitur allra félaganna.

Þar fyrir austan eru HOG Íslandi, Harley Davidson eigendur, svo kemur auður reitur og síðan reitur Endurvinnslunnar og austast er reitur Gaflara úr Hafnafirði.“

Mótorhjólaskógur

„Til að vera sem mest skapandi og óháð Hekluskógum betluðum við áburð af nokkrum fyrirtækjum. Markmiðið var að fá sex stórsekki árlega til að hvert félag fengi einn sekk og sameiginlegi reiturinn líka. N1 hefur alltaf lánað vörubíl með krana til að flytja áburðinn á staðinn.

Samstarfið hófst formlega með lítilli athöfn á miðju svæðinu þann 19. maí 2012 þegar hvert félag plantaði einu reynitré. Trén voru á bilinu 40 til 60 sentímetrar á hæð og fékk svæðið heitið Mótorhjólaskógurinn. Núna, tíu árum seinna, hefur hvert félag dreift um 600 kílóum af áburði í sinn reit og plantað þar um 500 birkiplöntum og eru fyrstu reynitrén flest orðin yfir tveir metrar.

Á hverju ári er svo sameiginlegur landgræðsludagur seinni hluta maí og áburðinum ekið á staðinn og pokarnir hífðir í vegkantinn. Verkefnastjóri Hekluskóga kemur svo með birkiplöntur og geispur til að planta trjám.“

Áburðarsekkjum landað við skógræktarsvæði mótorhjólamanna.

Hjörtur L. Jónsson, mótorhjólakappi og skógræktarmaður.

30.000 trjáplöntur á tíu árum

Hjörtur segir að fyrstu árin hafi Skeljungur, Olís og Ölgerðin gefið allan áburðinn og N1 lánaði bíl til að flytja hann. „Betlið varð erfiðara með tímanum og var því sótt um styrk í Pokasjóði til áburðarkaupa. Við fengum styrkinn en tímdum ekki að nota hann og ákváðum bara að gerast grimmari í betlinu.

Mæting í gróðursetningu er góð.

Upplýsingaskilti Mótorhjólaskógar.

Í staðinn notuðum við styrkinn til að láta gera upplýsingaskilti um reit hvers félags og kynna þá sem gefa okkur áburð og eftir það gekk miklu betur að fá gefins áburð.

Núna tíu árum eftir að við hófum samstarfið erum við búin að planta yfir 30.000 plöntum og bera á um 35 tonn af áburði og svæðið norðan við veginn ber þess greinileg merki því á sumrin er allt þar að mestu grænt fyrir en óttaleg gróðursnauð fyrir sunnan veg,“ segir Hjörtur L. Jónsson sem er til alls líklegur.

Ný sending frá CP Metal

VERKFÆRI EHF

Vorum að taka upp nýja sendingu af skóflum,
Gaffalstykkjum og Ripperum frá CP Metal. S30 -150, S40

S30

T2 20 cm skófla S30-150	60.000 + vsk
T2 40 cm skófla S30-150	75.000 + vsk
T2 60 cm skófla S30-150	90.000 + vsk
T2 100 cm skófla S30-150	105.000 + vsk
T2 100 cm tilt-skófla S30-150	292.000 + vsk
T2 Ripper 85cm S30-150	126.000 + vsk
T2 Ripper 70cm S30-150	66.000 + vsk

S40

T3 30 cm skófla - S40	93.000 + vsk
T3 60 cm skófla - S40	129.000 + vsk
T4 30 cm skófla - S40	99.000 + vsk
T4 60 cm skófla - S40	141.000 + vsk
T5 40 cm skófla - S40	118.000 + vsk
T5 80 cm skófla - S40	211.000 + vsk
T3 100 cm skófla - S40	177.000 + vsk
T3 120 cm skófla - S40	186.000 + vsk
T4 130 cm skófla - S40	219.000 + vsk
T5 180 cm skófla - S40	312.000 + vsk
T3 120 cm tilt-skófla - S40	375.000 + vsk
T4 Ripper S40	118.000 + vsk
T5 Ripper S40	118.000 + vsk
Gaffalstikki S40 2,5 T 120 cm	350.000 + vsk

S45

T6 40 cm skófla S45	168.000 + vsk
T6 80 cm skófla S45	214.000 + vsk
T6 200 cm skófla S45	378.000 + vsk
Gaffalstikki S45 2,5 T 120 cm	370.000 + vsk
T6 Ripper 85cm Heavy duty S45	208.000 + vsk




www.verkfaeriehf.is S. 544-4210 sale@verkfaeriehf.is Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi

TIL SÖLU

FYRIRTÆKI Í REKSTRI - MIKLIR MÖGULEIKAR

BHS ehf. bíla- og vélaverkstæði Fossbrún 2, 621 Dalvík

Nánari lýsing:
BHS Fyrirtæki

ENOR

Hafnarstræti 53 • 600 Akureyri • 430 1800 • enor@enor.is • www.enor.is/is/vordusteinn

LÍF & STARF

Vinir Ferguson keyra Vestfirðina til að styrkja Barnaheill:

Á traktor gegn einelti

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Karl G. Friðriksson og Grétar Gústavsson við Massey Ferguson 35x árgerð 1963 sem verður notaður til þess að keyra Vestfjarðahringinn í sumar. Mynd / ÁL

Æskuvinirnir Karl G. Friðriksson og Grétar Gústavsson ætla að aka Vestfjarðahringinn í sumar.

Með því ætla þeir að láta gott af sér leiða og safna styrkjum fyrir Vináttu, sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti. Árið 2015 óku þeir félagar hringinn í kringum landið á þjóðvegi 1 til þess að vekja máls á þessu sama málefni.

„Við ætlum að klára það sem eftir er af hringnum núna í sumar með því að aka Vestfirðina frá Staðarskála að Hvanneyri. Við leggjum af stað frá Staðarskála miðvikudaginn 13. júlí klukkan tíu og vonumst til þess að sjá sem flesta. Við höfum verið í sambandi við nokkra bændur og Ferguson-áhugamenn á svæðinu, en öllum er velkomið að koma. Það skemmir ekki fyrir ef menn mæta á Ferguson. Ef allt gengur að óskum þá komum við í mark á Hvanneyri þann 20. júlí,“ segir Karl.

Félagarnir munu stoppa í leikskólum á leiðinni til þess að kynna verkefni Barnaheilla Vinátta gegn einelti, sem er fyrirbyggjandi verkefni fyrir leikskólabörn. „Við ferðumst með fjólubláan bangsa sem heitir Blær, sem er einkennismerki verkefnisins, og við munum taka hann með okkur á leikskólana,“ segir Karl.

„Jafnframt munum við heimsækja nokkur fyrirtæki á svæðinu þar sem þau ætla að lýsa yfir stuðningi við verkefnið, en auðvitað munum við líka heimsækja bændur þegar við erum að keyra um sveitirnar; rennum í hlað, heilsum og eigum vonandi gott samtal um landsins gagn og nauðsynjar.“

Keyra 100 km á fjórum tímum

„Við getum keyrt í 10–13 tíma á dag,“ segir Grétar. „Það er hins vegar mjög misjafnt. Suma daga keyrum við bara í tvo tíma og jafnvel ekki neitt. Við erum að jafnaði fjóra klukkutíma að keyra hundrað kílómetra með stoppum.“

Félagarnir beita ýmsum ráðum til þess að halda kostnaði við ferðalagið í lágmarki. „Við erum að reyna að fá vini og vandamenn til þess að styðja okkur, en við viljum helst að peningurinn sem við söfnum renni beint í Barnaheill. Við höfum til að mynda leitað til vina, vandamanna og vina þeirra eftir gistingu til þess að spara kostnað,“ segir Karl.

Gamall draumur æskuvina

Grétar og Karl kynntust ungir að aldri í sveit á Valdarási í Fitjárdal í Vestur-Húnavatnssýslu. „Ég var sex ára þegar ég kom þangað og Karl var fimm ára þegar hann kom fyrst. Ég bjó þarna alveg þangað til ég var 17 ára og Karl var alltaf í sveit þarna á sumrin,“ segir Grétar.

Karl bendir á fagurrauðan Massey Ferguson 35x við hlið sér. „Þegar þessi gripur kemur í hlaðið árið 1963 vorum við farnir að keyra traktora og tókum ástfóstri við vélina. Þetta er sama vélin og kom á Valdarás á sjöunda áratugnum. Hin vélin sem við notum er sambærileg og er í eigu Hauks Júlíussonar á Hvanneyri. Hann hefur verið einstök hjálparhella í báðum þessum ævintýraferðum okkar.“

Vinir Ferguson ungir að árum á Valdarási í Fitjárdal. Mynd / Einkaeign

Axel Guðmundsson, bóndi á Valdarási, keypti vélina á sínum tíma en að sögn Grétars lærði hann aldrei að keyra traktor. „Við urðum því hálfgerðir umsjónarmenn vélarinnar, ég tíu ára og Karl átta ára. Ég segi svo við Karl þarna um sumarið að það væri nú gaman að fara hringinn á þessum traktor. Við veltum því mikið fyrir okkur en við vissum ekki alveg hvernig við ættum að komast yfir Skeiðarársand. Svo hringir Karl í mig fyrir nokkrum árum og fer að spyrja mig hvort við ætlum ekki að láta verða af því að fara hringinn þar sem að allt sé orðið brúað og fínt. Ég hélt fyrst að hann væri að grínast, en svo hélt hann áfram að ýta á eftir þessu. Að lokum ákváðum við að láta verða af því og fórum hringveginn sumarið 2015.“

Allir styrkir af ferðinni renna í verkefni Barnaheilla

Meðal stuðningsaðila ferðarinnar eru Olís, N1, Húsasmiðjan, Búvélar, Plexigler og Bílagler. „Okkur hefur alls staðar verið tekið opnum örmum, en við höfum ekki verið sérstaklega að leita styrkja til þess að kosta sjálfa ferðina, heldur höfum við verið að hvetja fyrirtæki og fólk til þess að styrkja Barnaheill,“ segir Karl.

„Ég man ekki nákvæmlega hvað við náðum að safna miklum fjármunum síðast, en Erna Reynisdóttir hjá Barnaheillum sagði okkur eftir ferðina að Vináttuverkefnið væri komið í meira en helming allra leikskóla á landinu og þessi fjáröflun hjálpaði til við það,“ segir Karl. „Peningarnir söfnuðust bæði þegar við vorum að keyra og þegar við gáfum út bókina Vinir Ferguson. Allar tekjur af sölu þeirrar bókar fóru í verkefnið.“

Með ferðinni vilja félagarnir leggja sérstaka áherslu á hugtakið „vinátta“ enda hafa þeir haldið í sína miklu vináttu þótt þeir færu ólíkar leiðir í lífinu. „Grétar varð fyrir miklu einelti og átti erfiða æsku. Sjálfur finn ég mikið til með fólki sem fær ekki þá virðingu sem það á skilið. Þetta hefur sérstaklega mikil áhrif á börn,“ segir Karl.

Hægt er að fylgjast með ferðum félaganna á Facebook og Instagram, undir Vinir Ferguson og Vestfjarða. Þau sem vilja leggja verkefninu lið geta sent SMS skilaboðin „Barnaheill“ í síma 1900 og styrkt um 1.900 krónur. Það er líka hægt að styrkja verkefnið í gegnum heimasíðuna barnaheill.is.

Saman látum við stóru verkin tala

Rúko óskar Ingileifi Jónssyni ehf
til hamingju með nýliðana

Liebherr PR776 jarðýta
Liebherr R938 G8.0 beltagrafa

ruko@ruko.is | ruko.is | 534 6050

RÚKO Vinnuvélar

MHG VERSLUN

Husqvarna á Íslandi

Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm

Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl

Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl

Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl

Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl

Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG

Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm

Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm

Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm

Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm

Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl

Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli

Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli

Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli

Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli

Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli

MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | **Sími** 544 4656 | **www.**mhg.is

LÍF & STARF

Hefur stundað tómatarækt í nær 60 ár í Reykholti í Borgarfirði:

„Enda eins og ég byrjaði með föður mínum nítján ára gamall“

– Sveinn Björnsson er einn af fáum garðyrkjubændum sem ræktar beint í moldina og lýsir ekki í gróðurhúsum sínum

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Feðginin Sveinn Björnsson og Gunnhildur Sveinsdóttir standa nú saman að rekstri garðyrkjustöðvarinnar á Varmalandi. Myndir / smh

Sveinn Björnsson, garðyrkjubóndi á Varmalandi í Reykholti, hefur stundað tómatarækt í nálægt 60 ár. Hann segist ekkert endilega hafa ætlað að verða garðyrkjubóndi, en þegar hann byrjaði að hjálpa föður sínum, Birni Ólafssyni, við stöðina, nítján ára gamall, hafi örlög hans verið ráðin.

„Ég er enn með hluta af framleiðslunni á minni ábyrgð, en Gunnhildur, yngsta dóttir mín, er tekin við hluta af ræktuninni þetta árið,“ segir Sveinn spurður um hvort hann sé enn í ræktuninni af fullum krafti. „Hún kom inn í þetta í vetur, þegar það lá fyrir að ég þyrfti að fara að hægja talsvert á mér. Það mætti kannski segja að þetta sé aðlögunarferli að því að ég hætti.“

Enda eins og ég byrjaði

Sveinn segir að hann sé í raun kominn í þá stöðu sem hann var í þegar hann byrjaði að hjálpa föður sínum á fyrstu árunum. Nema nú hjálpi hann dóttur sinni með allt umfangið – en garðyrkjustöðin framleiddi alls um 60 tonn af tómötum þegar mest lét, en nokkuð minna núna, á rúmlega 2.000 fermetra gólffleti í alls fjórum gróðurhúsum.

„Gunnhildur hefur alltaf verið hjá mér á sumrin og er reyndar eina barnið af þeim fimm sem ég á sem hefur áhuga á að stunda þessa ræktun.

Þegar mikið hefur legið við hafa öll börnin viljað hjálpa til, sérstaklega við útplöntun og pottun.

En ég byrjaði sumsé tómataræktun hér 1964. Fyrir var eitt gróðurhús sem faðir minn rak, en svo byggðum við saman nýtt hús, sem ég fékk í fangið og rak undir eigin númeri.

Svo hjálpaði ég honum svona eftir þörfum. Það má því segja að ég endi hér eins og ég byrjaði.“

Einn af fáum sem ræktar í mold og lýsir ekki

„Ég er einn af fáum tómataræktendum eftir sem ræktum beint í jörðina en ekki í steinull eða vikri eins og nú tíðkast gjarnan. Ég er heldur ekki með lýsingu, nema í uppeldinu, þannig að framleiðsluferillinn er allur mun hægari og mun minni uppskera. Ég þarf svo að sótthreinsa moldina með heitu vatni eftir ræktunartímabilið.

Þeir sem framleiða hvað mest ná allt að þrefalt meiri uppskeru en ég, en þeir þurfa að skipta út plöntum nokkrum sinnum á ári til að halda uppi framleiðslunni,“ segir Sveinn.

Vistvæn ræktun

Í næsta nágrenni við Varmaland eru tveir kunnir hverir; Skrifla og Dynkur. Sá fyrrnefndi er þekktur af því að frá honum var – og er enn – heitu vatni veitt í Snorralaug. Gróðurhúsin eru hins vegar hituð með jarðhita úr borholu á staðnum. Sveinn segir að þegar borað var eftir heitu vatni á svæðinu hafi þeir nánast horfið, en þeir voru áður fyrr goshverir.

Vistvæn ræktun er á Varmalandi, býflugur sjá um frjóvgun plantna og lífrænum vörnum er beitt.

„Ræktunarferillinn hjá mér er alltaf svipaður frá ári til árs; ég reyni alltaf að sá í síðustu vikunni í desember og planta út í kringum 10. febrúar. Það skilar okkur oftast fyrstu rauðu tómötunum síðast í mars og svo jafnt og þétt fram í miðjan nóvember. Þá hendi ég plöntunum út og þríf húsin.

Það má segja að þetta sé gamla lagið sem ég hef haldið mig við. Ég hef ekki fundið neina sérstaka þörf á að breyta þessu, það hefði líka verið talsvert umstang miðað við húsakostinn í dag. Ef ég ætlaði að fara að lýsa til dæmis þá þyrfti ég að fara að tjakka upp húsin og breyta þeim til að skapa fullnægjandi aðstöðu til lýsingarinnar.“

Stundum hefur verið talað um að tómatar sem vaxa beint í moldina séu bragðbetri en aðrir tómatar. Sveinn segir að í þeim efnum sé alls kyns sérviska. „Sumir segja að þeir séu miklu betri úr jarðvegi, en aðrir eru ekki sammála því.“

Yfirburðir íslenska vatnsins

Sveinn segir að hvað sem bragðgæðum líði á milli garðyrkjustöðva, sé ljóst að íslensku tómatarnir hafi yfirburði í íslenska vatninu þegar kemur að samkeppninni við innfluttu vörurnar.

„Tómaturinn er að langmestu leyti vatn og ef það er í hæsta gæðaflokki – eins og okkar er – þá eru ágætir möguleikar á því að uppskeran verði það líka. Loftgæðin hér skipta auðvitað líka miklu máli.“

Á Varmalandi hafa frá byrjun verið ræktaðir tómatar sem segja má að séu hefðbundnir í lit, lögun og stærð, þó þeir geti verið aðeins misstórir.

„Ég man að við vorum fyrst með danskar tegundir en síðan margar sortir af tómötum, því tilfellið er að þær duga ekki mjög lengi heldur úrkynjast. Maður er líka alltaf að leita að nýjum sortum, þannig að þær sem við vorum með fyrir kannski tíu árum eru ekkert til í dag og jafnvel ekkert frærræktaðar. En þetta lítur allt eins út, má segja.“

Miklar breytingar á húsakosti

Þegar Sveinn lítur um farinn veg segir hann að breytingarnar hafi orðið mestar á aðstöðu hjá þeim á fyrstu árunum, en síðan hefur þetta verið svipað á seinni hlutanum.

„Breyting á húsakostinum hefur þannig verið kannski mesta byltingin og auðvitað kynbæturnar

Lífræn hreinsistöð

• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Garðyrkjustöðin á Varmalandi í Reykholti telst vera ein sú elsta á landinu.

Hverinn Skrifla þjónar nú því einu hlutverki að veita heitu vatni í Snorralaug. Varmaland er í baksýn.

á tómötunum. Nú er til dæmis tölvustýring á hitanum en áður var þessu öllu stjórnað með handafli. Fyrstu húsin voru miklu lægri og vegghæðin ekki nema 1,60–1,80 metrar kannski. Þegar ég byrjaði var plöntunum leyft að vaxa upp í vír sem lá í um þriggja metra hæð, þá var tekinn toppurinn af. Núna hins vegar set ég litlu plönturnar inn í húsin í febrúar og þegar ég hendi þeim út í nóvember eru þær orðnar um átta metra háar. Þá er plantan búin kannski að skila af sér 40-50 klösum á hennar líftíma.

Ég held að það sé rétt munað hjá mér að uppskeran hafi í kringum 1960 verið um 16 kíló á fermetra, en hún er komin mest í 31 kíló núna á fermetrann í ólýstu húsunum. Ég er líka bara sáttur við það – maður er ekki með sama metnaðinn hvað þetta verðar í dag. Aðalatriðið er að halda í horfinu. Hjá þeim sem framleiða hvað mest hérna á Íslandi er framleiðslan yfir 100 kíló á fermetrann undir ljósum.“

Með elstu garðyrkjustöðvum landsins

Sem fyrr segir kom Sveinn fyrst að ræktun og rekstri á Varmalandi 19 ára gamall árið 1964. Garðyrkjustöðin var reist árið 1938 og telst með elstu garðyrkjustöðvum landsins. Hún var að sögn Sveins byggð af nokkrum sauðfjárbændum í sveitinni sem lentu í mæðuveiki með sitt sauðfé og hjarðir þeirra voru skornar niður.

Faðir hans var garðyrkjuskólagenginn og með reynslu frá annarri stöð þegar sauðfjárbændurnir fengu hann loks til að reka stöðina sína. „Þegar þeir voru komnir með kindur á ný vildu þeir losna út úr garðyrkjurekstrinum og þá keypti pabbi stöðina. Hann rak hana allt þar til hann féll frá 1971. Ég var ekkert endilega spenntur fyrir því að verða garðyrkjubóndi – og alls ekki þegar ég var yngri – en ég datt inn í það að taka við þessu og síðan þróaðist þetta bara svona. Ég kunni ekki verr við þetta en svo.

Ég hafði unnið við ýmislegt annað eins og bílaviðgerðir, múrverk og byggingarvinnu – sem reyndar kom sér mjög vel þegar ég þurfti að fara að byggja mér hús árið 1973 og endurnýja gróðurhúsin. Það gerði ég alveg sjálfur og margir eiga erfitt með að trúa því, sérstaklega útlendingarnir. Þeir spyrja gjarnan hvaðan húsin komi – eins og það sé allt flutt inn frá Danmörku eða Hollandi. Ég fékk hins vegar alltaf teikningar frá Byggingastofnun landbúnaðarins. Ég fór alltaf að langmestu leyti eftir þeim, en gerði reyndar þær breytingar að gera byggingarnar alltaf aðeins sterkari en lagt var upp með í teikningunum. Það hefur komið sér til góða, því ég hef ekki lent í eins miklu tjóni og margir aðrir. Ég fékk góða hjálp hjá vinum og vandamönnum við að glerja húsin.“

Sveinn byggði eigin gróðurhús eftir teikningum frá Byggingastofnun landbúnaðarins, en hafði þau enn sterkari en þar var gert ráð fyrir. Meira járn er í húsunum, fleiri langbönd og sterkara gler.

Meiri vinna en margur heldur

Sveinn er sáttur við sinn tíma sem tómataræktandi.

„Þetta hefur verið margfalt meiri vinna en margir halda og mjög bindandi. Ég hef alltaf haft einhverja hjálp hjá mér, en það hefur verið misjafnt hversu mikinn mannafla ég hef þurft. Það þarf til að mynda alltaf meira starfsfólk ef verið er að pakka í neytendaumbúðir.

Elsti strákurinn minn hefur alltaf hjálpað mér við sáningu og á fyrstu stigum ræktunarinnar. Síðan hefur Gunnhildur og kærastinn hennar komið síðustu ár til hjálpar. En ég hef átt í mjög góðu sambandi við norræna verkefnið Nordjobb – og fengið starfsfólk í gegnum það. Það hefur reynst mér mjög vel.

Nú er ég bara glaður yfir því að hafa fengið Gunnhildi með mér inn í þetta.“

HROSS & HESTAMENNSKA

Hefðarkonur og fákar þeirra við Stóru-Laxá. Frá vinstri; Anna Björg Níelsdóttir, Vigdís Þorvaldsdóttir, Jenný Erlingsdóttir, Sigríður Sigfúsdóttir, Dagbjört Guðmundsdóttir, Sigríður Hrönn Gunnarsdóttir, Guðbjörg Rósa Björnsdóttir, Ásta B. Gunnlaugsdóttir, Elsa Ingjaldsdóttir, Margrét Stefánsdóttir, Erna Ingvarsdóttir og Elín Bjarnveig Sveinsdóttir. Á myndina vantar Hörpu Dís Harðardóttur, Margréti K. Erlingsdóttur, Jóhönnu Kristínu Guðmundsdóttur, Sjöfn Sveinsdóttur og Hrönn Guðmundsdóttur.

Myndir / ghp

Hestaferðir:

Hesturinn er sameiningartákn

– Árlegur þriggja daga reiðtúr sautján hefðarkvenna skapar ómetanlega vináttu

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Sautján konur hafa í fjórtán ár lagt upp í hestaferð kringum Jónsmessu. Þær setja tvö skilyrði; að gisting og matur sé eins og best verður á kosið, enda er fylkingin samansafn sannkallaðra hefðarkvenna.

Oft verða góðar hugmyndir til í gleðskap. Svo er annað mál hvort hugmyndirnar verða að veruleika. Í tilfelli „Hefðarkvenna“, eins og þær kjósa að kalla sig, létu nokkrar konur gjörð fylgja orðum. Þær hóuðu saman nokkrum kunningjakonum, sem þær vissu til að hefðu stigið á bak hesti, og héldu í hestaferð.

„Í upphafi tengdumst við margar hverjar lítið sem ekkert, nema í gegnum þennan hóp. Við erum ólíkar konur, komum úr ólíkum áttum, erum á ólíkum aldri, að fást við ólíka hluti dagsdaglega,“ segir Erna Ingvarsdóttir, en tuttugu ár eru á milli elstu og yngstu hefðarkonunnar.

Þrjár þeirra eru valdar ár hvert til að undirbúa ferðina, sem alltaf er haldinn á sama tíma árs; í þrjá daga kringum Jónsmessu. Undirbúningsnefndin finnur til gistingu við hæfi kringum skemmtilegar reiðleiðir. Þær Elsa Ingjaldsdóttir, Erna Ingvarsdóttir og Elín Bjarnveig Sveinsdóttir mönnuðu undirbúningsnefndina í ár.

Sumar hefðarkvennanna eru alvanir knapar með hesta á húsi ár hvert, meðan aðrar stíga á bak einstaka sinnum. Skiptir það þó engu máli enda er erfiðleikastig ferðaleiðar ekki markmiðið. Sigríður Hrönn Gunnarsdóttir, Guðbjörg Rósa Björnsdóttir og Margrét Stefánsdóttir í forgrunni.

Hrossin, landið og við

Sumar hefðarkvennanna eru alvanir knapar með hesta á húsi ár hvert, meðan aðrar stíga á bak einstaka sinnum. Skiptir það þó engu máli enda er erfiðleikastig ferðaleiðar ekki markmiðið.

„Þetta snýst um að vera úti í náttúrunni og takast á við verkefnið saman. Við leggjum upp með að vera á góðum reiðgötum svo við njótum þess bara að vera á töltinu og upplifum að vera á hestunum. Þegar maður er í þrjá daga í röð með hestunum sínum verður sú þrenning að einu. Það er mjög sterk upplifun,“ segir Erna og Elsa tekur undir á háfleygum nótum: „Við verðum eitt; hrossin, landið og við.“

Að öllu gamni slepptu segir Elsa hestaferðir tilvalda leið til að slíta sig frá veruleikanum um stund. Hestaferðir séu núvitund í sinni tærustu mynd.

„Mér þykir yndislegast þegar við erum búnar að ríða okkur svolítið saman og erum farnar að þegja og njóta. Þá erum við í núinu. Við hættum að hafa áhyggjur af vandamálum heima, óborguðum reikningum eða daglegu amstri. Við erum bara hér og nú og hugsum ekki um neitt nema áskorun ferðarinnar, sem getur verið veðrið, reiðleiðin eða bara nýr hestur. Verkefnin verða öll svo yfirstíganleg. Eftir daginn erum við samt alltaf búnar að leysa verkefnin saman,“ segir Elsa.

Eiginmennirnir öfundast

Í ferðunum gera konurnar vel við sig eins og sönnum drottningum sæmir.

„Við leggjum upp með að ferðunum fylgi ákveðinn munaður; uppábúin rúm og góður matur. Við höfum verið heppnar öll fjórtán árin, enda leynast litlar perlur víða um land fyrir hópa í okkar stærð,“ bendir Elsa á. Í ár var heimahöfnin gistihúsið Álftröð á Skeiðum, sem

Ferðir Hefðarkvennanna hafa bundið saman mjög dýrmæta vináttu og sterk tengsl. Jenný Erlingsdóttir, Sigríður Sigfúsdóttir og Dagbjört Guðmundsdóttir.

þær leigðu í heilu lagi. Því fylgdi góð aðstaða fyrir bæði menn og hross.

Riðið var frá Álftröð fallega leið upp að Flúðum þar sem konurnar böðuðu sig í Gömlu lauginni.

Þriðja daginn var svo komið við í kaffi hjá Elsu í Syðra-Langholti áður en hópurinn óð Stóru-Laxá áleiðis að Álftröð.

„Eiginmennirnir öfunda okkur af þessum félagsskap og eftir fjórtán ár þá þekkjum við ekki bara ferðafélagana heldur fjölskyldur þeirra líka. Ferðirnar hafa því bundið saman mjög dýrmæta vináttu og sterk tengsl," segir Elsa.

Erna nefnir enn fremur að hrossin séu farin að þekkjast innbyrðis. „Sumir hestarnir hafa fylgt okkur í flestar ferðir og farin að mynda tengsl sín á milli. Sem gerir það að verkum að hópurinn er mjög rólegur. Svo er líka merkilegt að við erum eins og beljur á bás á baki.

Við virðumst alltaf fara í ákveðna röð í reiðtúrunum."

Hesturinn spinnur þræði

Þessi árlegi viðburður vinkvennanna sautján er þeim öllum kær og ómissandi partur af lífinu. Ein býr erlendis en flýgur ávallt heim til að taka þátt. Ef heilsufar kemur í veg fyrir að einhver kemst á bak tekur hún þó þátt í máltíðum og gistingu.

„Hesturinn er svo miklu meira en skepna og sameinar miklu meira en sig og knapann sem á honum situr. Hann er sameiningartákn.

Hann býr til þráð milli sín og mannsins, en spinnur líka þræði milli fólks í kringum sig. Í okkar tilfelli hefur hesturinn skapað þessa dýrmætu vináttu," segir Elsa „hefðarkona" Ingjaldsdóttir.

„Hesturinn er svo miklu meira en skepna og sameinar miklu meira en sig og knapann sem á honum situr. Hann býr til þráð milli sín og mannsins, en spinnur líka þræði milli fólks í kringum sig. Í okkar tilfelli hefur hesturinn skapað þessa dýrmætu vináttu," segir Elsa Ingjaldsdóttir en þær Erna Ingvarsdóttir sem hér togast á tóku að sér að vera viðmælendur Bændablaðsins.

Hefðarkonur vaða Stóru-Laxá. Ákveðin röð virðist alltaf mótast í reiðtúrunum gegnum árin. Elsa (hér fremst) er oftast framarlega, þar sem hún þekkir gjarnan reiðleiðirnar.

LOKSINS · LOKSINS · LOKSINS

Vorsendingin okkar er loksins komin í hús

Nú eigum við öll garðhúsin okkar og minni gestahúsin til á lager - Takmarkað magn

FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR - EKKI MISSA AF ÞESSU

www.volundarhus.is

44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

GARÐHÚS 4,4m²

GARÐHÚS 4,7m²

GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs

GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

VH/21-02

völundarhús.is

Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

Staðgreiðslu lán

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

LÍF & STARF

Björgvin Þór við sáningu í Gunnarsholti. Myndir / smh

Flugdreka-fuglafælan virkar vel í Gunnarsholti:

Álftirnar fóru og hafa ekki verið meira til ama

Eitt af langlífustu umkvörtunarefnum bænda í jarðrækt er ágangur fugla; aðallega gæsa og álfta. Fjölmargar aðferðir hafa verið reyndar í baráttunni við að vernda verðmætin í ræktarlöndunum en fáar virðast duga að fullu.

Nýlega birti Björgvin Þór Harðarson, svína- og kornbóndi í Laxárdal, stöðufærslu í Facebook-hópnum Kornrækt á Íslandi frá hveitiakri sínum í Gunnarsholti þar sem hann lýsir ánægju sinni með flugdreka-fuglafælu sína, sem er nýjasta vopnið í vopnabúrinu.

Í færslunni segir Björgvin að flugdreka-fuglafælan sem hann setti upp sé í líki fálka og hugsuð til að fæla álftir úr akri með vetrarhveiti í. Áður en hann setti þá upp hafi verið um 50 álftir í rúmlega 30 hektara akri. Þær hafi farið strax og hann setti upp þrjá flugdreka og hafi ekki verið meira til ama.

Fálkar sem hreyfast eftir ákveðnu mynstri

„Ég hef séð svona fugla á stöng víða erlendis, en þessir eru sérhannaðir til að fljúga eftir ákveðnu mynstri sem fælir aðra fugla frá," segir Björgvin Þór. Eins og flestir aðrir kornbændur hefur hann prófað ýmislegt til varnar vágestunum.

„Ég hef til dæmis prófað venjulegar fuglahræður, geisladiska á staur, sett eitthvað við akurinn, tæki eða annað og einnig hljóðfælur sem spila viðvörunarhljóð fugla. Sumt af þessu virkar í einhvern tíma og svo ekki meir. Einnig er ég með fimm hektara akur sem er sérstaklega ætlaður fyrir fuglinn þannig að maður býr til svæði þar sem hann má vera. Þá fá aðrir akrar frið á meðan, en það er náttúrlega kostnaður við það. Fálkinn hefur komið einna best út, þarf ekkert viðhald, það er rafgeymi eða annað, og þetta er mjög góð og sterk framleiðsla á þessum flugdrekum. Ég var með þá úti síðasta haust fram í nóvember og það sá ekki á þeim."

Virkar líklega á flesta fugla

Björgvin telur að flugdrekinn muni virka á flesta fugla.

„Þetta heldur gæsinni klárlega frá en ég hugsa að þetta virki á flesta fugla – svipaðir drekar eru notaðir heima við bæi erlendis hef ég séð til að stugga við starra og öðrum spörfuglum."Sagnir eru af miklu tjóni sem bændur hafa orðið fyrir vegna ágangs álfta og gæsa og Björgvin er þar engin undantekning.

„Það er mjög misjafnt eftir árferði hversu mikið tjónið verður.

Ef það haustar snemma þá er ágangurinn miklu harðari.

En ég hugsa að mesta tjónið hafi verið um 100 tonn af korni sem fóru í fuglinn eitt haustið.

Flugdreka-fuglafælan á lofti í Gunnarsholti. Á innfelldu myndinni er Björgvin Þór Harðarson, korn- og svínabóndi í Laxárdal. Myndir / BÞH

Kornið lítur vel út

Björgvin er einn fárra kornbænda sem hefur náð ágætum árangri með ræktun á hveiti á undanförnum árum, sem hann nýtir sem fóður í svínaræktina.

„Ég er að rækta hveiti á um 42 hekturum, það er svipað og undanfarin ár.

En almennt lítur kornið mjög vel út. Það var mjög lítið frost í jörðu í vor og góður raki þannig að kornið fór vel af stað og tíðin hefur haldist góð síðan, þannig að það er hægt að gera sér vonir um rúmlega meðalár í uppskeru í haust."

Hann telur möguleika íslenskrar kornræktar til framtíðar vera ágæta, heilmikið land sé til á Íslandi sem ekki er notað en væri hægt að nýta í ræktun á byggi og fleiri tegundum.

„Þar má nefna hveiti, nepju, kúmen, bóndabaunir. En það þarf að ná tökum á þeim vandamálum sem herja á okkur hér. Það er náttúrlega fuglinn og svo eru það veðrin á haustin sem geta skemmt mikið fyrir.

Það er hægt að lágmarka það tjón með markvissum aðgerðum sem miða að því að auka ræktunaröryggið. En öll þessi ræktun byggir líka á því að við höfum aðgang að yrkjum sem henta okkar aðstæðum og því er mikilvægt að kynbætur og þróun á nýjum yrkjum fyrir okkar aðstæður sé með miklum sóma." */smh*

YLEININGAR

YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁL-KLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS-EÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samloku-einingar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: bondi@byko.is



SAMAN Í 60 ÁR BYKO | bondi@byko.is

Mynd / Aðsend

Þessi glæsilegi hafur, sem heitir Þorri, á heima á bænum Felli í Finnafirði. Eigandi hans er Reimar Sigurjónsson. Fell er á Norðausturlandi á Langanesströnd, sem liggur milli Þórshafnar og Bakkafjarðar. Þar er stunduð ferðaþjónusta og landbúnaður í smáum stíl.

„Þorri er 2015 árgerð, fæddur 10. febrúar. Hann var vanaður fyrir tveimur árum. Hann er algjört gæðablóð og í miklu uppáhaldi hér á bænum," segir Reimar, sem fékk 24 kið í vor en á Felli eru 20 vetrarfóðraðar geitur og tuttugu kindur. */MHH*

Útbreiðsla fjölónæmra baktería í Bretlandi er meiri en áður var talið.
Mynd / Diego San

Bretland:
Banvæn baktería í svínakjöti
– Sýklalyfjaónæmi breiðist út

Enterococci bakteríur með sérstaklega öflugt ónæmi gagnvart sýklalyfjum fundust í svínakjöti sem stendur breskum neytendum til boða.

Samkvæmt nýrri rannsókn sjálfstæðrar rannsóknarstofu á Bretlandi fundust enterococci bakteríur í 25 sýnum af 103.

Enterococci bakteríurnar í 23 af 25 sýktu sýnunum sýndu ónæmi fyrir minnst einni tegund sýklalyfja. Rannsóknaraðilar hafa sérstakar áhyggjur af því að 13 sýni höfðu að geyma bakteríur sem sýndu ónæmi fyrir sýklalyfinu Vankómýcín en sýkingar af þeirra völdum geta í verstu tilfellum leitt til dauða. Vankómýcín er mjög sterkt og hættumikið sýklalyf af flokki lyfja sem nefnist glýkópeptíð.

Það er með mjög þröngt verkunarsvið og einungis notað þegar önnur lyf hafa ekki virkað. The Guardian greinir frá.

Sýklalyfjaónæmi er vaxandi vandamál í Evrópu, en ein helsta ástæða fjölgunar fjölónæmra baktería er mikil notkun sýklalyfja í landbúnaði; sérstaklega til þess að fyrirbyggja og meðhöndla sýkingar á verksmiðjubúum.

Vegna fjölgunar á enterococci og öðrum fjölónæmum bakteríum hafa verið framkvæmdar stikkprufur í kjöti í verslunum undanfarin ár. Í rannsókn á vegum breskra stjórnvalda frá árinu 2018 reyndist eitt sýni af hundrað sem voru tekin af svína- og alifuglakjöti vera sýkt, á meðan í áðurnefndri rannsókn fundust enterocicci bakteríur í 25 af 103 sýnum.

Sérstaka athygli vakti að bakteríurnar fundust í kjöti úr lífrænni ræktun, þrátt fyrir að þar sé talsvert minni sýklalyfjanotkun. Þessar niðurstöður sýna að sýklalyfjanotkun er farin úr böndunum innan ákveðinna geira kjötframleiðslunnar, en meira en helmingur sýklalyfja heimsins eru notuð í búfénað.

Vankómýcín sýklalyfið var mikið notað erlendis til þess að auka vaxtarhraða búfénaðar þangað til að Evrópusambandið lagði bann við notkun þess í landbúnaði árið 1997. Taumhald var sett á þetta lyf þar sem sýnt var fram á að mikil notkun þess hefði leitt til fjölgunar baktería með ónæmi fyrir glýkópeptíð sýklalyfjum sem geta dreift sér úr búfénaði yfir í fólk.

Þrátt fyrir að Vankómýcín hafi ekki verið notað í 25 ár hafa rannsóknir sýnt fram á að vegna mikillar notkunar annarra sýklalyfja eru bakteríur með ónæmi fyrir glýkópeptíð sýklalyfjum enn útbreiddar í evrópskum landbúnaði.

/ÁL

limtrevirnet.is

FALLEGAR HURÐIR SEM ÞÚ GETUR TREYST

Traustar bílskúrs- og iðnaðarhurðir frá Lindab og Krispol



- Áratugareynsla við íslenskar aðstæður
- Uppsetning í boði á hurðum og viðbótarbúnaði
- Stuttur afgreiðslutími og fjölbreytt úrval
- Margir litir og fylgihlutir í boði

skoðaðu úrvalið limtrevirnet.is

LímtréVirnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

ÆÐARBÆNDUR!

Hreinsun er komin í fullan gang!

Getum bætt við okkur æðardúni í hreinsun og sölu.

Greiðum flutningskostnað.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Erla Friðriksdóttir í síma 899 8369 & erla@kingeider.is

ÍSLENSKUR ÆÐARDÚNN

Dúnhreinsun - Nesvegur 13 - 340 Stykkishólmi

UTAN ÚR HEIMI

Landbúnaður í Hollandi:

Átök vegna áætlaðrar mengunar

Bændur mótmæltu víða um Holland í lok júní þegar þingmenn greiddu atkvæði um tillögur að lagabreytingum varðandi losun afar skaðlegra mengunarvalda. Áætlun þessi mun líklega neyða bændur til að skera niður búfé sitt eða hætta vinnu alfarið.

Mótmælin leiddu enn og aftur fram á sjónarsviðið þá mótsögn sem virðist á milli stefnu er leitast við að finna jafnvægið á umhverfisávinningi og þarfa landbúnaðar sem atvinnugreinar. Vill ríkisstjórn Hollands meina að draga þurfi verulega úr losun köfnunarefnisoxíðs og ammoníaks úr búfé nærri náttúrusvæðum, þá sérstaklega þeirra sem eru hluti verndaðra búsvæða fyrir plöntur og dýralíf í útrýmingarhættu.

Samkvæmt tillögunum mun þurfa að draga úr losun mengunarvaldanna um allt að 50% á landsvísu fyrir árið 2030. Benda ráðamenn Hollands á að þarna sé um að ræða óhjákvæmileg umskipti sem stuðla að betri gæðum vatns, lofts og lands.

Er það með lög ESB í huga, en helstu ógnir sem ESB sér að náttúrunni stafi af landbúnaði eru einmitt mengunaráhrif á jörð, vatn og loft, eyðing viðkvæmra vistkerfa svo og villtra tegunda dýra og plantna.

Mótmælin í lok júní fóru að mestu leyti fram á friðsaman hátt þótt fregnir bærust af íkveikjum heybagga, handalögmálum og árásum á lögreglumenn sem reyndu að stilla til friðar. Mynd / Myndskeið

Ekki víst að allir haldi búi sínu

Með væntanlegum lagabreytingum er ríkisstjórn Hollands að boða verulega fækkun búfjár og þeir bændur sem áfram halda skepnur þurfa líklega að leita nýrra leiða við störf sín.

Stjórnvöld hafa þegar hvatt bændur til að gefa dýrum sínum próteinminna fóður til þess að draga úr losun ammoníaks sem búfénaður framleiðir í þvagi og saur.

Mikið er í húfi því landbúnaður er ein lykilgrein hollenska hagkerfisins. Þrátt fyrir smæð sína er landið annar stærsti útflytjandi heims, einn af þremur leiðandi útflytjendum heims á ávöxtum og grænmeti, en útflutningur nam tæpum 105 milljörðum evra á síðasta ári.

Mikil reiði í röðum bænda

Fréttastofa ABC fjallaði um mótmælin og sagði að mikil reiði og órói væri í hópi bænda í landinu enda lífsviðurværi þeirra í húfi.

Eyrnamerktir hafa verið 24,3 milljarðar evra til þess að fjármagna mögulegan niðurskurð búfjár og þau umskipti sem að lagabreyting=unum hljótast.

Í umræðum á hollenska þinginu hafa sumir stjórnmálamenn þegar ályktað að helmingun búfjárgeirans væri besta lausnin.

Bændur benda á að mengun frá landbúnaði sé minni en ætlað er. Þeir séu reiðubúnir í frekari umræður um hvernig minnka megi losun köfnunarefnis, en telja sig nú þegar á þeirri braut og mótmæla því harðlega að búgrein þeirra beri stærsta sök.

Heildarmyndin íhuguð

Frá viðmiðunarsjónarmiði er hægt að túlka núverandi ástand á margvíslegan hátt.

Í ljósi þess að dómstólar eru fylgjandi kröfum umhverfisyfirvalda er kemur að menguninni, þykir sumum að bændur ættu einfaldlega að samþykkja ákvörðunina án jafn kröftugra mótmæla og hafa verið.

Á móti kemur að lifibrauð þeirra er í húfi og allar takmarkanir hafa veruleg áhrif á lífsviðurværið.

Stétt bænda er sú sem er hvað oftast í ótryggri fjárhagslegri stöðu og kemur því ekki á óvart að þeir séu uggandi gagnvart fyrirhuguðum breytingum.

Einnig hafa stjórnvöld fáar ráðstafanir á borðinu til að koma til móts við bændur þegar þrýst er á verðlækkanir og bregðast þeir sem vinna við landbúnað því oft við með því að auka umfang framleiðslu.

Óljós niðurstaða mótmæla

Mótmælin hafa vakið víðtæka fjölmiðlaathygli og opinbera umræðu í Hollandi þó enn sé óljóst hvernig eða hver niðurstaðan verður.

Jafnframt því að finna lausn sem hentar öllum málsaðilum þurfa hollensk stjórnvöld að samræma hana lögum ESB er varða losun köfnunarefnisoxíða.

Fordæmdi hollenski forsætisráðherrann ofbeldisfull mótmæli bænda á borð við íkveikjur heybagga, árásir á lögreglumenn, átök fyrir utan heimili stjórnmálamanna, uppsetningu vegatálma og þar fram eftir götunum.

„Rétturinn til að geta mótmælt er jákvæður en þarf að fara fram á siðmenntaðan hátt,“ sagði forsætisráðherrann Mark Rutte í viðtali við fréttamenn stöðvar ABC nýverið.

Jákvæð sýn á þetta umrót allt saman er sú að fólk með ólíkan bakgrunn hefur deilt skoðunum sínum á þessu mikilvæga málefni er mun hafa víðtæk áhrif á landnotkun og lífsviðurværi í Hollandi.

Ekki í fyrsta skipti

Ágreiningurinn milli bænda og stjórnvalda er þó ekki nýr af nálinni.

Árið 2019 fjallaði miðill BBC um mótmæli þúsunda hollenskra bænda í borginni Haag, en þá sá ríkisstjórnin fyrir sér líkt og nú, að lögleiða niðurskurð á bústofni bænda með það að markmiði að minnka mengun í andrúmslofti.

Áratuga stefna stjórnvalda vegna samspils neikvæðra umhverfis- áhrifa landbúnaðar hefur verið í umræðunni síðan seint á sjötta áratugnum, samkvæmt vefsíðu *The Food Ethics Council*, og virðist sem vandanum hafi frekar verið ýtt til hliðar en að tekið væri á honum.

Umræðan í heild sinni mætti því segja að væri algerlega tímabær og undirstrika lýðræðislegt eðli stjórnunar matvælakerfisins í Hollandi. */SP*

Aukin ending minnkar sótsporið

Kúabændur víða um heim setja á allar kvígur og þegar þær koma inn í framleiðsluna þurfa eldri kýr að víkja fyrir þeim sem yngri eru.

Oft er endurnýjunarhlutfallið í kringum 40% á ári en með því að lækka það í 30% má draga úr sótspori búa um 6% samkvæmt dönskum tölum. Aukin ending kúa fæst fyrst og fremst með því að hlúa vel að heilsufari og frjósemi kúnna, auk þess sem afurðasemin verður vissulega að vera til staðar.

Þannig verður aukin ending kúa ekki einungis góð fyrir afkomuna og velferð gripanna, en margsannað er að endingargóðar kýr eru lang hagkvæmastar, heldur er aukin ending ekki síður góð fyrir sótsporið. Skýringin á þessu felst einfaldlega í því að fyrstu tvö ár ævinnar framleiðir gripurinn ekki mjólk og kostar því fyrst og fremst þegar horft er til umhverfisbókhaldsins.

Með því að auka endinguna deilast þessi uppeldisáhrif því yfir á lengri tíma. Danskar tölur sýna að sé endurnýjunarhlutfallið 40%, og kvígurnar bera 24 mánaða, þarf 89 kvígur í eldi á hverjum tíma á hverjar 100 kýr. Ætla mætti að hér þyrfti 80 kvígur en tilfellið er að ekki allar kvígur ná því að verða mjólkurkýr.

Ef endurnýjunarhlutfallið er hins vegar lækkað í t.d. 35% þarf ekki nema 75 kvígur og því þarf ekki að ala upp 14 kvígur aukalega miðað við 40% endurnýjunarhlutfall.

/ landbrugsavisen.dk - SNS

Íberíuúlfar eru með síðustu villtu úlfunum í Evrópu. Mynd/ Wikipedia

Gróðureldar ógna búsvæði úlfa

Skógareldar sem geisuðu fyrr í sumar í Zamora-héraði á norðanverðum Spáni lögðu undir sig og skemmdu um 30.000 hektara af skóg- og kjarrlendi sem er flokkað sem hamfarasvæði í dag.

Auk skemmda á gróðri er talið að eldurinn hafi eyðilagt búsvæði tíu villtra úlfahjarða sem þegar áttu undir högg að sækja.

Talið er að fjöldi hvolpa hafi orðið eldinum að bráð en að fullorðin dýr hafi getað komist undan honum á flótta. Úlfarnir, sem kallast Íberíuúlfar, eru með síðustu villtu úlfahjörðunum í Evrópu. Auk þess sem fjöldi annarra villtra dýra svo sem dádýr, villisvín, fjallakettir, otrar og fjöldi fuglategunda áttu búsvæði þar. Með því að lýsa svæðinu sem hamfarasvæði geta yfirvöld veitt allt að tveimur milljónum evra, um 277 milljónum króna, til uppbyggingar þar.

Eldurinn mun hafa kviknað í kjölfar hitabylgju í landinu og hann breiddist út með miklum hraða með vindi um þurrt kjarrlendið.

Um 650 slökkviliðsmenn og sjálfboðaliðar börðust við eldinn í marga daga með hjálp þyrlna og flugvéla og náðu að lokum að hefta útbreiðslu hans. */VH*

Kínverskur jeppi fyrir íslenskar aðstæður

Fyrir ekki svo mörgum árum var kínverskur bílaiðnaður mjög takmarkaður og þeir fáu bílar sem þeir framleiddu voru af flestum taldir óspennandi og af lélegum gæðum.

Á allra síðustu árum hafa Kínverjar hins vegar verið að auka úrvalið og bæta gæðaeftirlitið í sinni framleiðslu. Fyrstu kínversku bílarnir eru farnir að sjást á íslenskum vegum undir merkjunum MG og Maxus, sem eru ýmist fólksbílar, jepplingar eða sendibílar. Þessir bílar eru af sambærilegum gæðum og aðrir bílar og því er áhugavert að fylgjast með því hvort það komi eitthvað nýtt og spennandi á evrópska markaði.

Nýlega kom á markað jeppinn Tank 300 frá kínverska bílasmiðnum Great Wall. Ástralir hafa sýnt þessum bíl áhuga og er verið að skoða að setja hann á markað þar á næsta ári. Það hafa hins vegar ekki borist fréttir af því að Tank 300 muni koma til Evrópu eins og er.

Tank 300 er millistór jeppi með öllum þeim búnaði sem alvöru



Jeppinn Tank 300. Mynd / Great Wall

jeppi þarf. Jeppinn er byggður á grind, með háu og lágu drifi ásamt driflæsingum. Þetta er því jeppi sem gæti verið jafn öflugur utan vega og Toyota Land Cruiser, sem er byggður upp á svipaðan hátt. Hönnun bílsins ber þess merki að horft hafi verið til annarra „retró“ jeppa sem hafa verið vinsælir á undanförnum árum, eins og Jeep Wrangler, Suzuki Jimny, Ford Bronco og Mercedes Benz G.

Innréttingin í bílnum virðist vera mjög vönduð og af myndum að dæma þá hafa hönnuðirnir sótt innblástur í innréttingarnar hjá Mercedes Benz. Sætin og stýrið eru klædd með leðri, mælaborðið er með leðri og burstuðu stáli og er stór margmiðlunarskjár. */ÁL*

olís Vinur við reiðveginn

SKÓGRÆKT



Lauf blæaspar eru rauðbrún í byrjun og því sker tegundin sig gjarnan frá öðrum tegundum í sumarbyrjun. Fljótlega fá þau svo á sig grænan lit.
Myndir / Pétur Halldórsson

Blæösp

Blæösp (Populus tremula) hefur vaxið á Íslandi frá alda öðli og telst því ein hinna fáu innlendu trjátegunda hérlendis. Blæösp er sjaldgæfust innlendra trjátegunda.

Hún hefur aðeins fundist villt á sex eða sjö stöðum á landinu austanverðu, sem eru jafnframt vestustu náttúrulegu fundarstaðir tegundarinnar.

Í útlöndum er blæösp gjarnan myndarlegt tré og getur náð allt að fjörutíu metra hæð með um eins metra sverum stofni þegar best lætur. Hérlendis hefur hún náð að minnsta kosti þrettán metra hæð. Hún er í eðli sínu beinvaxið tré með fremur mjóa krónu en á flestum fundarstöðum tegundarinnar á Íslandi er hún runnkennd, bæði vegna beitar og veðurskilyrða.

Hugsanlega er blæösp sem vex í Vaðlareit gegnt Akureyri komin þangað af sjálfsdáðum en það er ekki staðfest. Sé svo er það sjöundi fundarstaður villtrar blæaspar á Íslandi.

Getur þrifist um allt land

Blæösp vex hægt en hún getur þrifist um allt land. Við góðar aðstæður hefur hún víða orðið að myndarlegum trjám í ræktun, bæði í görðum og skógarreitum. Villt vex blæösp á Höfða og í Egilsstaðaskógi á Héraði, á Gestsstöðum í Fáskrúðsfirði, á Strönd í Stöðvarfirði og Jórvík í Breiðdal. Einnig er hana að finna villta á a.m.k. einum stað á Norðurlandi, í landi Garðs í Fnjóskadal. Sjöundi staðurinn gæti verið í Vaðlareit við Eyjafjörð en óstaðfest er hvort öspin þar er gróðursett eða hvort náttúran sjálf bar hana þangað.

Í Egilsstaðaskógi hefur villt blæösp náð mestum þroska á Íslandi. Þar er hún á margra hektara svæði, er að jafnaði vel beinvaxin og stendur oftast upp úr birkiskóginum. Hæstu aspirnar eru á að giska um 11 m háar. Blæöspin þarf gott rými til að dafna vel og breiðast út með rótarskotum. Það hefur hún gert víða þar sem hún hefur verið gróðursett, til dæmis í Grundarreit í Eyjafirði þar sem eru yfir aldargamlar blæaspir og ná yfir nokkurt svæði. Þessi eiginleiki blæasparinnar að dreifa sér með rótarskotum gerir að verkum að hún þykir ekki henta vel í görðum. Hins vegar er afbrigðið súlublæösp nokkuð vinsælt í garðrækt, jafnvel þótt hún skjóti líka mjög rótum. Allar súlublæaspir eru karlkyns klónn af einu tré sem fannst í Svíþjóð um miðja nítjándu öld og er væntanlega stökkbreyttur einstaklingur með mjög knappt greinahorn sem orsakar sérstæðan, súlulaga vöxtinn.

Barst til landsins eftir síðasta jökulskeið

Víst er að blæösp hafi borist til Íslands eftir síðasta jökulskeið með fræi sem fokið hefur hingað yfir hafið frá meginlandi Evrópu enda á tegundin náttúruleg heimkynni í Evrópu og Asíu, allt austur til Japans og Kamsjatka. Misjöfn stærð þeirra svæða sem hún hefur breiðst út á með jarðrenglum hérlendis er sennilega til marks um aldur asparinnar á hverjum stað. Til stærstu útbreiðslusvæðanna í Stöðvarfirði og Egilsstaðaskógi hefur upphaflega fræið sennilega borist fyrir þúsundum ára en á minnstu svæðin, svo sem Höfða og Gestsstaði, gæti fræ mögulega hafa borist löngu eftir landnám manna.

Lífseig og skuggþolin

Styrkleikar blæaspar eru þeir helstir að hún er lífseig og þolir vel frost og vind. Hún er skuggþolin á unga aldri og kemst því upp úr nokkuð þéttum trjágróðri. Til veikleika mætti telja að blæösp á það til að vera skriðul í rýru landi og ef ekki eru tré fyrir á svæðinu. Hún þolir illa beit en þraukar þá sem jarðlægt kjarr.

Blæösp er einkynja tegund þannig að sum tré eru karlkyns og önnur kvenkyns. Tegundin hefur nokkrum sinnum blómstrað í görðum hérlendis svo vitað sé og í öllum tilvikum voru blómin karlblóm, enda sennilega allt sami klónninn frá Garði í Fnjóskadal. Ekki eru þekkt dæmi um blómgun hjá villtri blæösp á Íslandi. Rannsóknir fara nú fram á erfðamengi íslenskra blæaspa, meðal annars til að kanna uppruna hennar, mögulegan skyldleika á fundarstöðum hérlendis, kyn klónanna og fleira.

Hin titrandi ösp

Heiti blæaspar er lýsandi, því lauf hennar blakta mjög í vindi og mynda þægilegan klið. Þetta eðli tegundarinnar birtist líka í latneska heitinu, tremula, sem þýðir titrandi. Blæösp er hin titrandi ösp. Þó ekki sé mælt með blæösp í garðrækt mætti alveg vera meira um hana í ræktuðum skógum, í bland við megintegundir, þó ekki væri nema til þess að fólk geti notið blaktandi laufanna.

Pétur Halldórsson.

LÍF & STARF

Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri, sýnir ferðamanni sýndarveruleika við rústir miðaldaklaustursins.
Myndir / Aðsendar

Gunnarsstofnun í Fljótsdal:

Gleyma stað og stund í sýndarheimi

– Vakning að verða í stafrænni menningarmiðlun

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is

Hjá Gunnarsstofnun er nú í sumar unnið að því að kanna nýjar leiðir við að skrásetja búsetu í Fljótsdal.

Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri, segir að notaðir séu drónar, spjaldtölvur og 360 gráðu myndavél til að staðsetja og afla myndrænna gagna. Hægt sé að laserskanna rústir með spjaldtölvu þannig að til verði nákvæmt þrívíddarlíkan sem hægt er að skoða síðar. Verkefnið er m.a. unnið í samstarfi við Rannsóknasetur HÍ og Minjastofnun og er markmiðið að sögn Skúla Björns að sjá hvort afla megi upplýsinga um minjar í landinu á skjótvirkari máta en hingað til og að nýta krafta almennings við slíkt.

Gunnarsstofnun hefur nokkur undanfarin ár tekið þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem m.a. hafa gert kleift að endurbyggja miðaldaklaustrið sem þar var í sýndarveruleika. Það hefur vakið mikla athygli gesta sem sótt hafa Skriðuklaustur heim. Skúli Björn segir að klaustursögunni sé einnig miðlað með margvíslegum öðrum stafrænum hætti.

„Nýsköpun er eitt af því sem Gunnarsstofnun hefur á sinni stefnuskrá, við höfum frá upphafi reynt að brydda upp á ýmsum nýjungum við miðlun okkar á menningararfi.“

Snjallsíminn er töfrastokkur

Skúli Björn segir að við stöndum nú á tímamótum hvað tækni varðar sem og aðgengi almennings að henni. Stafræn miðlun geri söfnun kleift að opna aðgengi að efni um netið sem áður var einungis hægt að skoða á staðnum. Einangrun vegna kórónuveirunnar hafi aukið á þörf fyrir slíkt og segir hann mikilvægt að halda þeirri vegferð áfram þó svo að nú geti fólk mætt á staðinn aftur.

„Aukið aðgengi að menningararfi leiðir til fleiri rannsókna og nýrrar sköpunar, með því móti höldum við menningararfi okkar lifandi og flytjum þekkinguna frá einni kynslóð til annarrar,“ segir hann.

Tækniframfarir og þá ekki síst í snjallsímum, „sem í raun er töfrastokkur í höndum þeirra sem kunna að nota hann,“ gera að verkum að sögn Skúla Björns að nú er hægt að lýðvirkja almenning til að leggja hönd á plóg og safna eða skrásetja menningararfinn.

Þrjár kynslóðir prófa sýndarveruleika í rústunum sjálfum á Skriðuklaustri.

„Muninn heitir lítið app sem háskólinn í St. Andrews hefur verið að þróa fyrir Minjastofnun. Það gerir fólki kleift að safna og senda inn staðsetningu og upplýsingar um fornleifar í umhverfi sínu. Við munum m.a. prófa appið hér í Fljótsdal til að virkja heimamenn. Bændur þekkja sitt land og mikilvægt að einfalda þeim slíka upplýsingaöflun og svo er þetta tilvalið fyrir gönguhópa,“ segir Skúli Björn.

Söfn og setur mega ekki staðna

„Nýjar kynslóðir sem vaxið hafa upp með snjallsímann í höndunum spilandi tölvuleiki búa yfir annars konar upplýsingalæsi og þekkingu heldur en fyrri kynslóðir,“ segir Skúli Björn og bætir við að þeirra væntingar til miðlunar á menningararfi séu enda allt aðrar.

Söfn og setur megi ekki staðna, heldur taka þátt í þróuninni af fullum krafti. Nýr veruleiki sýni að það sem í eina tíð kostaði margar milljónir að gera og útheimti fjölda sérfræðinga sé nú á færi eins starfsmanns sem setur sig inn í hlutina „og nýtir gáttir og ódýran frían hugbúnað til að skapa nútímalega miðlun. Hinn stafræni heimur er kominn til að vera, hann er hluti af öllu sem við gerum,“ segir hann. Stafræni heimurinn sé ekki bara spennandi fyrir yngri kynslóðirnar, sjálfur hafi hann fylgt áttræðum einstaklingum inn í sýndarheim hins forna Skriðuklausturs á sýningunni „og þeir hafa gleymt stað og stund og upplifað fortíðina á nýjan hátt“.

Sýndarveruleiki klausturbyggingannа er gerður af sérfræðingum við háskólann í St. Andrews í Skotlandi og keyrður í Unreal leikjavél. Þannig stíga gestir inn í fortíðina með því að setja á sig Oculus sýndarveruleikagleraugu og geta þá gengið um byggingarnar eða flogið í kringum þær líkt og í tölvuleik. Þrjú ár eru síðan fyrsta gerðin var aðgengileg fyrir gesti Skriðuklausturs.

Eftirbátar nágrannaþjóða

Skúli Björn segir Íslendinga vera aðeins á eftir þegar kemur að stafrænni miðlun, þrátt fyrir að vera í hópi snjallsímavæddustu þjóða heims og með gott aðgengi að neti.

„Við höfum alls ekki tileinkað okkur nýjungar í sama mæli og nágrannaþjóðir varðandi það að koma menningararfi yfir á stafrænt form, en slíkt er mikilvægt bæði vegna varðveislu hans og miðlunar,“ segir hann.

Vakning sé þó sem betur fer að verða í þessum efnum. Nýstofnuð Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista, sem heyrir undir Háskóla Íslands auk fleiri stofnana, ýti þeirri þróun áfram. Á vegum hennar sé búið að fjárfesta í góðum skönnum sem söfn geti notað til að búa til fullkomnar stafrænar eftirmyndir af gripum og sé það jákvæð þróun.

Óteljandi leiðir til miðlunar

Gunnarsstofnun stóð fyrir skemmstu fyrir stórri ráðstefnu um stafræna miðlun og varðveislu menningararfs sem vakti athygli. Þá hefur stofnunin unnið með Norðmönnum, Skotum og Írum að því að búa til „safn án veggja“ með því að endurskapa fortíðina í sýndarveruleika. Eins hefur verið prófað að leikjavæða miðlun menningararfs.

„Nýjar tæknilausnir hafa á síðustu árum opnað óteljandi leiðir til að skrásetja og miðla menningararfinum með aðgengilegum hætti. Við eigum að vera órög við að nýta okkur þær til að varðveita söguna og deila henni með nýjum kynslóðum.“

Mynd / Bjarkey Dalrós Rúnarsdóttir

Ennishnjúkur blasir við

Bændablaðinu barst kveðja frá ungum lesanda í Skagafirðinum, henni Bjarkeyju Dalrós, en greinilegt er að hún er efnilegur ljósmyndari. Við gefum henni orðið:

„Ég heiti Bjarkey Dalrós Rúnarsdóttir og ég er 14 ára og bý á Grindum í Deildardal. Mig langaði að senda ykkur mynd sem ég tók í reiðtúr á skagfirsku sumarkvöldi. Fyrir miðju er fjallið Ennishnjúkur og til vinstri við hann er Unadalur og Deildardalur til hægri. Hesturinn aftur á móti heitir Bragur frá Grindum og er 6 vetra gamall :)“

Bjarkeyju þökkum við kveðjuna, en gaman er að geta þess að fjallið Ennishnjúkur sem blasir hér við hátt og tignarlegt, rúmlega 700 metrar, er vinsælt til gönguferða. Fyrir nokkrum árum var sett upplýsingaskilti við upphaf gönguleiðar á Ennishnjúk, en það má finna við bæinn Enni í Unadal. Fjallið er eitt þeirra sem má finna í bókinni *Íslensk Bæjarfjöll.* /SP

Hundurinn Pipar og heimiliskötturinn á Skorrastað II í Fjarðabyggð í fanginu á heimasætunni Sunnu Júlíu Þórðardóttur.

„Það hefur gengið ótrúlega vel í sumar, við höfum fengið fullt, fullt af ferðamönnum til okkar, bæði í gistingu og svo bara til að skoða dýrin hjá okkur. Það eru allir mjög ánægðir og finnst gaman að fá að halda á kettlingum eða kanínunum, sjá hænurnar eða fá að klappa geitunum og kiðlingunum. Svo er meira en nóg að gera í hestaleigunni okkar,“ segir Sunna Júlía en Skorrastað II er að finna á Norðfirði, sjö kílómetrum frá Neskaupstað. Þar er rekin ferðaþjónusta og dýragarður.

Mynd og texti / MHH

Útvegum dekk undir vinnuvélar
og landbúnaðarvélar

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

BIRCHMEIER®
SMART UND SWISS SEIT 1876

Bakúðadæla með rafhlöðu
Ný týpa – REA 15

- Rafeindastýrð
- Vinnuþægindi
- CAS samhæfð

Svissnesk framleiðsla
CAS CORDLESS ALLIANCE SYSTEM
STREYMI heildverslun
Streymi heildverslun ehf. | Sími: 588 2544 | streymi@streymi.is | www.streymi.is

Æðarbændur!
Vantar æðardún til sölu
Höfum aðgang að góðum
og viðurkenndum
hreinsunaraðilum.



E.G HEILD EHF
Elías Gíslason
Stórhöfða 17, 110 Reykjavík 861 6264 elias@egheild.is egheild.is

LÍF & STARF

Söðlasmiðurinn í Mosfellsdal:

Mismunandi söðlar fyrir mannkynið

– Þar sem listrænt frelsi og sköpun er númer eitt

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Eins og kemur fram í kafla eftir Sigríði Sigurðardóttur í bókinni Íslenski hesturinn, varð söðlasmíði sérstök iðngrein um miðja 19. öld. Þangað til höfðu ýmsir hagleiksmenn unnið þá list en umbúnaður á hesta fór annars eftir því hvort átti að nýta þá til reiðar eða flutnings.

Svokallaður reiðþófi var notaður langt fram eftir öldum, dýna úr ullarþæfu sem ýmist var notuð ein og sér eða undir söðul líkt og tíðkast enn í dag. Standsöðlar og sveifarsöðlar voru móðins hjá efnafólki og voru standsöðlarnir ríkjandi söðulgerð Íslendinga fram yfir 1600 og höfðu þeir háar bríkur í bak og fyrir.

Á sautjándu öld breyttist orðið söðull í hnakk, en þá komust í umferð mun þægilegri söðlar með lægri bríkum. Árið 1865 birtist svo fyrsta auglýsing söðlasmiðs sem vitað er um, í fréttaritinu Þjóðólfi. Var hún svohljóðandi:

„– Eg undirskrifaðr, sem hefi haft aðsetr í Höfnum og Keflavík um næsll. 17 ár og hefi haft þar söðlasmiði og öll verk er þar að lúta meðfram fyrir aðalatvinnu, er nú seztr hér að í Reykjavík, með leyfi hhUaðeigandi yfirvalda, og fel mig hér með öllum þeim hér í bænum og í nærsveitum sem þurfa eitthvað að Iáta smíða, eða láta gjöra af því, er heyrir til söðlasmíði, og skal það verða gjört bæði fljótt, vel og traustlega. Sumarlángt, fyrst um sinn, hefi eg aðsetr í stóru-vindmynlunni fyrir austan kaupstaðinn. Reykjavík í Júní 1865. Þórarinn Magnússon“

Söðlasmíði er því gamalt handverk og stór þáttur í menningu okkar. Listilega gerð ef vel er unnið og þeir finnast nokkrir söðlasmiðirnir sem kjósa fremur að vinna hvern og einn hnakkinn fyrir sig á meðan aðrir standa í fjöldaframleiðslu. Ofarlega í miðjum Mosfellsdalnum, á bænum Dalsbúi býr einn þeirra, Guðrún Helga Skowronski, sem margir ættu að kannast við sem söðulsmiðinn í Mosfellsdal.

Handverkssaga Helgu

„Ég var ein af þessum manneskjum sem fann mig ekki í menntaskóla,“ segir Helga, „fann ekki neistann á meðan hestamennskuna hef ég einhvern veginn alltaf haft í blóðinu. Reyndar er fjölskyldan mín ekkert hestafólk, heldur er ég skrattinn úr sauðarleggnum og stalst til þess rétt sautján ára að kaupa mér hest, hana Náttsól frá Kirkjuferju, en áður hafði ég eignast Glæsi frá Sólvöllum sem var keyptur fyrir fermingarpeningana og með samþykki foreldra minna.

Fyrstu kynni mín af söðlasmíði urðu eiginlega í kjölfar þess. Ég fór semsé með vinkonu minni að skoða hross sem áttu að fara í sláturhús. Þorði ekki að segja neinum í fjölskyldunni frá þessari frábæru hugmynd en endaði á því að þar keypti ég lítið trippi, 129 cm á herðakambinn. Ég leigði á þeim tíma hesthúsapláss uppi í Víðidal og tróð henni þangað inn, en í sömu tröð hafði pláss maður sem í raun kveikti áhugann hjá mér á söðlasmíðinni.

Helga með hnakkinn stutta. Myndir / Facebook-Söðlasmiðurinn í Mosfellsdal og SP.

Sá heitir Jón, kallaður Jón söðli, einn fárra söðlasmiða Íslands. Trippið sleit tauminn og bauðst Jón til að sauma hann fyrir mig. Kom svo færandi hendi næsta dag með tauminn svo vel saumaðan að ekki sást hvar viðgerðin var.

Þarna kviknaði á einhverju hjá mér. Ég hef alltaf verið handlagin og þessi iðn tengist mínu brjálaða áhugamáli – þannig að í C-tröð í Víðidal kviknaði neistinn fyrir söðlasmíði.“

Fyrstu skrefin tekin, nám og starf

„Eftir menntaskólann sótti ég um söðlasmíðanám úti í Bretlandi og svo í búfræðideild Hólaskóla. Komst inn á báðum stöðum en valdi að fara fyrst í söðlasmíðina og fór því til London, í tveggja ára nám hjá Cordwainers College – alein auðvitað og án þess að vera búin að finna mér húsnæði.

Ég komst þó lifandi út úr því og lærði alveg helling. Almenna söðlasmíði fyrsta árið en sérhæfði mig í hnökkum seinna árið.

Útskriftarverkefnið mitt var svo íslenskur hnakkur með spöðum sem ég hannaði frá grunni ... virkið, löfin, undirdýnuna – allt hreinlega – enda rík af góðri reynslu sem sumarstarfsmaður Söðlasmiðsins í Nethyl. Þar var ég í starfsnámi bæði sumrin á meðan ég var í skólanum í London, en það fyrirtæki var þá stærst í sinni iðn á Íslandi og fjöldaframleiddi hnakka.

Þar lærði ég öll handtök frá grunni, en fann að mig langaði ekki að vera í fjöldaframleiðslu heldur einhverju meira einstaklingsbundnu þar sem listrænt frelsi og sköpun hefði meira vægi. Ég fór eftir þetta á Hóla og tók búfræðinginn og frumtamningar enda hestamennskan mitt líf og yndi.“

Íslands Sleipnir hnakkar

Hnakkar undir merkjum Íslands Sleipnir voru vel þekktir en segir Helga Valdimar Tryggvason, sem átti Söðlasmiðinn í Nethyl, hafa eftirlátið sér það merki auk lagersins er hann komst á efri ár. Núorðið er merkið þó nær fallið í gleymskunnar dá, fyrir utan þá sem muna eftir gömlu löngu spaðahnökkunum frá þeim. Þeir eru reyndar enn þann dag í dag í furðu góðu standi enda gerðir úr toppleðri. Þessir gömlu gripir eru samt best geymdir upp á vegg vegna þess að meðalhross í dag er með styttra bak og þeir passa því einfaldlega ekki.

„Þá var hann búinn að loka sinni verksmiðju,“ heldur Helga áfram, „en hafði m.a. verið í sambandi við söðlasmíðameistara í Englandi, Steves Sturgess, og þangað fór ég í endurmenntun, í gegnum Valdimar. Þetta var fyrir um 13-14 árum síðan og var framvindan sú að ég opnaði loks mitt eigin söðlaverkstæði – því það sem alltaf hefur heillað mig er það að skapa.

Að búa til eitthvað fallegt og nýtt, enda eru þeir hnakkar sem ég hef smíðað, eftir sérpöntun. Ég er ekki samkeppnishæf því það eru fáir sem engir eftir á Íslandi sem gera hnakka frá grunni, en þeir koma vanalega hingað til lands hálfsamsettir og sú vinnsla er öll önnur en það sem ég geri,“ segir Helga sem einnig vinnur við viðgerðir og viðhald á reiðtygjum. „Fólk kemur til mín með ýmsa hluti sem það langar að láta gera upp eða gera við. Fyrir skömmu voru það trússtöskur – örugglega 50 ára gamalt sett sem var fúið þannig ég gerði nýjar.

Síll, sem sést hér að ofan, notaður við gerð óla fyrir ístað – og kvarthnífur, að neðanverðu eru eftirlætis verkfæri Helgu og mikið notuð.

Uppgerður kvensöðull er annað verkefni sem kom virkilega vel út og má sjá vinnslu mína á honum á Facebook-síðu minni undir nafninu Söðlasmiðurinn í Mosfellsdal. Þá tók ég gamlan söðul alveg í sundur og vann hvern hlut fyrir sig og endurgerði að nær öllu leyti. Gaman var að finna hálm sem mótunar- og mýkingarefni í sætinu en ég nota þess í stað það sem mig minnir að kallist blör og er innflutt frá Danmörku.

Hvað varðar efnivið í góðan hnakk hefur rannsóknum og þróun á slíku fleytt fram stórvægilega síðastliðin ár, enda eru þeir dýrir og ættu alls ekki að vera gerðir úr óvönduðu efni. Í góðan hnakk þarf vandað og gott trévirki, leður og ull sem er sett í stoppið – þannig ég mæli alltaf með trévirki með ullarstoppi og gæðaleðri. Ég nota nautaleður sem ég kaupi frá Bretlandi, hef haldið mig við þá birgja síðan ég kynntist þeim fyrst, enda hafa Bretar ofboðslega sterka þekkingu og hefð er kemur að handverki söðlasmíðar og hvað reynist best er viðkemur efni.“

Þörf er á mismunandi trévirki hnakka

„Áhugavert er svo, ef við förum út í niðurstöður rannsókna og þróunar, að vegna þess að mjaðmagrind kvenna og karla er ólík er upplifun þeirra á að sitja í hnakk ekki sú sama.

Konur sem sitja í hnakk sem ekki er hannaður fyrir þær fá gjarnan verki í mjóbak og mjaðmir og óþægilegan þrýsting á grindarbein, en mjaðmagrind veldur því að þær halla frekar fram á við á meðan að það er auðveldara fyrir karla að sitja rétt í hnakk. Þannig nú hefur komið í ljós að mismunandi hnakka þarf fyrir kynin, enda mikilvægt að knapa líði vel í sæti.

Helga á gamla saumavél sem hún fékk að gjöf og var sú vél notuð sérstaklega við útsaum fyrri eiganda. Vélina þarf að stilla en Helga sér fyrir sér að hún væri upplögð við útsaum á hnökkum eins og þeim hér að ofanverðu.

Að auki þarf að taka til greina líðan hestsins er kemur að hnakknum. Þegar ég var að byrja minn feril í þessu öllu saman var einungis verið að spá í að knapa liði vel. Hnakkar voru því margir hverjir ekki til þægindaauka fyrir hestinn.

Talandi um það gerði ég stuttan hnakk sem ég hef notað sl. 6 mánuði, smíðaðan á aðra grind. Eins og sjá má er hann mun styttri en ella vegna þess að hryssan sem ég nota hann á hefur stutt bak. Og til þess að það myndist ekki þrýstipunktar aftast þar sem hún hefur ekki vöðva til að styðja við, þá þurfti ég styttri hnakk. Ég las mér aðeins til um slíka smíði áður ég hóf verkið – og þetta tókst – getur borið heila kellingu!“

Hnakkur er framtíðareign sem borgar sig að láta lagfæra

Að kaupa hnakk kostar sitt en er framtíðareign. Með það í huga ætti fólk að gera meira af því að koma og fá viðgerð á því sem aflaga fer enda erum við þannig bæði að taka þátt í sjálfbærni, góðri nýtingu og minni neyslu sem kemur okkur öllum í hag, jarðarbúum.

Ég er mjög hlynnt því að fólk líti í þá átt er viðkemur viðgerðum, enda var það sem kveikti neistann hjá mér í upphafi. Fólki kemur það á óvart að það borgar sig yfirleitt að gera við, ef leðrið er í góðu standi.

Sérpantanir eru svo jákvæðar að því leyti, eins og komið hefur fram, að við erum ekki öll steypt í sama mót, hvorki knapar né hestar.

Uppgerður söðull: Undir plussinu var ull, einhvers konar dýna og mölur! Inni í púðanum var hey. Virkið er strengt á hefðbundinn hátt, með borðum bæði langsum og þversum. Blör notað við sætisgerð. Strigi strengdur yfir og saumaður niður í gegnum borðann. Sú aðferð, að sauma niður sætið, kallast að „stinga“. Næst er það annað lag af hinu danska blöri, ullarefni þar ofan á, næst pluss og loks fullgerður.

Mikilvægt er að bæði knapa og hesti líði sem best. Mynd / Aðsend

Söðulmátun:

Hnakkur við hæfi

Með það í huga að öll erum við ólík, dýr og menn, er ekki úr vegi að líta til þess er kaupa á söðul.

Hestar eru misjafnir í laginu líkt og aðrar verur jarðar, bök þeirra stutt, löng, breið eða grönn og því ekki sjálfgefið að allir hnakkar passi öllum hestum jafnt, þó virðist sem margir telji að eitt gangi yfir alla.

Hér á landi er að finna unga konu sem hefur sérhæft sig í því sem kallast „saddle-fitting“ á ensku en þýðist á þann hátt að hún sérhæfir sig í að finna hnakk sem mátast bæði knapa og hesti vel. Eveliina Aurora Marttisdóttir heitir hún og er borin og barnfædd í Finnlandi og hefur alhliða menntun í líffærafræði hesta og knapa auk söðulmátunar en er einnig útskrifaður lögfræðingur.

„Já, ég er upprunalega frá Finnlandi,“ segir Eveliina, sem flutti til Íslands árið 2018. „Ég kem úr mikilli hestafjölskyldu þannig að reiðmennska og vinna með hesta hefur alltaf verið sjálfsagður hluti af lífi mínu og allt sem þeim viðkemur, mælingar og útbúnaður hnakka þess á meðal.“

Mismunandi hnakkar fyrir mismunandi heild knapa og hests

„Í mínu umhverfi, og reyndar um Evrópu alla, er mjög vel passað upp á að hnakkur passi hverjum og einum hesti fyrir sig og þá oftast með tilliti til þess hver situr á baki.

Það kom mér því mjög á óvart að Íslendingar voru ekki beinlínis á sömu braut en margir kusu að nota fjöldaframleidda hnakka sem eiga að passa öllum jafnt. Sem er því miður ekki raunin og oft skýring á því hvers vegna hestar eru úrillir eða venja sig á að beita líkamanum rangt til að þrýstipunktarnir sem valda sársauka verði aðrir. Það leiðir auðvitað af sér álag á aðra staði – en einnig þarf að taka inn í dæmið þann knapa er situr hestinn, hæð hans og þyngd; þá hest og knapa sem eina heild.“

Hestur ekki dýr ætlað til reiðar

Áhugavert er, að þótt hestar hafi nær alla tíð verið stór hluti af lífi mannsins er honum, af náttúrunnar hendi, hvorki ætlað að vera notaður til reiðar eða undir burð. Hann hefur þó verið í hlutverki reið- eða burðardýrs frá örófi alda, hvort heldur í stríði, við póstburð, klyfjaður böggum, beittir fyrir vagna, undir fólk og þar fram eftir götunum.

„Samkvæmt því sem ég hef kynnt mér að þá voru hnakkarnir stilltir, mældir og mátaðir hverjum og einum með tilliti til þess hlutverks sem hann bar og hver sat í söðli hans,“ segir Eveliina.

Hreyfing ætti að vera frjálsleg

„Hesturinn var þarfur þjónn og því öllu til hagað svo hann lifði sem best og nýttist sem best. Fólk í dag er gjarnara á að skjóta hestinn bara ef hann beitir sér illa eða er ótamur – og fá sér nýjan. Það er eitthvað sem ætti að forðast og athuga frekar hvort hann hrjái eitthvað. Hafa ber í huga að hnakkur sem passar vel styður þannig bæði knapa og er þægilegur fyrir hestinn.

Þyngd knapa ætti að dreifast jafnt eftir baki hestsins sem gerir honum þá auðvelt að bera knapann þannig að báðum líði vel og í raun sem ein heild til viðbótar við að hesturinn ætti að geta hreyft sig frjálslega og jafnauðveldlega á allan hátt. Á hinn bóginn getur illa passandi hnakkur valdið alvarlegum óþægindum og jafnvel meiðslum fyrir hestinn sem hindra þá heild sem æskilegust er milli hests og knapa enda situr þá knapinn ekki rétt.“

Jákvætt samspil og aukin þekking

Eveliina sá tækifæri á Íslandi við þá iðju, að finna réttan hnakk fyrir hest og knapa og stofnaði fyrirtæki sem ber nafnið hestbak.is.

„Sú þjónusta sem ég býð upp á felst í því að ef óskað er eftir þjónustu minni kem ég á staðinn með gott úrval hnakka af ýmsum toga og aðstoða við að finna lausn sem hæfir þeim sem eiga í hlut. Knapi fær að reyna nokkra þeirra og velur þann er hentar bæði honum og hestinum hvað best – enda hef ég það að markmiði að dreifa þekkingu minni um þetta hugtak, söðulmátun - svo samspil knapa, tamningamanna og hesta sé sem best.“ /SP

SAGA MATAR & DRYKKJA

Kryddmarkaðurinn í Istanbúl. Mynd / VH

Krydd í tilveruna – seinni hluti

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Fáum sögum fer af kryddi í íslenskum fornsögum og ritum fram eftir öldum. Þrátt fyrir takmarkaðar heimildir um nytjar á plöntum sem krydds er líklegt að margir hafi samt sem áður nýtt sér blóðberg, birki, einiber og aðrar villtar plöntur til að bragðbæta matinn. Eldra heiti á kryddjurtum er spíss.

Blóðbergste hefur lengi verið þekkt og nýtt hér á landi og blóðberg notað til að bæta bragð og sem lækningajurt, eins og greint er frá í Grasnytjum Björns Halldórssonar frá Sauðlauksdal frá 1783.

Matgæðingurinn Eggert Ólafsson

Í Ferðabók Eggerts og Bjarna, útgefin 1772, segir um hvönn að sé rótin mulin megi notast við hana á blautan fisk eins og pipar.

Á Landsbókasafninu er varðveitt handrit Eggerts Ólafssonar frá 1820 sem ber heitið Pipar í öllum mat. Í handritinu er fjallað um matargerð, meðal annars úr íslenskum jurtum og sveppum, og mælir Eggert með að bæta pipar og fleiri kryddum út í súpu úr íslenskum sveppum.

Pipar á norðurslóðum

Í bókinni Pipraðir páfuglar – Matargerðarlist Íslendinga á miðöldum, eftir Sverri Tómasson, segir meðal annars um pipar: „Margir norrænir menn dvöldust í Miklagarði við hirð keisarans þar. Það er rétt hugsanlegt að Væringjar, eins og nefndust þeir menn sem voru á mála hjá keisaranum, hafi flutt með sér pipar norður á bóginn sem og aðra munaðarvöru.“

Klausturgarðar

Munkar í Evrópu fyrri tíma voru ötulir ræktendur og án efa reyndu kollegar þeirra hér á landi sitt besta til að rækta garðinn sinn bæði andlega og í moldinni. Í Klausturgörðum voru ræktaðar lækninga-, mat- og kryddjurtir og var orðið laukagarður oft notað yfir slíka garða.

Í grein Kristínar Þóru Kjartansdóttur, sem birtist í Bændablaðinu árið 2008, segir að talið sé víst að „flest ef ekki öll þau klaustur sem voru hér á landi hafi verið af reglu heilags Benedikts. Eitt af markmiðum Benediktínarreglunnar var að öðlast fullkomnun í kristilegum hætti og það líka með því að stunda jarðrækt.Hluti af trúarlegu lífi klaustranna var líkamleg vinna, ora et labora, og fólst hún meðal annars í jarðrækt og garðvinnu. [. . .] Ræktun jurta til lækninga og matar virðist því hafa verið hluti af trúarlífinu og einnig af veraldlegum skyldum í klausturlífinu.

Talið er víst að ýmsar tegundir lækninga- og matjurta hafi borist hingað til lands í tengslum við þau klaustur sem hér voru byggð upp.“

Sjálfsagður munaður

Í dag er krydd og notkun á kryddi sjálfsagt við matargerð hér á landi og hætt við að mörgum þætti matur og margir réttir fremur bragðdaufir væri hann ekki kryddaður til að smekk. Slíkt var munaður sem ekki var nema á færi fárra fyrir nokkrum áratugum, en í dag svigna hillur margar eldhúsa í landinu undan fjölbreyttum kryddum.

Kúmen *(Carum carvi)*.
Tvíær jurt sem nær 60 sentímetra hæð. Blómin hvít eða bleik. Þrífst vel hér á landi og vex villt á nokkrum stöðum. Best er að sá kúmeni gisið og æskilegt bil á milli plantna er 40 sentímetrar. Dafnar best í frjósömum jarðvegi og þarf vökvun í þurrkatíð.

Líklegt er talið að Vísi-Gísli, Gísli Magnússon sýslumaður, hafi flutt kúmen til landsins um 1660 en hann var mikill áhugamaður um ræktun. Sagt er að Gísli hafi haft svo mikið dálæti á jurtinni að hann var stundum kallaður Kúmen-Gísli.

Kúmen hefur verið notað í brauð og til að bragðbæta ýmsa drykki eins og brennivín og kaffi.

Majoram *(Origanum majorana)*.
Tvíær jurt sem verður 60 sentímetra há. Viðkvæm og lifir veturinn sjaldan af. Blómin hvít. Dafnar best í sól, frjósömum og deigum jarðvegi. Nauðsynlegt að forrækta inni, sáð í mars. Æskilegt bil á milli plantna í beði 15 sentímetrar. Gömul ræktunarjurt sem er meðal annars notuð í salöt, sósur og súpur. Samkvæmt grískri goðafræði var majoram í miklu uppáhaldi hjá ástargyðjunni Afródítu og er sagt að plantan veiti þeim hamingju og frið sem rækta hana. Áður fyrr voru brúðarkransar ofnir úr majoram.

Mustarður/sinnep *(Sinapis alba og S. nigra)*.
Einærar jurtir allt að 120 sentímetrar á hæð. Blómin gul. Hraðvaxta og sá má þeim beint í beð. Æskilegt bil á milli plantna 25 til 30 sentímetrar. Aðallega ræktuð vegna fræjanna og geta fræbelgirnir orðið fjórir sentímerta langir. Jurtin er líklega upprunnin í Asíu og hindúar líta á mustarð sem tákn um frjósemi.

Eggert Ólafsson kvað um mustarðinn í Lysthúskvæði þar sem fjallað er um „gróðurhús“ Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal og segir fimmta erindi:

Mestur var af miklu blómi
mustarður að allra dómi:
Kristur, Íslands er það sómi,
eftirlíking til hans brá.

Njóli/heimula *(Rumex longifolius)*.
Stórvaxin og fjölær jurt með stinnum uppréttum stöngli sem verður allt að 130 sentímetra hár. Blöðin breið. Blómin eru tvíkynja og blómgast í júní og júlí. Öflug stólparót. Algeng við hús og bæi um allt land.

Njóli er góður til matar, bæði í salöt og súpur. Hann er sagður styrkjandi, hægða- og þvagaukandi, blóðhreinsandi, róandi og góður við niðurgangi, holdsveiki, harðlífi og heimakomu. Seyði af jurtinni þótti gott við útbrotum, kláða og öðrum húðkvillum. Rótin góð við skyrbjúgi. Smyrsl sem unnið er úr plöntunni þykir gott við alls kyns útbrotum og kláða. Við höfuðverk þótti gott að kljúfa njólarót og leggja hvort sínum megin á höfuðið. Heimuluseyði er gott til litunar og gefur grænan og gulan lit. Er guli liturinn sagður einstaklega fallegur sé efninu sem lita á dýft í keytu strax á eftir heimuluseyðinu.

Lavender/lofnarblóm/ilmvöndur *(Lavandula angustifolia)*.
Sígrænn runni sem lifir veturinn ekki af utandyra. Blöðin grágræn og ilmsterk, blómin purpurarauð. Þarf skjólgóðan og sólríkan stað. Fer best í potti. Uppruni frá löndunum í kringum Miðjarðarhafið. Laufblöðin notuð í krydd. Blómin ilma vel og eru oft sett í fataskápa til að draga úr fúkkalykt.

Órigan / kjarrminta *(Origanum vulgare)*.
Harðgerð jurt, 40 til 60 sentímetra há. Blómin rauð, hvít og bleik.

Sáð inni í maí, æskilegt bil á milli plantna í beði 20 sentímetrar. Má einnig fjölga með skiptingu. Dafnar best á sólríkum stað og í frjósömum jarðvegi. Upprunnin í löndunum við Miðjarðarhaf. Rómverjar plöntuðu orígan á grafir í þeirri trú að plantan veitti hinum látnu gleði.

Mikið notað í ítalska rétti, pitsur og pasta. Góð í kryddolíur og notuð í ilmvötn.

Piparrót *(Armoracia rusticana)*.
Fjölær og harðgerð planta sem er ræktuð vegna digurrar rótarinnar en það má einnig nýta blöðin. Blómin hvít. Þrífst best í djúpum, frjósömum jarðvegi og á sólríkum stað. Dreifir sér mikið og því best að rækta í potti. Ævagömul ræktunarjurt við Miðjarðarhaf og í Egyptalandi. Mikið notuð sem krydd í sósur.

Rósmarín *(Rosmarinus officinalis)*.
Sígræn jurt sem nær tveggja metra hæð í náttúrulegum heimkynnum sínum við Miðjarðarhaf. Einær hér á landi. Blöðin oddmjó og blómin blá. Ilmsterk. Sáð inni í björtum glugga í febrúar, eins má kaupa stálpaðar plöntur á vorin. Þrífst best í potti á þurrum stað og rýr jarðvegur hentar rósmaríni ágætlega.

Gott með öllu kjöti og villibráð. Rósmarín var tákn tryggðar hjá Forn-Grikkjum og ofið í brúðarvendi og brennt sem reykelsi. Það er sagt örva minnið og hugsun.

Virkar á höfuðverk og spennu. Á miðöldum var plantan notuð sem jólaskraut í Evrópu.

Salvía *(Salvía officunalis)*.
Sígræn jurt sem getur verið fjölær ef hún fær vetrarskjól. Sáð í mars. Vex best á björtum stað og í vel framræstum jarðvegi. Beiskt bragð sem fer vel með ljósu kjöti, ostum og rauðvíni. Ítalir nota hana í lifrarrétti með lauk. Gömul galdra-, lækninga- og kryddjurt. Notuð í reykelsi og til að hreinsa burt illt. Keltar trúðu því að máttur salvíunnar væri svo magnaður að jurtin gæti reist menn frá dauðum.

Sellerí *(Apium graveolens)*.
Bæði til stilksellerí (*A. graveolens* var. *dulcu*) og hnúðsellerí (*A. graveolens* var. *rapaceum*). Sellerí er gömul, tvíær ræktunarjurt sem vex villt víða í Evrópu.

Báðar gerðir þrífast best í vel framræstum, moldarmiklum og næringarríkum jarðvegi. Nauðsynlegt er að forrækta selleríið inni áður en það er hert og plantað út.

Æskilegt bil á milli plantna er 30 til 40 sentímetrar.

Sítrónugras *(Cymbopogon citratus)*.
Upprunnið í Suður-Asíu og getur náð um 60 sentímetra hæð.

Einær hér og þrífst best í potti í frjósömum jarðvegi. Mikið notað í austurlenskri matargerð.

Skarfakál *(Cochlearia officinalis)*.
Vex villt meðfram ströndum en finnst einnig inn til sveita.

Dafnar best í moldarríkum malarjarðvegi, gjarnan vel blönduðum þörungaáburði og þurrkuðu hænsnadriti. Í Íslenskum sjávarháttum eftir Lúðvík Kristjánsson segir að skarfakál hafi víða vaxið á veggjum og þökum torfbæja á sjávarjörðum kringum landið.

Skarfakál er ríkt af C-vítamíni og þótti einnig gott við margs konar kvillum, til dæmis gigt, húðsjúkdómum og andremmu. Gott í salat.

Skessujurt *(Levisticum officinale)*.
Stórvaxin jurt sem nær tveggja metra hæð og þarf því mikið pláss. Blaðstór með gulgræn blóm. Skessujurt er ágeng planta sem bætir hratt við sig sé ekki haldið aftur af henni. Upprunnin frá Suður-Evrópu þar sem hún er þekkt lækningajurt og nýtt til matar.

Vegna lyktarinnar var lauf af skessujurt sett í baðvatn og var hún sögð hafa góð áhrif á húðina. Nú til dags er hún notuð í te og fiskrétti og er ómissandi í íslenska kjötsúpu.

Um tíma var hún kölluð Maggi-jurtin vegna þess að súpuframleiðandinn Maggi notaði hana í flesta rétti sem hann framleiddi.

Steinselja *(Petroselium crispum)*.
Einær og stundum tvíær jurt sem launar góða meðferð með ríkulegri uppskeru.

Hrokkinblaða steinselju er sáð í mars en þeirri sléttblaða í apríl og þykir hún bragðbetri. Dafnar best í djúpum potti í skjóli og á sólríkum stað. Upprunnin í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Hentar með öllum mat. Full af vítamínum og andoxunarefnum.

Í Búnaðarbálki, sem er titlaður Eymdaróður eður óvættadvöl og ógeðsæfi, sem birtist í tímaritinu Fjallkonunni 1909, segir:

Steinselja leysir þvagsins þunga,
þá miltisteppu og kviðarstein;
spínakkan mýkir líf og lungu,
laukurinn kveisu og ormamein;
eins hvert meðal það eykur kraft
áborið, sem til matar haft.

Túnfífill *(Taraxacum officinale)*.
Upp af langri stólparót vex holur stöngull sem getur orðið allt að 40 sentímetra hár. Blöðin í stofnhvirfingu. Bæði stöngull og blöð með hvítum mjólkursafa. Blómin mynda stórar gular körfur. Fræin með hvítan svifkrans. Blómgast í maí. Algengur um allt land. Fífill er elsta þekkta heitið á þessari jurt. Af öðrum nöfnum má nefna beiskjugras, sem vísar til þess að jurtin er beisk á bragðið.

Vallarfífill bendir til vaxtarstaðarins, hrafnablaðka til blaðanna og bifukolla eða biðukolla til fræjanna. Nafnið múkakróna er þýðing á dönsku heiti. Einnig þekkt sem ætifífill og húsfreyjuhrellir.

Blöðin eða hrafnablöðkurnar þóttu góðar í salat og voru taldar sefa blóðhita bráðlyndra manna. Einnig talin góð við svefnleysi. Ungum mönnum sem bjuggu einlífi var ráðlagt að neyta blaðanna þar sem þau dempuðu losta, bættu meltinguna og losuðu harðlífi. Ræturnar voru taldar hið mesta lostæti væru þær soðnar í mjólk, og þurrkaðar væru þær notaðar sem kaffibætir. Fífilmjólk var talin góð gegn vörtum og líkþorni. Blómin soðin í sírópi með sykri. Gefa gulan lit séu þau notuð til litunar.

Túnsúra *(Rumex acetosa)*.
Fjölær jurt sem vex villt hér og víða í Evrópu og er sums staðar ræktuð sem grænmeti vegna blaðanna. Blómgast í maí-júní, sögð góð við bjúg og talin örva og styrkja lifrina.

Tilvalin við lystarleysi, hægðatregðu og gyllinæð.

Ætihvönn (Angelica archangelica).
Stórvaxin jurt sem verður allt að 180 cm há. Stöngullinn þykkur og holur að innan. Blöðin stór.

Blómin hvít og gefa frá sér sterka lykt. Blómstrar í júlí. Algeng í lautum og hvömmum um allt land.

Þekkt undir mörgum nöfnum. Höfuðhvönn, graðhvönn, hvannarót og hvannagras.

Latneska orðið angelica þýðir engill og af því eru dregin nöfnin engilsjurt, englajurt, englarót og erkiengilsjurt.

Nafnið brjósthvönn vísar til þess að hvannavatn þótti gott við brjóstveiki.

Hvönnin hefur lengi verið talin góð lækningajurt.

Talið er að hún hafi verið ræktuð hér á landi frá landnámi og orðið hvannagarður er þekkt úr fornsögunum. Stönglarnir voru afhýddir og borðaðir hráir og taldir hollt sælgæti. Rótin þótti hin mesta vörn við alls kyns plágum.

Björn Halldórsson segir í Grasnytjum að jurtin sé hið besta meðal við drepsótt og eitri, að hún dreifi stöðnuðu blóði og eyði vondum vessum.

Rótin styrkir maga, eyðir vindi, drepur orma og er góð við tannverk. Fræin þóttu góð með hunangi til átu. Hvönn hefur lengi verið notuð til að bragðbæta brennivín.

HAGKVÆM DEKK FYRIR
ALVÖRU KRÖFUR

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

Maxam dekkin eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.

Gerðu kröfur - hafðu samband við sölumenn okkar í síma **590 5280** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR

HROSS & HESTAMENNSKA

Kynbótahross á Landsmóti 2022:

Afkvæmaverðlaun stóðhesta

Elsa Albertsdóttir
ráðunautur, búfjárræktar- og þjónustusviði
elsa@rml.is

Mikil skráning var á kynbótasýningar vorsins og sýningar víðs vegar fylltust fljótt.

Tólf vorsýningar voru haldnar, þar af fjórar sýningar á Gaddstaðaflötum, þrjár á Hólum í Hjaltadal, tvær í Spretti og á Sörlastöðum og svo ein á Selfossi. Alls staðar var nýting plássa góð og voru 996 dómar gefnir þarf af 121 sköpulagsdómar og 875 fullnaðardómar á 761 einstaklingi.

Fjöldi stóðhesta sem náði lágmörkum í vor til afkvæmaverðlauna voru þrettán talsins, fimm heiðursverðlaunastóðhestar og átta fyrstu verðlauna stóðhestar. Allir heiðursverðlaunahestarnir munu mæta með afkvæmum sínum á Landsmót en sex fyrstu verðlauna hestar munu verða sýndir til fyrstu verðlauna fyrir afkvæmi á Landsmóti.

Sjóður frá Kirkjubæ hlýtur Sleipnisbikarinn í ár. Hér er hann í úrslitum A-flokks gæðinga á Landsmóti hestamanna árið 2018. Knapi er Eyrún Ýr Pálsdóttir. Mynd / Bbl

Ákveðinn fjöldi efstu hrossa vann sér þátttökurétt á Landsmóti í hverjum flokki og alls urðu hrossin 177 sem náðu þessum áfanga. Nokkuð hár fjöldi feðra stendur að baki þessum hrossum en 73 stóðhestar eiga afkvæmi á mótinu. Sá hestur sem á flest afkvæmi á mótinu er Skýr frá Skálakoti en hann á 15 afkvæmi. Þar á eftir kemur Spuni frá Vesturkoti, Ölnir frá Akranesi, og Konsert frá Hofi með átta afkvæmi. Hrannar frá Flugumýri með sjö afkvæmi, Skaginn frá Skipaskaga með sex afkvæmi og svo með fimm afkvæmi á mótinu feðra hver um sig Trymbill frá Stóra-Ási, Hringur frá Gunnarsstöðum og Draupnir frá Stuðlum.

Inntökuskilyrði á Landsmót voru með sama hætti og miðað var við árið 2020 þar sem um 75% hrossa eru valin inn á grundvelli aðaleinkunnar og 25% eru valin inn á grundvelli aðaleinkunnar án skeiðs. Fjöldi hrossa í hverjum flokki er fyrirfram ákveðinn og standi hross jöfn að stigum á öðrum aukastaf koma þau inn í sama sæti og getur því hlutfallsleg skipting milli aðaleinskunnar og aðaleinkunnar án skeiðs aðeins breyst sökum þess. Enn fremur er valið óháð því hross hafi hlotið 5.0 eða hærra fyrir skeið. Raunin nú, er líkt og á fyrri landsmótum, að hlutfallslega fleiri hross koma inn á grundvelli aðaleinkunnar án skeiðs, sér í lagi í yngri flokkunum en síst í eldri flokkum. Nokkuð eðlileg og raunhæf skýring er líklegast sú að byrjað er seinna að hreyfa við skeiði en hross eru sýnd í yngstu aldursflokkum. Mögulega þyrfti að endurskoða hlutfallið fyrir næsta landsmót.

Fjöldi knapa sem sýna kynbótahross á Landsmóti eru 44 þar sem hver knapi sýnir að meðaltali 4 hross, en spönnin nær frá sýningu á einu hrossi upp í 29 hross. Þetta eru aðeins færri knapar en á síðasta landsmóti en engu að síður nokkuð mikill fjöldi knapa sem kemur að sýningu kynbótahrossa.

Heiðursverðlaun fyrir afkvæmi

Heiðursverðlaunahestarnir á Landsmótinu í sumar eru þeir Sjóður frá Kirkjubæ með 124 stig og 53 dæmd afkvæmi. Næstur honum kemur Jarl frá Árbæjarhjáleigu II einnig með 124 stig og 51 sýnt afkvæmi og skilja aðeins aukastafir kynbótamats aðaleinkunnar þessa tvo hesta að í röðun. Þriðji heiðursverðlauna hesturinn er Trymbill frá Stóra-Ási með 123 stig og 50 sýnd afkvæmi, svo Hrannar frá Flugumýri II með 122 stig og 76 sýnd afkvæmi og Eldur frá Torfunesi með 119 stig í kynbótamati aðaleinkunnar og 50 sýnd afkvæmi.

Það er því Sjóður sem er Sleipnisbikarhafinn á Landsmóti 2022 og hlýtur æðstu viðurkenningu íslenskrar hrossaræktar, heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Sjaldan hefur minni munur skilið að hesta í efstu sætum en hestar skulu að lágmarki hljóta 118 stig í kynbótamati aðaleinkunnar eða kynbótamati aðaleinkunnar á skeiðs, þar sem röðun miðast við aðaleinkunn.

Kynbótamat mætingar sem byggir á hlutfalli sýndra hryssna af hryssum komnum á sýningaraldur er hæst hjá Jarli eða 118 stig og mætingarhlutfallið 45%. Aðrir hestar eru nokkuð jafnir, frá 108 til 113 stigum og hlutfallið í kringum 35%. Mætingarhlutfallið bæði tekur mið af þeim hryssum sem tilbúnar eru í braut en einnig utanumhald og ákvörðun um að sýna hross. Það er auðvitað afar mikilvægt að stór hluti afkvæma séu sýnd því þá og því aðeins kemur skýr mynd á framræktunargildi afkvæmahrossa, sé tekið mið af opinberu ræktunarmarkmiði íslenska hestsins.

Allir hestarnir í hópi heiðursverðlaunahesta komu fram á Landsmóti árið 2018 í hópi fyrstu verðlauna hesta fyrir afkvæmi. Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á síðustu árum á útreikningi kynbótamats bæði með upptöku nýrra eiginleika eins og mætingar til dóms, breytingar á vægistuðlum og uppfærslu forrita svo ekki sé minnst á síðustu breytinguna, niðurfellingu á leiðréttingu fyrir áhrifum lands.

Það er því magnað að sjá hversu sláandi mikil líkindi eru í niðurstöðu kynbótamats aðaleinkunna á þessum hesta milli móta, en á landsmótinu árið 2018 var Eldur með 124 stig, Trymbill með 124 stig, Jarl með 123 stig, Hrannar með 122 stig og Sjóður með 121 stig. Þó svo að slíkur samanburður sé ekki alveg einsleitur og að fullu marktækur, þá má sjá hversu áreiðanlegt kerfið er og magnað tæki til að byggja úrval undaneldishesta á.

Kynbótamat er mat á erfðagildi hrossa og er ekki einkunn sem slík heldur stigaröðun hrossa innan stofnsins og breytingar á stigum er annars vegar háð upplýsingum á einstaklingnum og skylduliði og hins vegar hvernig óskyld hross raðast innan stofnsins. Jafnan er miðað við að úrvalshluti hrossastofnsins sé 118 stig og meira. Að sjálfsögðu er talsverður munur á sýndum afkvæmum fyrstu verðlauna hesta og heiðursverðlaunahesta en ljóst er að fyrstu fimmtán afkvæmin gefa nokkuð skýra mynd af því gildi stóðhesta til framræktunar. Allir hafa heiðursverðlaunahestarnir í ár staðið framarlega sem einstaklingar á fyrri landsmótum og eru þeir afar jafnir að aldri Sjóður, Jarl og Eldur fæddir 2007 og eru því fimmtán vetra en Trymbill sautján vetra og Hrannar sextán vetra.

Fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi

Alls áttu átta stóðhestar rétt til að mæta á Landsmót og veita viðtöku viðurkenningu fyrir fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi. Viðmiðið er sem áður 118 stig í kynbótamati aðaleinkunnar með eða án skeiðs og fimmtán sýnd afkvæmi.

Efstur stendur Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum með 128 stig og 15 sýnd afkvæmi. Fast á hæla hans er Forkur frá Breiðabólstað með 127 stig og 15 sýnd afkvæmi, þá Knár frá Ytra-Vallholti með 122 stig og 15 sýnd afkvæmi. Hringur frá Gunnarsstöðum I kemur í fjórða sæti með 119 stig og 30 sýnd afkvæmi og svo Organisti frá Horni með 119 stig og 15 sýnd afkvæmi, en hann raðast neðar vegna aukastafa. Í sjötta sæti er Lord frá Vatnsleysu með 117 stig í kynbótamati aðalseinkunnar og 121 stig í kynbótamati aðaleinkunnar án skeiðs og 22 sýnd afkvæmi. Auk þessara hesta áttu rétt á að mæta Kolskeggur frá Kjarnholtum I með

Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum er yngstur fyrstu verðlauna afkvæmahesta á Landsmótinu. Mynd /Aðsend

Frá Bændasamtökum Íslands:

Fagráð í hrossarækt starfar samkvæmt 15 gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagráð fer, meðal annarra verkefna, með stjórn Stofnverndarsjóðs sem starfræktur er samkvæmt ákvæðum í sömu lögum og reglugerð nr. 1123/2015 um sama efni.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til þróunar- og rannsóknaverkefna í hrossarækt. Verkefnin skulu stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika stofnsins og/eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans. Fagráð í hrossarækt auglýsir eftir umsóknum ár hvert og tekur ákvörðun um styrkveitingar.

Fagráð tekur ákvörðun um styrkveitingar í desember 2020. Nánari upplýsingar fást hjá Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins (elsa@rml.is). Frestur til að skila inn umsóknum er til **21. júlí 2022** og skal umsóknum skilað til:

Fagráð í hrossarækt
Bændahöllinni v/Hagatorg
107 Reykjavík.

Fagráð í hrossarækt.

Aðeins aukastafir kynbótamats aðaleinkunnar skilja að Sjóð og Jarl frá Árbæjarhjáleigu II sem einnig hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Hann er hér sýndur af Árna Birni Pálssyni. Mynd / Aðsend

118 stig og 22 dæmd afkvæmi og Hreyfill frá Vorsabæ II með 115 stig í kynbótamati aðaleinkunnar og 126 stig án skeiðs og 26 sýnd afkvæmi.

Álfaklettur stóð efstur hrossa í einstaklingssýningum á Landsýningu kynbótahrossa árið 2020. Að honum standa sterkar ættir og skyld hross allt í kring verið afar árangurrík bæði á kynbótabrautinni og í keppni. Álfaklettur er yngstur fyrstu verðlauna afkvæmahesta á landsmótinu eða níu vetra. Hann er með 122 stig í kynbótamati sköpulags, 123 stig fyrir hæfileika og 118 stig fyrir hæfileika án skeiðs. Þá er hefur hann skilað um 83% tækra hryssna í einstaklingsdóm og er með 121 stig fyrir mætingu.

Vert er að minnast í þessu samhengi á Fork frá Breiðabólsstað en hann hefur skilað 92% fæddra hryssna sem komnar eru á sýningaraldur í dóm og er með 129 stig í kynbótamati mætingar. Hann og Álfaklettur eru afar jafnir að stigum í kynbótamatinu og verður áhugavert að sjá hvernig frekari framræktun þeirra verður.

Hæstur afkvæmahesta miðað við aðaleinkunn kynbótamats án skeiðs með 127 stig er Hringur frá Gunnarsstöðum I og er hann að skila frábærum og framháum klárhrossum. Fyrir kynbótamat skeiðs stendur efstur Knár frá Ytra-Vallholti með 131 stig en annars eru flestir hestanna í flokki fyrstu verðlauna afkvæmastóðhesta að skila skeiðhæfileikum.

Öryggi kynbótamats er yfirleitt komið í 90-94% þegar hesturinn á fimmtán dæmd afkvæmi og því ljóst að þessi hópur afkvæma gefur nokkuð góða mynd af kynbótagildi stóðhestsins. Talsverð breyting verður oft á matinu frá því að hestar koma fram sem einstaklingar og þar til þeir ná lágmörkum til fyrstu afkvæmaverðlauna. Fjölgun á afkvæmum hests til þessara verðlauna hefði það með sér í för að það þyrfti að bíða lengur eftir því að sjá afkvæmahópa þeirra en mikið verðmæti er að fá mat á gildi hesta til framræktunar snemma, bæði til þess að sjá hversu vel þeir gefa og á hvers konar hryssur þeir passa best.

Fljótlega mun verða reiknað út kynbótamat á keppniseiginleikum sem verður mikilvæg og þörf viðbót. Þegar rýnt er í gögnin sýnir það sig að árangur á keppnis- og kynbótavellinum er nátengd.

Flestir hestanna sem taka við afkvæmaverðlaunum í ár hafa verið að standa sig gríðarlega vel í keppni sjálfir á undanförnum árum, auk þess að skila afkvæmum sínum þangað. Þetta er afar ánægjuleg staða enda viljum við að okkar bestu kynbótahestar standi sig vel á mörgum sviðum og gefi margvíslegar verðmætar hestgerðir sem nýtast í fjölmörg hlutverk, hvort sem það er til almennra útreiða eða í hinar ýmsu keppnisgreinar.

Listar yfir afkvæmi sem koma til með að fylgja feðrum sínum á Landsmóti liggja fyrir og ljóst er að fríður flokkur afkvæma mun fylgja heiðursverðlaunahestunum þegar þeir mæta til sýningar á laugardeginum 9. júlí og svo fyrstu verðlaunahestarnir á föstudeginum 8. júlí. Það stefnir í mikla veislu á Landsmóti á Gaddstaðaflötum þar sem glæsileg kynbótahross munu koma fram í öllum flokkum.

Afkvæmahestar á Landsmóti

Lágmörk vegna afkvæmasýninga á stóðhestum miðast við kynbótamat aðaleinkunnar og kynbótamat aðaleinkunnar án skeiðs eins og það reiknast að afloknum kynbótasýningum vorið 2022 og fjölda dæmdra afkvæma.

Öll dæmd afkvæmi hestanna liggja til grundvallar kynbótamatinu. Öll afkvæmi sem fylgja hestunum skulu vera dæmd í kynbótadómi. Heiðursverðlaunahestum skulu fylgja 10 afkvæmi í sýningu en 1. verðlauna hestum 6 afkvæmi.

Til að hljóta fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi þarf hesturinn að eiga a.m.k. 15 dæmd afkvæmi og hafa að lágmarki 118 stig í kynbótamati aðaleinkunnar eða aðaleinkunnar án skeiðs en til að hljóta heiðursverðlaun fyrir afkvæmi þarf að eiga a.m.k. 50 dæmd afkvæmi og hafa að lágmarki 118 stig. Röðun hesta miðast við kynbótamat aðaleinkunnar.

Á FAGLEGUM NÓTUM

Öflug naut til notkunar úr 2017 árgangi

Guðmundur Jóhannesson
ráðunautur í
nautgriparækt hjá RML
mundi@rml.is

Nýtt kynbótamat var keyrt núna í júní og að þessu sinni var stóra breytingin sú að tekin var í notkun ný spenaeinkunn.

Gerð var grein fyrir breytingum á henni í síðasta blaði. Þegar gerðar eru slíkar grundvallarbreytingar verða eðlilega þó nokkrar breytingar á heildareinkunn nautanna þar sem spenaeinkunn vegur 10%.

Nýja spenaeinkunnin hampar þeim nautum sem gefa hæfilega spena hvað lengd og þykkt varðar betur eldri einkunn.

Fagráð ákvað í kjölfar þessa að gera breytingar á reyndum nautum í notkun. Ákveðið var að taka Steinar 15042 og Knött 16006 úr notkun en þeir tóku litlum sem engum breytingum en höfðu verið lengi í dreifingu. Þeir voru því að segja má fullnotaðir.

Flýtir 17016 fer úr dreifingu en hann lækkaði um eitt stig og áhugi á honum var lítill. Þá lækkaði Stæll 17022 um fimm stig og hverfur því af stóra sviðinu.

Í stað þessara nauta koma fjögur ný naut, öll fædd 2017. Þetta eru öflug og lofandi naut með dreifðu faðerni. Hér verður gerð nánari grein fyrir þeim en einnig er bent á nautaskra.is.

Þróttur 17023 er frá Ósi í Hvalfjarðarsveit undan Kletti 08030 og Grunnfríði 528 Þrælsdóttur 09068. Dætur Þróttar eru miklar mjólkurkýr en verðefnahlutföll í mjólk eru lág. Aðaleinkenni er að þær eru fremur stórar, boldjúpar og útlögumiklar áamt því að mjaltir eru frekar góðar og skap gott. Heildareinkunn 106.

Búkki 17031 er frá Lundi í Lundarreykjadal undan Dropa 10077 og Sölku 266 Boltadóttur 09021. Það sem helst einkennir dætur Búkka er að þetta eru stórar, skapgóðar og háfættar kýr með úrvalsgóða júgurgerð, netta spena og há verðefni í mjólk. Heildareinkunn 111.

Ós 17034 er frá Espihóli í Eyjafirði undan Úlla 10089 og 921 Kambsdóttur 06022. Helstu einkenni dætra Óss eru mikil mjólkurlagni, lág hlutföll verðefna í mjólk, úrvalsgóð júgurgerð, góðar mjaltir og gott skap. Heildareinkunn 113.

Þróttur 17023 er frá Ósi í Hvalfjarðarsveit.

Ós 17034 er frá Espihóli í Eyjafirði.

Búkki 17031 er frá Lundi í Lundarreykjadal.

Títan 17036 er frá Káranesi í Kjós.

Títan 17036 er frá Káranesi í Kjós undan Úranusi 10081 og Súru 651 Dynjandadóttur 06024. Sterkustu einkenni Títansdætra eru góð júgur- og spenagerð og frábærar mjaltir. Þá eru þetta mjög vinsælar kýr. Heildareinkunn 111.

Þau naut sem áfram verða í dreifingu eru:

- Mikki 15043 sem lækkar um eitt stig og stendur nú með 111 í heildareinkunn.
- Tanni 15065 lækkar um þrjú stig en stendur eftir sem áður mjög sterkt, heildareinkunn 113.
- Bikar 16008 lækkar um tvö stig og er með góða heildareinkunn upp á 111.
- Jarfi 16016 lækkar um þrjú stig en stendur mjög vel áfram, heildareinkunn 113.
- Skírnir 16018 hækkar um eitt stig og er með heildareinkunn upp á 108.
- Róður 16019 lækkar um eitt stig og stendur í heildareinkunn upp á 107.
- Kári 16026 styrkir sína stöðu, hækkar um tvö stig fer upp í heildareinkunn 198.
- Jónki 16036 hækkar um eitt stig og stendur nú með heildareinkunn upp á 110.
- Herkir 16069 hækkar um þrjú stig og heildareinkunn er nú 110.
- Kopar 17014 stendur í stað og heldareinkunn óbreytt upp á 106.
- Jötunn 17026 hækkar um eitt stig og heildareinkunn nú 111.

Nautsfeðralistinn tekur breytingum. Þannig falla Mikki 15043, Tanni 15065, Róður 16019 og Jónki 16036 af þeim lista en þó verða áfram keyptir kálfar undan þeim. Nýir inn á nautsfeðralistann koma Jötunn 17026, Búkki 17031, Ós 17034 og Títan 17036 auk þess sem Bikar 16008 og Jarfi 16016 verða áfram nautsfeður. Áfram er óskað eftir því að kýr á nautsmæðraskrá (með rautt flagg í Huppu) og efnilegar kvígur (með grænt flagg í Huppu) verði sæddar með einhverju ofantalinna nauta.

Þær breytingar sem gerðar voru á kynbótamatinu núna með nýrri spenaeinkunn eru liður í uppfærslu og nútímavæðingu kynbótamatsins. Stærsta breytingin á þeim vettvangi er handan hornsins en stefnan er að í haust verði tekið í notkun erfðamat og í kjölfarið verður kynbótaskipulaginu gjörbreytt þegar erfðamengisúrval kemur að fullu til framkvæmda.

Sú vísa verður sjaldan of oft kveðin að hið sameiginlega ræktunarstarf byggir á virkri þátttöku sem flestra, helst allra.

Aðeins þannig næst árangur sem unað verður við. Á komandi misserum og árum verður ein af þungamiðjum ræktunarstarfsins sýnataka úr kvígum en arfgerðargreining sem flestra gripa er undirstaða þess að nægilegt öryggi náist á erfðamatið. Það er því gríðarlega mikilvægt að allir bændur taki þátt.

Ég beini því þeim tilmælum til þeirra sem ekki hafa pantað DNA-merki að gera slíkt hið fyrsta og hefja sýnatöku úr kvígum.

Falsfréttir af Galla frá Hesti og fénu í Botnum

Eyþór Einarsson
ráðunautur
búfjárræktar-
og þjónustusviðs
ee@rml.is

Það er allavega eitt sem sæðingastöðvahrúturinn Galli frá Hesti á sameiginlegt með kindunum í Botnum í Meðallandi.

Það er að rangar DNA niðurstöður hafa komið þeim í fréttir. Galli frá Hesti sem upphaflega var tekinn inn á sæðingastöð á þeim forsendum að hann hefði hlutlausa arfgerð hlaut þann dóm í vetur að hann væri með áhættuarfgerð. Kom það fram þegar nokkrir sæðingahrútar voru endurgreindir til að fá ýtarlegri niðurstöður um arfgerðir þeirra.

Nú hefur komið í ljós að hrúturinn er sannarlega hlutlaus og því enginn gallagripur líkt og um tíma var talið.

Varðandi kindurnar í Botnum, þá leit út fyrir að þar hefðu fundist þrír gripir með arfgerðina T137. Hinsvegar eftir endurteknar sýnatökur þar á bæ fannst aldrei neitt meira af þessari arfgerð. Skýringin reyndist sú að upplýsingarnar um þessar þrjár kindur sem upphaflega voru greindar með T137 voru rangar. Í báðum tilfellum verða mannleg mistök á tilraunastofunum þar sem sýnin eru greind þess valdandi að rangar niðurstöður eru gefnar upp fyrir þessa gripi. Nú kann einhver að spyrja – hversu áreiðanlegar eru þessar DNA niðurstöður? Því má til svara að mannleg mistök geta alltaf átt sér stað og þetta ferli sem saman stendur af sýnatöku, skráningum, greiningu og útgáfu niðurstaðna er ekki yfir það hafið að eitthvað geti farið úrskeiðis. Mjög litlar líkur eru á því að greiningin sjálf klikki. í því samhengi má nefna að DNA greiningar hafa um margra ára skeið verið notaðar bæði í hrossarækt og nautgriparækt til að staðfesta ætterni gripa með góðum árangri.

Með þeim endurbótum sem nú er verið að gera á skýrsluhaldsforritinu Fjárvísi verður mjög aðgengilegt að skoða arfgerðir m.t.t. ættartengsla og ætlunin er að Fjárvís geri jafnframt athugasemd ef arfgerðargreining foreldris og afkvæmis stemma ekki saman. Í þessum gríðarlega umfangsmiklu arfgerðargreiningum sem verið er að framkvæma í sauðfjárræktinni mátti búast við að einhverjar villur kæmu fram en enn sem komið er virðast þær mjög sjaldgæfar.

Hér með er það harmað að rangar upplýsingar hafi verið settar fram og hlutaðeigendur beðnir velvirðingar. Það er synd að T137 hafi ekki fundist í Botnum en sannarlega ánægulegt að Galli geti haldið áfram veru sinni á sæðingastöð þar sem ýmsar ábendingar hafa heyrst af fallegum lömbum undan honum í vor.

LESENDARÝNI

Verndandi arfgerðir gegn riðu hafa nú fundist á Íslandi og mikið í húfi að nýta þær í baráttunni gegn riðuveiki í öllu ræktunarstarfi sauðfjár, hvort heldur sem er við kaup á lömbum eða notkunar sæðinga.

Ábyrg kaup á líflömbum

Matvælastofnun hvetur til arfgerðagreininga með tilliti til næmis gegn riðusmiti og að bændur nýti þá þekkingu í sinni ræktun.

Mikilvægt er að líflömb sem flutt eru milli bæja/svæða til kynbóta og/eða sem nýr fjárstofn á svæðum þar sem skorið hefur verið niður vegna riðu séu arfgerðagreind.

Verndandi arfgerðir gegn riðu hafa nú fundist á Íslandi og mikið í húfi að nýta þær í baráttunni gegn riðuveiki í öllu ræktunarstarfi sauðfjár, hvort heldur sem er við kaup á lömbum eða notkunar sæðinga. Verndandi arfgerðin ARR hefur raunar ekki fundist á líflambasölusvæðum enn sem komið er, en arfgerðin AHQ finnst þar í einhverjum mæli og er flokkuð sem „lítið næm arfgerð“.

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir.

Hér á landi er hlutlausa arfgerðin ARQ algengust en áhættuarfgerðin VRQ er því miður einnig nokkuð algeng. Arfgerðin T137, sem hefur sýnt sig að vera verndandi arfgerð í tilteknum fjárstofni á Ítalíu, hefur fundist í íslensku fé og því er vænlegt að rækta fé með þá arfgerð.

Í gildi er reglugerðarákvæði sem kveður á um (3. gr. reglugerðar nr 217/2012) að: ***Þar sem fram hefur farið niðurskurður vegna riðu skal þó einungis heimilt að flytja líflömb sem hafa ekki VRQ arfgerðina á búið.***

Samkvæmt ákvæðinu er bannað að flytja lömb með VRQ áhættuarfgerðina inn á bú þar sem skorið hefur verið niður vegna riðu. Ekki er ábyrgt að kaupa fé með VRQ arfgerðina á aðra bæi.

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir,
sérgreinadýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma hjá MAST.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

EYJALIND
Varahlutir i VOLVO Vinnutæki
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Vetrarsól er umboðsaðili
STIGA
Gulltryggð gæði
Sláttuvélar & sláttuorf
40 ár á Íslandi
Sláttutraktorar
Snjóblásarar
Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is
VETRARSÓL

CAT®
ALLAR STÆRÐIR
AF CAT RAFSTÖÐVUM
Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | Öflug og góð þjónusta
Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma 590 5125 og kynntu þér þína möguleika.
KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is
KLETTUR

TVÆR JARÐVARMADÆLUR TIL SÖLU
Varmadælur fyrir stærri notendur sem vilja mikinn sparnað
Hentar vel fyrir stórt húsnæði og sundlaugar
Getur notað jörð, vatn, loft o.fl. til orkuöflunar
Stærð: 60kW
Gerð: NIBE F1345
Vinsamlega hringið í síma 839-1503 fyrir frekari upplýsingar

Bændablaðið
Skráðu smáauglýsinguna þína á bbl.is

RML

Starfsemi RML

– Fyrsti hluti

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur það meginhlutverk að vera ráðgjafarfyrirtæki í landbúnaði og er að fullu í eigu Bændasamtakanna og þar af leiðandi bænda og hefur sem slíkt ansi víðtækt hluverk.

Auk þess að veita bændum hlutlausa og óháða ráðgjöf sinnir RML ráðgjöf til ýmissa hagaðila svo sem ríkisstofnana, ráðuneyta og einkaaðila. Til að geta sinnt þessu hlutverki þarf fyrirtækið að búa að fjölbreyttum mannauði, fólki með sérþekkingu á sínu sviði, fólki sem hefur aðgang að nýjustu þekkingu og getur miðlað upplýsingum.

RML heldur utan um öll skýrsluhaldskerfi Bændasamtakanna en þar á landbúnaðurinn gríðarlegt gagnasafn sem nýtist við upplýsingajöf, ráðgjöf og við kynbótastarfið. Starfsemi RML og fræðastofnana landbúnaðarins er nátengd og í gegnum tíðina hafa þessir aðilar lagt sig fram um að halda uppi góðu samstarfi með ýmiss konar samvinnu og samtali. Það er mikilvægt að þessar stoðir landbúnaðarins vinni saman með bændum við þær krefjandi aðstæður sem íslenskir bændur búa við, ekki síst um þessar mundir.

RML hefur frá stofnun þurft að taka mið af þeim hröðu breytingum sem eru að verða bæði í samfélaginu almennt sem og starfsumhverfi landbúnaðarins. Aukin áhersla á rafræn samskipti, ör tækniþróun og aukin áhersla á umhverfis- og loftslagsmál eru dæmi um slíkt. Einnig má nefna það mikla magn gagna sem verður til bæði í gegnum skýrsluhald og með aukinni notkun tölvustýrðs vélbúnaðar við landbúnaðarstörf. Þessi gagnasöfnun og nýting þessara gagna skapar hvort tveggja í senn, stórar áskoranir og mikil tækifæri

Rafræn samskipti auka möguleika á því að ráðgjöf sé sinnt hratt og vel þrátt fyrir fjarlægðir. Þrátt fyrir að ákveðinn hluti þjónustu og hluti ráðgjafar geti farið fram rafrænt er það mikilvægt að ráðunautar RML þekki aðstæður vel og séu í góðum tengslum við bændur. Starfsfólk RML er staðsett á um tólf stöðum víðs vegar um landið og býr að yfirgripsmikilli þekkingu á staðháttum og hefur mikla tengingu við bændur. Engu að síður viljum við gjarnan gera enn betur í þeim efnum og það kom fram í þjónustukönnun sem við gerðum nýlega að bændur vilja mjög gjarnan að ráðgjöf RML sé almennt aðgengilegri og eftirfylgni sé meiri. Um 430 bændur

Karvel Karvelsson.

tóku þátt í þjónustukönnuninni og við munum nýta þær upplýsingar til að efla þá starfsemi sem bændur eru með beinum hætti að óska eftir.

Rekstur RML hefur gengið ágætlega þrátt fyrir að ríkisframlag til ráðgjafarþjónustu hafi minnkað ár frá ári. Nú er svo komið að innan við helmingur tekna RML kemur í gegnum framlög frá ríkinu. Það skýtur nokkuð skökku við að þrátt fyrir þær áskoranir sem blasa við íslenskum landbúnaði þá sé framlag til ráðgjafarþjónustu að minnka. Rétt er þó að taka fram að ríkið og ráðuneyti þess hafa verið að styrkja starfsemi RML með beinum samningum um ákveðinn verkefni, svo sem loftslags- og umhverfisverkefni. Þau verkefni nýtast við þekkingaröflun en ekki síður við miðlun nýrrar þekkingar beint til bænda og annarra hagaðila. Samningar og þróunarverkefni sem RML hafa tekið að sér voru á síðasta ári um 14 prósent af tekjum fyrirtækisins og hafa farið vaxandi. Beinar tekjur vegna ráðgjafar, sölu á þjónustu, og notendagjöld vegna hugbúnaðar eru á milli þrjátíu og fjörutíu prósent af tekjum. Gera má ráð fyrir að allavega hluti þessa tekjustofns haldi áfram að minnka hlutfallslega þar sem bændum er að fækka, nema það takist að snúa þeirri þróun við.

Starfsemi RML þarf að taka mið af þessum áskorunum sem raktar hafa verið hér á undan. Fram kom í þjónustukönnun, sem ég minntist á hér fyrr í greininni, að við þyrftum að gera betur í að koma upplýsingum á framfæri um fyrirtækið og sem einn liður í því mun ég fara í nokkrum greinum yfir helstu starfsemi RML í næstu tölublöðum Bændablaðsins.

Karvel Karvelsson,
framkvæmdastjóri RML.

Á FAGLEGUM NÓTUM

Frá 1. júlí 2024 verða rimlastíur, sem ekki eru með sérstöku legurými, bannaðar í Danmörku. Myndir / Aðsendar

Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku – annar hluti

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Nýverið var haldið hið árlega Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku, eða „Kvægkongres“, en þeir sem til þekkja vita að þetta er einn helsti vettvangur þekkingarmiðlunar varðandi nautgriparækt í norðanverðri Evrópu.

Alls voru flutt 70 erindi að þessu sinni í 11 málstofum og verður hér gerð grein fyrir nokkrum af þeim fróðlegu erindum sem flutt voru í nokkrum af málstofum fagþingsins. Fyrsti hluti umfjöllunar um þetta fagþing var birtur í síðasta tölublaði Bændablaðsins.

Samfélagið

Málstofan fjallaði um þá fjölmörgu snertifleti sem landbúnaður og samfélagið í heild sinni hefur, en vegna þátttöku Danmerkur í Evrópusambandinu eru þeir snertifletir bæði innan Danmerkur og einnig þvert yfir Evrópu.

Endurskoðun landbúnaðarsamnings

Nú stendur yfir endurskoðun á landbúnaðarsamningi Evrópusambandsins, sem mun gilda 2023-2027, en nýr samningur er talinn muni innihalda þónokkrar kerfisbreytingar fyrir bændur í löndum Evrópusambandsins, aðallega í átt að enn frekari aftengingu stuðnings við framleiðslu. Þar er mest horft til þess að stuðningur breytist yfir í grænar greiðslur, þ.e. stuðning við breytta búskaparhætti sem snúa að því að efla náttúru og draga úr umhverfisáhrifum landbúnaðar innan Evrópusambandsins.

Núverandi samningur inniheldur raunar margs konar kröfur í þá veru, svo sem bann við sinubruna, styrkir veittir ef tún fá að vera óhreyfð lengi, þ.e. ekki endurræktuð, styrkir til verndunar votlendis og fleira í þá veru. Dönsku bændasamtökin, L&F, eru nú aðallega að vinna í því að fá rýmkun á kröfunum og að aðlaga megi þær betur dönskum landbúnaði en á móti þá eru margar stofnanir og félagasamtök í Evrópu sem berjast fyrir því að herða kröfurnar verulega.

Þetta kom m.a. fram í erindi Niels Lindberg Madsen, sem er yfirmaður Evrópumála hjá L&F. Dæmi um þetta er t.d. að hvert bú má ekki nýta 4% af ræktarlandi sínu til framleiðslu til að geta fengið styrki en inni í því hefur hingað til ekki talist t.d. land sem er notað fyrir skjólbelti. Reglur Evrópusambandsins hafa litið svo á

Segull sem er sérstaklega hannaður fyrir vömb kúa. Á myndinni sést hvað hafði safnast í segulinn þegar kúnni var slátrað.

að skjólbelti sé nýting á ræktarlandi en L&F vilja fá þessari skilgreiningu breytt svo dæmi sé tekið.

Þá stefnir í að heildarstuðningur við nautgriparækt sem slíka muni dragast saman á næsta samningstíma og t.d. má ætla að gripagreiðslur mjólkurkúa verði aflagðar að fullu árið 2026. Aftur á móti munu greiðslur fyrir sláturgripi hækka nokkuð. Þá geta bændur, eins og áður segir, sótt um stuðningsgreiðslur til þess að fara í aðgerðir til að draga úr sótspori búa sinna t.d. með ræktun plantna sem þurfa minni áburð eða meðhöndlun. Þess má geta að heildarstuðningur við danska kúabændur í mjólkurframleiðslu, þ.e. þegar allar stuðningsgreiðslur í öllu formi eru taldar saman, er í dag um 5-6% af ársveltu búanna.

3% til ungra bænda

Af heildarstuðningsgreiðslum munu 3% þeirra fara til ungra bænda, þ.e. vegna kaupa á búum eða kynslóðaskipta. Þannig fá ungbændur t.d. eingreiðslu upp á 14 milljónir íslenskra króna þegar þeir hefja búskap en gerð er krafa um að umsækjandi sé með búfræðipróf og yngri en 40 ára. Þá er möguleiki á að fá frekari fjárfestingarstyrk ef afgangur er á reiknuðum heildarstyrk til landbúnaðarins. Reglurnar eru þannig að allir bændur þurfa að sækja sérstaklega um styrki og ekkert gerist sjálfkrafa. Ef einhverjir sækja ekki um, eða minna er sótt í ákveðin verkefni sem hafa fast fjármagn, er hægt að veita því sem umfram er til ungbænda!

Nautgriparæktin verður áfram mikilvæg

Annað ekki síður áhugavert erindi í þessari málstofu flutti Jesper Bo Jensen, en hann er með þann einstaka starfstitil að vera framtíðarrannsakandi! Hann hefur kafað ofan í það hvernig vænta megi þróunar á nautgriparækt í Danmörku á komandi árum og áratugum og í stuttu máli var hann bjartsýnn fyrir hönd danskra nautgripabænda.

Vissulega hafi ýmislegt gerst undanfarið, s.s. Covid-19 og stríðið í Úkraínu, sem hafi leitt til nokkuð ófyrirsjáanlegra breytinga á mörkuðum en heildarþróunin sé áfram í sömu átt. Fólki fjölgar í heiminum og á sama tíma eykst

hlutdeild millistéttarfólks í heiminum. Þannig er talið að af þeim 7,9 milljörðum íbúa heimsins í dag þá séu nú 3,8 milljarðar sem flokkast sem millistétt en að árið 2030 verði þessi fjöldi kominn í 5,3 milljarða íbúa. Allt þetta fólk þarf að nærast og það er einmitt þetta fólk sem hefur efni á hágæða landbúnaðarvörum. Þess vegna spáði hann því að eftirspurnin eftir mjólk og kjöti muni aukast hraustlega á allra næstu árum, þrátt fyrir mögulegan framgang t.d. grænmetis- eða grænkerafæðis á ákveðnum mörkuðum.

Dýravelferð

Að þessu sinni var heil málstofa nýtt fyrir málefni sem lúta að velferð dýra. Skýringin á því er m.a. að 1. júlí í ár taka við nýjar kröfur til danskra nautgripabúa og því ástæða til að hnykkja á ýmsum atriðum sem tengjast hinum nýju kröfum.

Eitt átsvæði fyrir hverja nýbæru

Það eru ýmsar nýjar kröfur sem taka gildi fyrir dönsk kúabú s.s. að allar kýr þurfa að hafa aðgengi að vélknúnum kúaburstum og öll geldneyti hafi aðgengi að burstum svo dæmi sé tekið.

Þá þarf að vera a.m.k. eitt átsvæði fyrir hverja nýbæru og það setur marga danska bændur í vanda enda oft fleiri kýr en átsvæði í fjósum. Einnig gildir sama krafa um kýr sem eru langt gengnar með og aðrar kýr mega nú að hámarki vera tvær um hvert átsvæði. Þá má ekki lengur vera með of margar kýr um hvert drykkjarkar, hámark 10 kýr á hvern lengdarmetra drykkjarkars.

Rimlastíur bannaðar

Nýju reglurnar taka einnig á aðstöðu fyrir uppeldi en dönsku bændurnir fá þó smá frest á að breyta fjósum sínum en frá 1. júlí 2024 verður óheimilt að vera með heilrimlastíur fyrir gripi í uppeldi.
Enginn gripur má s.s. hafa eingöngu aðgengi að rimlum og því þarf að vera með legusvæði í öllum stíum. Þessi breyting kallar hjá flestum bændum á viðbyggingar enda er ekki nóg að setja bara legusvæði inn í stíurnar þar sem það þrengir þá að göngusvæði gripanna. Fyrir marga bændur þýðir þessi breyting að nánast þarf að tvöfalda rými fyrir gripi í uppeldi!

Helti úr sögunni?

Í málstofunni voru nokkur erindi sem sneru að klaufskurði og helti kúa en stærsta afurðafélag Danmerkur, Arla Foods, gerir nú kröfu um að engin kýr í fjósum sem framleiða mjólk fyrir félagið hafi haltar kýr.

Þetta er vissulega ekki hægt að tryggja algjörlega en með markvissri vinnu og fyrirbyggjandi aðgerðum er nánast hægt að koma í veg fyrir helti.

Hér sést að sé settur sterkur segull í fóðurblandara þá gerir hann klárlega gagn!

Mynd af girðingarvír sem fannst í meltingarvegi.

16% kúa með málmhluti í meltingarveginum

Erindi Niels Bastian Kristensen, fóðurfræðings og dýralæknisins Peter Raundal, um málmhluti í fóðri kúa, var einkar áhugavert en nýleg athugun á meltingarvegi sláturkúa leiddi í ljós að í 16% þeirra mátti finna einhvers konar málma! Þessir málmar, sem kýrnar éta óvart, geta auðvitað valdið kúnum verulegum skaða. Þeir félagar, sem báðir starfa fyrir SEGES, framkvæmdu rannsókn á tíðni málmhluta í meltingarvegi sláturkúa og reyndu að rekja hvaðan þeir komu.

Í ljós kom að þetta voru t.d. þræðir úr dekkjum (sem notuð eru til að fergja flatgryfjur), girðingar- og gaddavírar, skrúfur og naglar auk fleiri málmhluta. Athygli vekur þó að dósir, t.d. sem hent er á víðavangi, var vart að finna í þessari rannsókn en skýringuna sögðu þeir líklega þá að kýr skera sig líklega frekar á þeim og hætta að éta.

Áhrif þess sem málmhlutir í meltingarvegi geta haft er að átgeta kúnna minnkar, auk þess sem kýrnar verða oft veikar og kvaldar. Oft er mjög erfitt að greina hvað það er sem veldur þessum kvilla hjá kúnum og má leiða að því líkum að einkennin geti hreinlega valdið því að kúnum sé slátrað.

Til þess að koma að mestu í veg fyrir það að málmhlutir endi í kúnum mæltu þeir félagar með því að gæta sérstaklega að sér við slátt og hirðingu sem og að setja kraftmikla segla bæði í fóðurblandara og koma fyrir sérstökum þar til gerðum seglum í vömb kúnna.

Annars voru fleiri áhugaverð erindi í málstofunni um dýravelferð t.d. varðandi hönnun burðaraðstöðu, um geldkúafóðrun, broddmjólkurgjöf sem hægt er að lesa nánar um á heimasíðu fagþingsins (sjá hlekk neðst í greininni).

Holdanautabúskapur

Danir hafa löngum verið stórtækir þegar kemur að holdanautabúskap og skipta hjarðirnar í landinu hundruðum. Undanfarin ár hefur verið lögð aukin áhersla á samtengingu holdanautabúskapar og líffræðilegs fjölbreytileika gróðurs þ.e. þar sem nautgripir ganga úti allt árið sé hlúð sérstaklega að því að fjölga plöntutegundum þrátt fyrir beitina og áganginn.

Þetta fjallaði m.a. erindi Íslandsvinarins Per Spleth og Rikke Rørby Graversen um, en bæði starfa hjá SEGES. Markmiðið er gott og gilt, þ.e. að auka flóru landsins, en það fer hreint ekki saman við hámörkun á vexti nautgripa, en danskar mælingar sýna að því fjölbreyttari sem flóra landsins sem gripirnir ganga á því hægari verður vöxturinn. Þetta má þó samræma með því að bæta bændunum upp vaxtartapið, með styrkjum, vegna lengri eldistíma. Þá ráðlagði Per bændum sérstaklega að vanda til bústjórnarinnar þegar kemur að útigangi:

Daglega:
- Fylgjast með holdafari og atferli gripanna
- Tryggja aðgengi að góðu drykkjarvatni og steinefnum
- Tryggja aðgengi að fóðri / góðri beit
- Vera með aðgengilegt þurrt legusvæði
- Veita gripum aðgengi að skjóli

Aldrei vera með:
- Magra gripi
- Úfna gripi eða gripi með hárlausa bletti
- Skítuga gripi
- Gripi sem hengja haus
- Gróðurlaus (uppvaðin) svæði
- Forarpytti í kringum át- eða drykkjarsvæði
- Beitarsvæði án aðgengis að skjóli
- Beitarsvæði án aðgengis að þurru legusvæði

Í næsta Bændablaði verður birtur síðasti hluti umfjöllunar um þetta áhugaverða fagþing, en þess má geta að hægt er að skoða og hlaða niður öllum erindum af fagþinginu með því að nota eftirfarandi hlekk: https://www.tilmeld.dk/kvaegkongres2022/praesentationer.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Allar almennar bílaviðgerðir
Viðurkenndur þjónustuaðili
BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
Smiðjuvegur 68, Kópavogi | S. 587 1350 | bifreidaverkstaedi.is

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel

STÁLGRINDAHÚS
Fjöldi stærða og gerða í boði

STURTUVAGNAR
Burðargeta 7-18 tonn

þak og veggstál galvaniserað og litað
- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi lita í boði



H. Hauksson ehf
Ögurhvarfi 8 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is

Floods Trähus
Gæða tréhús frá Svíþjóð
Byggjum nýtt!

Gisslaren hús hefur stóra og opna forstofu með útsýni út í garð. Stofan er 37,5m² með stórum gluggum, lofthæð allt að 3,5 metrum og hægt er að innrétta efri hæðina í öðrum enda hússins.
Allt byggingarefni fyrir ofan grunn; til dæmis fullbúið eldhús, þvottavél og þurrkari, innbyggt ryksugukerfi, og parket. Allar teikningar og annað sem þarf til, er sótt er um byggingarleyfi.
Frekari upplýsingar gefur sölustjóri á Íslandi - Hinrik Gunnarsson
Veffang: hinrik@floodstra.com • Sími: 0046 705741099 • Vefsíða: www.floodstra.com/

LESENDARÝNI

Laxar í landeldiskeri.

Landeldi laxfiska

Nú stendur yfir undirbúningur hérlendis undir stóraukna framleiðslu á laxi sem alinn er á landi eingöngu, svonefnt landeldi.

Innan fárra ára munu hafa risið landeldisstöðvar á Íslandi sem framleiða umtalsvert magn af laxi, eða sem nemur ríflega 100.000 tonnum á ársgrundvelli. Hingað til hefur lax hér á landi nánast eingöngu verið alinn í sjókvíum, svo hvað veldur því að augu íslenskra laxeldisbænda beinast nú í auknum mæli upp á fast land?

Rúnar Þór Þórarinsson.

Hvers vegna laxeldi?

Ýmsar ástæður liggja að baki því að laxeldi er talið fýsilegur kostur til matvælaframleiðslu. Fyrir það fyrsta má nefna að fóðurstuðull laxa og silunga, þ.e. það magn fóðurs sem þarf til að framleiða 1 kg af laxi, er um 1,2. Þannig þarf 1,2 kg af fóðri til að ala hvert kíló af laxi, og framangreint hlutfall er hvergi lægra í matvælaframleiðslu. Þetta skýrist af því að laxinn lifir í vatni og keppir því ekki við þyngdarlögmálið. Hann vinnur t.d. kalk, úr sjónum og eins er blóð hans kalt svo orkuþörfin er gríðarlega lítil. Til samanburðar má nefna að fóðurstuðull í kjúklingarækt er í kringum 2,5, í sauðfjárrækt frá um 5,5 og um tvöfalt það í nautgriparækt. Fóður eða hráefni til landeldis er hins vegar innflutt að miklu leyti og þar liggja talsverð sóknarfæri til framtíðar.

Fiskeldi er í örum vexti

Heildarmagn eldisafurða sem framleiddar voru hérlendis áttfaldaðist milli áranna 2010 og 2020, og munar þar langmestu um laxeldi. Á árinu 2021 komu 12% af heildar útflutningsverðmætum íslensks sjávarútvegs frá eldisafurðum, eða sem nam 36 milljörðum króna.

Var þar um að ræða 23% aukningu frá árinu á undan. Þá aukningu sem orðið hefur í greininni má að langstærstu leyti rekja til sjókvíaeldis, en á árinu 2021 var 44,5 þúsund tonnum slátrað úr sjókvíaeldisstöðvum og hefur sú tala aldrei verið hærri. Til samanburðar var einungis 2.000 tonnum af laxi slátrað úr landeldisstöðvum á sama ári, og kom það allt úr eldisstöð Samherja í Öxarfirði.

Nokkur stígandi var í bleikjueldi á síðasta áratug, fram til ársins 2019, en síðan hefur dregið aðeins úr. Á árinu 2021 var um 5,4 þúsund tonnum af bleikju slátrað.

Landeldi ryður sér til rúms

Hvað landeldi, sem þýðir fulleldi fiska á landi eingöngu, varðar hefur stærsti þröskuldurinn hingað til verið hár kostnaður við uppsetningu fulleldisstöðva á landi. Kostnaður við uppsetningu slíkrar stöðvar er um það bil tífaldur á við sjókvíaeldisstöð, svo þar munar um minna. Á síðustu árum hafa þó rannsóknir og niðurstöður framsýnna frumkvöðla bent eindregið til þess að með nýjustu tækni sé vel hægt að skapa arðbært laxeldi á landi, að því gefnu að nauðsynlegir landfræðilegir grunnþættir séu til staðar. Enn fremur eru möguleikar fyrir hendi til að nýta aukaafurðir sem til falla við landeldi.

Þannig má nýta fiskimykju í áburð, dauðfisk í vetnisframleiðslu og affallsvatn í gróðurhús og grænmetisrækt.

Í landeldi er jafnframt öllum aðstæðum stýrt, svo hættan á sjúkdómum og innrás sníkjudýra er lágmörkuð, og slysasleppingar afar hæpnar. Annar kostur við landeldi er sá að hægt er að svara kalli markaðarins með eins nákvæmum hætti og frekast má verða.

Landeldisfyrirtæki geta þannig stýrt því framboði sem þarf á hverjum tíma og slátrað jafnt og þétt, allt eftir þörfum markaðarins og eftirspurn á hverjum tíma.

Úrgangur – hráefni - áburður

Þá er ótalin sú staðreynd að landeldi hefur opnað á mikla möguleika á verðmætasköpun úr fiskimykju og dauðfiski úr landeldi þar eð unnt er að safna öllu sem til fellur úr kerjum á landi. Nýverið var undirrituð viljayfirlýsing milli Bændasamtakanna og nýstofnaðra Landeldissamtaka Íslands um að vinna saman að nýtingu lífræns úrgangs, bæði fiskimykju og búfjárúrgangs, til framleiðslu áburðar hér landi.

Efnasamsetning hráefnanna veldur því að með samblöndun og áframvinnslu þeirra má búa til gríðarlegt magn kröftugs, fjölnota áburðar og draga úr því sem flytja þarf inn.

Aðstæður til uppbyggingar landeldis hvergi ákjósanlegri en hér á landi

Sigurður Pétursson, stofnandi Arctic Fish og framkvæmdastjóri fræðslumiðstöðvarinnar um laxeldi, Lax-inn, segist búast við mikilli framþróun í bæði sjóeldi og landeldi á komandi árum, en enn sem komið er komi yfir 99% af eldi á Atlantshafslaxi úr sjóeldi. Hann hefur tröllatrú á að landeldi muni aukast til muna en að sama skapi muni ryðja sér til rúms ný tækni við sjóeldi, svo sem úthafseldi. Eins séu möguleikar á svokölluðu fjöleldi, þar sem tengd er saman þararækt, skelfiskrækt og fiskeldi, og einnig komi lokuð kerfi til með að ryðja sér til rúms á komandi tímum. Staðreyndin sé þó sú að líklega sé ekkert landsvæði í heiminum jafn vel til landeldis á laxi fallið og Ísland. „Hér er aðgangur að nægu ferskvatni, hér er hægt að dæla upp borholusjó, við höfum græna raforku og jarðhita. Slíkar aðstæður er ekki að finna neins staðar í heiminum nema hér, og þá sérstaklega á suðurhorni landsins. Aðstæður til uppbyggingar landeldis eru því hvergi í heiminum ákjósanlegri en akkúrat hér," segir Sigurður Pétursson.

Það er því ljóst að mikið er fram undan í landeldismálum hérlendis og að um auðugan garð er að gresja í þeim efnum. Það verður spennandi að fylgjast með framhaldinu.

Rúnar Þór Þórarinsson,
stjórnandi sjálfbærni- og nýsköpunar hjá Landeldi hf. og stjórnarformaður ELDÍS.

KORNHORN

Mismunandi gæði hafrayrkja skila sér í flögugerðina eins og sjá má á þessum myndum þar sem sjást afhýddir hafrar og fallegar flögur. Á hinni myndinni sést tilraun til flögugerðar á hafrayrki af lakari gæðum.

Hollur er heimafenginn hafragrautur

Hafrar (Avena sativa), einnig nefnd akurhafri, voru mikið ræktaðir í heiminum sem hestafóður á öldum áður en umfang ræktunarinnar minnkaði og aðeins brot af því sem hún var fyrir tilkomu bíla og véla.

Hafrar eru korntegund sem er kröfuhörð en óvandlát í senn. Til þess að uppskera hafra af háum gæðum til manneldis þurfa þeir að þroskast vel og lengi en hafrar þrífast vel í rýrum og ófrjósömum jarðvegi og við lægri áburarskammta en aðrar korntegundir. Niðurstöður rannsókna í Noregi hafa sýnt að hafrar geta tekið upp fastbundinn fosfór. Því geta hafrar aukið áburðarnýtni og henta því vel í sáðskipti, einnig þar sem blaðsjúkdómar í byggi herja ekki á hafra og því er sjúkdómshringrásin rofin með því að rækta hafra á eftir byggi.

Hafrar eru taldir eiga uppruna sinn sem illgresi í byggökrum og eiga sér styttri ræktunarsögu en aðrar korntegundir. Sterkjuhlutfallið er lægra í höfrum en byggi en hafrar bæta orkuinnihaldið upp með háu fituinnihaldi. Hafrar eru feitasta kornið en fituhlutfallið í korninu er á bilinu 6-8% hérlendis og getur verið hærra. Fitan er ekki æskileg fjórmagadýrum en þó er þetta ekki yfirdrifið magn, og vísbendingar eru um að fita í fóðri nautgripa dragi úr metanlosun. Fitan er holl mannfólki en að auki gómsæt viðbót þegar nota á hafra til matvælaframleiðslu. Kex, morgunkorn, brauð og kökur úr höfrum eru vinsælar matvörur á heimilum landsmanna að ógleymdum hafragrautnum sem hefur verið að auka vinsældir sínar meðal ungs fólks í Evrópu með tilkomu nýrra og spennandi uppskrifta. Hafrar eru holl neysluvara sem hafa góð áhrif á hjarta- og æðasjúkdóma, amínósýrusamsetningin er hentug mönnum og trefjar hafra eru það líka. Sérstaklega ber að nefna beta-glúkan trefja sem lækkað geta blóðsykur og kólestról í blóði.

Talsverðir möguleikar eru fólgnir í því að hafravörur verði úr íslensku hráefni. Til þess þarf einkum tvennt, hentug yrki á markað og myllur sem unnið geta kornið í flögur og mjöl. Rannsóknir við Jarðræktarmiðstöð LbhÍ á Hvanneyri standa yfir með styrk frá Matvælasjóði til þess að finna og þróa yrki sem henta best til ræktunar hér á landi með manneldi að markmiði.

Jónína Svavarsdóttir.

Hrannar Smári Hilmarsson.

Ræktun hafra á Norðurlöndum er talsverð. Finnar rækta mest af höfrum, eða á næstum 300 þúsund hektörum, og eru enn fremur næststærsti útflytjandi hafra í heiminum á eftir Kanada. Svíar rækta hafra á 165 þúsund hekturum og Norðmenn 69 þúsund. Norðmenn stefna á sjálfsnægt í neyslu hafra og eru langt komnir að því markmiði. Hafrarækt hér á landi er lítil, þó er á markaði haframjöl frá Sandhóli í Meðallandi. Hafrar voru teknir til prófana hér á landi af Klemenzi Kristjánssyni á Sámstöðum í Fljótshlíð á fyrri hluta síðustu aldar, en þar sem hafrar gátu ekki keppt við bygg í uppskerumagni og flýti til þroska var lögð meiri áhersla á byggræktun og kynbætur. Hafrar þurfa lengri þroskatíma en bygg hér landi, en geta staðið lengur og þola haustveður betur.

Þannig lengist uppskerutímabilið og nýting þreskivéla og þurrkaðstöðu eykst.

Aðstæður hér á landi til ræktunar hafra til manneldis eru krefjandi. Lágt hitastig takmarkar stærð og þroska kornsins sem kemur niður á gæðum þess. Hins vegar sýna niðurstöður tilrauna við Jarðræktarmiðstöð LbhÍ að arfgerðarþátturinn hefur stór marktæk áhrif á gæði kornsins. Við Jarðræktarmiðstöðina hafa verið þróaðar aðferðir til að meta myllunargæði hafra sem ræktaðir eru hér í jarðræktartilraunum. Alls voru prófaðar 136 arfgerðir af höfrum árið 2021 sem voru valdir sérstaklega sem fljótþroska yrki. Niðurstöðurnar sýndu mikinn breytileika á þúsundkornaþyngd og rúmþyngd sem eru þekktir eiginleikar til þess að meta gæði korns. Að auki var kornið flokkað eftir stærð, stærri en 2,5 mm, stærri en 2,2 mm og minni en 2,2 mm. Enn fremur voru öll sýni afhýdd í tilraunaafhýðara og gæði afhýðingarinnar metin ásamt hörku kornsins, það er hvort það brotni við afhýðingu. Þessir þættir skiluðu sér beint í gæði hafraflaganna sem voru gerðar úr korni til bragðþófana hjá MATÍS eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Einnig hefur Jarðræktarmiðstöð LbhÍ nú þriðja árið í röð lagt út tilraun með 9 algengum hafrayrkjum. Yrkin voru sett út á þremur stöðum og eru skoðaðir hefðbundnir uppskerueiginleikar, en að auki eru sýnin afhýdd og gæði afhýðingarinnar metin. Mikill arfgerðamunur er á korninu en einnig mikill munur eftir ræktunarstöðum.

Mikill munur er á myllunargæðum hafra eftir arfgerðum en þegar hugað er að höfrum til manneldis skiptir gæði hafraflaganna miklu máli, því neytandinn gerir kröfur á bragðgæði og áferð. Við ræktun hafra til manneldis er mikilvægt að finna hentugar arfgerðir sem bæði eru auðveldar í ræktun, afhýðast vel og brotna ekki við vinnslu. Með auknum tilraunum væri hægt að finna hentug yrki sem uppfylla þessar kröfur og auk þess gætu ræktunaraðilar valið hafrayrki til ræktunar með það að leiðarljósi hversu mikið beta-glúkan finnst í þeim. Rannsakað verður magn beta-glúkana trefja í höfrum ræktuðum hér á landi. En magn þeirra stjórnast af miklu leyti eftir umhverfisaðstæðum, mikilvægt er því að kanna hvort stakar arfgerðir séu betur til þess fallnar að framleiða beta-glúkana við íslenskar aðstæður en aðrar.

Til þess að aðlaga hafra enn betur að íslenskum aðstæðum þarf að gera fleiri tilraunir og hefja víxlanir á höfrum til þess að kynbæta stofninn með gæði, uppskeru og öryggi í ræktun að leiðarljósi.

Hrannar Smári Hilmarsson,
tilraunastjóri í jarðrækt hjá LbhÍ.

Jónína Svavarsdóttir,
umsjónarmaður jarðræktartilrauna hjá LbhÍ.

LESENDARÝNI

Af grundvallaratriðum

Í 12. tbl. Bændablaðsins ritaði Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra grein með yfirskriftinni Sprett úr spori, þar sem hún tæpti á því helsta af vettvangi stjórnarráðsins í landbúnaðarmálum.

Það er ánægjulegt að lesa að matvælaráðherra segist bæði hafa og muni standa með bændum og innlendum landbúnaði. Þá er einnig ánægjulegt að sjá að ráðherra leggur áherslu á að afkoma bænda sé forsenda fæðuöryggis og efling innlendrar kornræktar er þar jafnframt mikilvægur áhrifaþáttur.

Að tryggja fæðuöryggi

Á tímum sem nú eru forsendur fyrir því að meginmarkmið búvörusamninga hlýtur að vera að tryggja nægjanlegt framboð gæðaafurða og fæðuöryggi, ásamt því að tryggja framleiðsluvilja og afkomu bænda.

Öruggustu skilaboðin sem hægt er að gefa bændum um að framleiða þau matvæli sem eftirspurn er eftir er að greiða þeim fyrir framleiðsluna sjálfa. Um 30% af samningnum um starfsskilyrði í nautgriparækt eru nú greidd út á mjólk innan greiðslumarks en mjólkurframleiðslan býr við framleiðslustýringu sem á að koma í veg fyrir offramleiðslu með tilheyrandi sóun en ekki síður að tryggja að nægjanlegt magn sé framleitt.

Framleiðsluskyldan er 100% svo bændur fá ekki fullar stuðningsgreiðslur nema þeir framleiði þá mjólk sem óskað er eftir. Skilaboðin gætu ekki verið skýrari.

Áform um að styrkja innlenda kornrækt og jarðyrkju eru göfug en þessu tvennu á ekki að blanda saman. Sjálfbærari fóðuröflun styrkir landbúnaðinn og stuðlar að fæðuöryggi en jarðræktarstyrkir tryggja ekki endilega að bændur framleiði þá matvöru sem eftirspurn er eftir. Stjórnvöld verða að gæta þess að tapa ekki því frábæra verkfæri sem þau hafa í höndunum núna, sem framleiðslutengdir styrkir eru, til að tryggja fæðuöryggi. Þeir virka vel þegar framleiðslustýringar nýtur við.

Afgerandi afstaða kúabænda

Í grein sinni veltir matvælaráðherra m.a. upp fyrirkomulagi ríkisstuðnings og þar á meðal framleiðslustýringu í mjólkurframleiðslu. Það er fjarri lagi að í fyrsta skipti sé verið að velta upp þeim göllum kvótakerfis í mjólk sem að ráðherra nefnir í greininni. Greiðslumark mjólkur og form framleiðslu stýringar hefur í ára- raðir verið umræðuefni meðal bænda og tók nokkurt pláss við gerð síðustu búvörusamninga. Við finnum seint upp hið fullkomna kerfi en kvótakerfið tók þónokkrum breytingum við síðustu endurskoðun sem stuðlar að jafnræði milli bænda auk þess að hámarksverð var sett á kvótann til að sporna við of háu kvótaverði. Í núverandi fyrirkomulagi er söfnunarskylda á markaðs- ráðandi afurðastöð og flutnings- jöfnunarkerfi. Þetta tvennt er mikilvægt til að tryggja að hægt sé að framleiða mjólk um land allt.

Herdís Magna Gunnarsdóttir.

Án framleiðslustýringar væri erfitt að halda úti söfnunarskyldu, enda sjáum við að í þeim nágrannaríkjum okkar sem hafa afnumið kvótakerfi í mjólk að afurðastöðvarnar sjálfar setja á nokkurs konar kvótakerfi þar sem mjólkurframleiðendur þurfa að gera við þær samning til að tekið sé á móti mjólkinni. Við myndum að öllum líkindum sjá sömu hluti gerast hér og velti ég fyrir mér hvernig myndi fara fyrir minni og afskekktari búum við slíkar aðstæður.

Það sætir nokkurri furðu að ráðherra viðri hugmyndir um afnám kvótakerfis, sem svo til sama ríkisstjórn og hún situr nú í samþykkti fyrir þremur árum að yrði fest í sessi.

Árið 2019 kusu kúabændur um hvort afnema ætti kvótakerfi í mjólkurframleiðslu. Tæplega 90% kúabænda tóku þátt og um 90% þeirra kusu að halda í kvótakerfið. Það var síðar lögfest við endurskoðun búvörusamninga sama ár.

Afstaða bænda var afgerandi og er það von mín að ráðherra virði þá afstöðu kúabænda, það hlýtur að vera grundvallaratriði.

Herdís Magna Gunnarsdóttir
varaformaður BÍ
og formaður NautBÍ.

Vatnsskortur í Íslandi

Það kemur kannski einhverjum á óvart að það búa ekki allir á Íslandi við nóg af hreinu og góðu vatni.

Á sama tíma og slegin voru hitamet á Norður- og Austurlandi stóran part síðasta sumars fór víða að gæta að auknum vatnsskorti vegna þurrka, sérstaklega á Austurlandi, en síðasta sumar urðu nokkrir bæir á svæðinu vatnslausir, það á sama tíma og aukin krafa er um hreint vatn m.a. vegna matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu.

Ástandið var svo slæmt að sveitarfélög þurftu að grípa til aðgerða og aðstoða bændur með því að keyra vatni á bæi með tankbíl. Þá er það ekki einungis mikilvægt að hafa greiðan aðgang að góðu vatnsbóli til þess að sinna mönnum og dýrum heldur valda þessir auknu þurrkar aukinni hættu á gróðureldum og það með alvarlegri afleiðingum en áður. Mikilvægt er að bregðast við þessum nýja veruleika með aðgerðum. Þörf er á að bora eftir vatni víða og styrkja vatnsauðlindir. Til slíkra framkvæmda geta bændur átt rétt á opinberum fjárstuðningi og sveitarfélög geta haft milligöngu um slíkar framkvæmdir og leitað leiða í samráði við stjórnvöld.

Um nokkurn tíma hefur verið hægt

Halla Signý Kristjánsdóttir.

að sækja um styrki vegna vatnsveitna á lögbýlum úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Nýlega var heildarfjárhæð framlaga úr sjóðnum hækkuð úr 25 milljónum í 31,6 milljónir, en fjárhæðin hafði staðið óbreytt í rúm tuttugu ár. Ástæða þótti til að hækka framlagið eftir síðasta ár þar sem umsóknum um styrki jukust sem leiddi til skerðinga fyrir umsóknaraðila. Það skiptir máli að umsóknaraðilar fyrir styrk geti gert raunhæfa kostnaðaráætlun svo hægt sé að leggja af stað í verkefni sem þetta. Við því hefur verið brugðist.

Um leið og ég vona að það viðri vel um allt land í sumar vonast ég einnig til að reglugerðarbreytingin verði bændum hvatning til að fara í vatnsveituframkvæmdir. Mikilvægt er að tryggja nægt hreint og tært vatn um allt land bæði fyrir menn og dýr.

Halla Signý Kristjánsdóttir
þingmaður Framsóknar.

SERES 3
Rafmagnsbílar

HECHT 1115
Jarðvegsþjöppur
117 kg

HECHT 5045S
Sláttuvélar
Þráðlausar

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

LESENDARÝNI

Villigötur í umræðu um loftslagsmál

Í Bændablaðinu 23. júní s.l. er birt grein eftir Árna Bragasonar landgræðslustjóra undir yfirskriftinni „Loftslagsmál: Umræða á villigötum“.

Þóroddur Sveinsson

Þó svo virðist sem tilgangur greinarinnar sé að gera athugasemdir við mistúlkanir á rannsóknaniðurstöðum sem tengjast loftslagsmálum, er megininntak hennar að gera lítið úr niðurstöðum rannsóknar sem birtar voru í Riti LbhÍ nr. 149, *„Langtímatap kolefnis í framræstu ræktarlandi“*. Þar sem undirritaður ber ábyrgð á téðri rannsókn þykir mér rétt að bregðast hér við og benda á villur sem landgræðslustjóri fer með í greininni.

Rétt er að benda á að meginmarkmið rannsóknarinnar, *„var að efla vísindalega þekkingu á langtíma kolefnislosun í framræstu ræktarlandi á Íslandi“*. Beitt var nýrri aðferð til að mæla þessi áhrif sem kölluð hefur verið gjóskulagaaðferðin. Í raun var þó fyrsta spurningin sem þurfti að svara hvort aðferðin væri nothæf til að meta breytingar á kolefnisforða jarðvegs af völdum framræslu. Niðurstaða höfunda var þessi:

„Gjóskulagaaðferðin er góð leið til að meta heildarlosun kolefnis í framræstu votlendi þar sem hægt er að beita henni og ef gerðar verða endurbætur á verklagi byggðar á reynslu þessa verkefnis.“

Rannsóknin er innlegg í þróun nýrrar aðferðar til að áætla losun kolefnis í framræstu landi. Gjóskulagaaðferðin er tiltölulega einföld í framkvæmd og sem á að geta mælt nokkuð nákvæmlega breytingar á kolefnisforða jarðvegs af völdum framræslu og ræktunar með því að bera saman það land við óraskað votlendi sömu gerðar og af sama svæði. Gasflæðimælingaaðferðir sem Landgræðslan notar eru mun flóknari í framkvæmd og þær mæla ekki beint breytingar á kolefnisforða jarðvegs aftur í tímann. Þær mæla einungis kolefnislosun vegna öndunar á ákveðnum stað og tíma á meðan mælingin fer fram sem eru yfirleitt ekki nema nokkrar mínútur í hvert skipti. Aðferðin greinir heldur ekki á milli kolefnis sem á uppruna sinn úr jarðvegsforða fyrir framræslu eða úr skammtímaforða sem verður til eftir framræslu sem eru mest plöntuleifar sem verða til við ræktun og eru aðgengilegustu orkugjafar jarðvegslífvera.

Upphaflega var ætlunin að rannsaka fjögur svæði. Það tókst hins vegar einungis að rannsaka tvö svæði vegna tímaskorts og ýmsum öðrum ástæðum sem lýst er í skýrslunni.

Svæðin tvö (Kýrholt og Hegranes) eru að mörgu leyti svipuð hvað varðar veðurfar en það eru einungis um 10 km á milli svæðanna. Einnig er jarðvegsgerð, sýrustig og jarðvegsdýpt svipuð sem og landnýting sem byggir mest á túnrækt en endurræktun og áburðargjöf hefur þó verið meiri í Hegranesinu. Marktækur munur var hins vegar á milli svæðanna á kolefnisinnihaldi, rúmþyngd og glæðitapi jarðvegs í votlendinu. Mikill munur á kolefnistapi var á milli þessara svæða og var það fimmfalt meira á kolefnisríkara svæðinu þó ekki sé hægt að fullyrða um orsakasamhengi þar á milli. Votlendið var flokkað af fagmanni í vistgerðarflokka Náttúrufræðistofnunar Íslands og það var mat höfunda að framræsta landið á stöðunum tveimur hafi upphaflega verið sömu gerðar og samanburðarvotlendið.

Það er rétt að nokkur óvissa ríkti um nákvæma jarðvegsþykkt í framræsta landinu og í einni mæliholunni var jarðvegsdýptin meiri en í óraskaða votlendinu sem við töldum ótrúverðugt. Niðurstaðan var að nota ekki þessa mæliholu þegar við mátum meðaldýpt niður á gjóskulagið. Vegna þessarar óvissu gerðum við næmnigreiningu sem mat áhrif jarðvegsdýptar á kolefnisforðann ofan gjóskulagsins. Niðurstöðum er lýst í sérstökum kafla í skýrslunni. Að auki er sérstakur kafli með tillögum um endurbætur á gjóskulagaaðferðinni byggðar á reynslu rannsóknarinnar og sem á að koma í veg fyrir eða minnka skekkju og óvissu í mælingum.

Landgræðslustjóri telur útilokað *„að draga einhverjar ályktanir af þessum niðurstöðum sem væri hægt að nýta til að áætla núverandi loftslagsáhrif vegna ræktunar“* og *„Niðurstöður rannsóknarinnar og ályktanir byggðar á þeim eru því vafasamar, í besta falli.“*

Þessum fullyrðingum er ég ósammála enda eru þær byggðar á misskilningi.

Ályktanir höfunda skýrslunnar byggja á niðurstöðum rannsóknarinnar og fyrirliggjandi þekkingu á jarðvegi og jarðrækt sem eru traustar og rétt að rifja þær upp hér:

„Til að kortleggja sem næst raunverulega langtíma kolefnislosun í framræstu ræktarlandi á Íslandi þarf að gera átak í að mæla hana skipulega sem víðast og gjóskulagaaðferðin er gott tæki til þess þar sem nothæf gjóskulög finnast.“

„Losunartölurnar sem hér birtast eru lágar og benda til þess að losun af framræstu ræktarlandi á Íslandi ***geti*** *verið ofmetin sé miðað við staðla IPCC. Nauðsynlegt er að halda áfram rannsóknum á kolefnislosun íslensks ræktarlands.“*

Höfundar vöruðu jafnframt við því að draga of víðtækar ályktanir af niðurstöðunum þó að á þessum tveimur svæðum hafi mælst mun minni meðal kolefnislosun en gert er ráð fyrir í loftslagsbókhaldi Íslands í dag.

Þóroddur Sveinsson,
jarðræktarfræðingur og deildarforseti við LbhÍ.

Bændablaðið

Skráðu smáauglýsinguna þína á bbl.is



Framleiðslukostnaður nautakjöts. Afurðatekjur eru allar tekjur af innlögðu kjöti, sölu beint frá býli, seldum gripum o.s.frv. Afurðatekjur Δ 2022 eru áætlaðar afurðaverðshækkanir sem orðið hafa á árinu. Opinberar greiðslur eru sláturálag og gripagreiðslur. Opinberar greiðslur – Einskiptisaðgerðir eru áætlaðar viðbótargreiðslur vegna Covid 19 (2021) og vegna tillagna spretthóps (2022). Hvíti hluti súlunnar sýnir það sem vantar upp í framleiðslukostnaðinn. Gögn fyrir árin 2017–2021 eru byggð á upplýsingum úr skýrslu RML en gögn fyrir 2022 eru áætluð af Bændasamtökum Íslands.

Afkoma nautakjötsframleiðenda 2017–2021

Skýrsla RML um rekstur og afkomu nautakjötsframleiðenda fyrir árin 2017-2021 kom út í síðustu viku. Niðurstöður skýrslunnar staðfesta það sem nautakjötsframleiðendur hafa bent á undanfarin ár, að afkoma greinarinnar sé með öllu óviðunandi. Þegar upp er staðið ná afurðatekjur af nautaeldi ekki að mæta framleiðslukostnaði.

Sumarið 2020 hóf RML að rýna í afkomu nautakjötsframleiðenda enda hafði þá afurðaverð nautakjöts lækkað og biðlistar í slátrun voru farnir að myndast. Í júní 2021 voru fyrstu niðurstöður verkefnisins birtar. Ákveðið var að halda áfram með verkefnið, kallað var eftir fleiri þátttakendum, auk þess sem bætt var við rekstrargögnum fyrir árin 2020 og 2021. Alls tóku 25 bú þátt í þetta skiptið, 16 á Norðurlandi og 9 á Suður- og Vesturlandi.

Í skýrslunni kemur fram að framleiðslukostnaður á hvert kíló nautakjöts hafi verið frá 1.440 krónum upp í 1.590 krónur á árunum 2017-2021, að meðaltali 1.544 kr./kg.

Afurðatekjur (innlagt kjöt, sala beint frá býli, seldir lifandi gripir o.s.frv.) á hvert kíló nautakjöts hafa lækkað frá árinu 2017 en sláturálag aftur á móti aukist jafnt og þétt. Á árinu 2021 fengu nautakjötsframleiðendur tvær aðskildar viðbótargreiðslur ofan á sláturálag en um var að ræða tvær einskiptisaðgerðir.

Á súluritinu eru þessar greiðslur merktar sérstaklega þar sem ekki er um að ræða fastar greiðslur. Viðbótargreiðslurnar voru annars vegar sérstakur styrkur vegna Covid-19 ástandsins sem greiddur var á allt UN kjöt og hins vegar viðbótargreiðsla á sláturálag af fjármunum 6. liðar samnings um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar. Rekstrarniðurstaða áranna var í öllum tilfellum neikvæð, hvort sem horft er á framleiðslukostnað með eða án afskrifta og fjármagnsliða.

Árið 2021 borguðu nautakjötsframleiðendur að meðaltali 412 krónur með hverju kílói af framleiddu nautakjöti sem er þó jákvæðari staða en árin á undan. Mest var borgað 603 krónur með hverju framleiddu kílói af nautakjöti, árið 2019.

Súluritið er byggt á gögnum úr skýrslu RML fyrir árin 2017–2021.

Guðrún Björg Egilsdóttir.

Gögn fyrir árið 2022 eru áætluð af Bændasamtökum Íslands og byggja m.a. á 8% afurðaverðshækkunum að meðaltali á árinu 2022 ef horft er á alla flokka UN gripa.

Samkvæmt upplýsingum frá matvælaráðuneytinu hækkar sláturálag um 28% á milli áranna 2021 og 2022 og gert er ráð fyrir því að opinberar greiðslur hækki um 50 kr./kg vegna álagsgreiðslna á sláturálag, gripagreiðslur holdakúa og á jarðræktar- og landgræðslustyrki miðað við tillögur spretthóps um alvarlega stöðu í matvælaframleiðslu.

Þá er gert ráð fyrir 40% hækkun á breytilegum kostnaði milli ára sem gerir um 19% hækkun á heildarkostnaði.

Nákvæm útfærsla á greiðslum liggur ekki fyrir og er því um að ræða gróft mat á stöðunni. Ekki er gert ráð fyrir hækkun á föstum kostnaðarliðum né launum og er kostnaður milli ára því líklega vanmetin. Samkvæmt þessu koma nautakjötsframleiðendur því til með að borga yfir 600 krónur með hverju framleiddu kílói af nautakjöti á árinu 2022.

Framlegð nautakjötsframleiðenda minnkar því á milli áranna 2021 og 2022 úr 36% í 15% en frá árinu 2017 hefur framlegðarstig búanna minnkað úr 38,6%.

Út úr skýrslunni má jafnframt lesa að nautakjötsframleiðendur hafa hagrætt töluvert í sínum rekstri, breytilegi kostnaðurinn hefur lækkað frá 2018, búin stækka og framleiddir eru gæðameiri og þyngri gripir, án þess þó að meðalaldur sláturgripanna fari upp. Bændur hafa því verið að skila betri vöru á markað og eru að reyna að koma í veg fyrir aukinn framleiðslukostnað með aukinni hagræðingu. Auk þess hafa bændur jafnt og þétt verið að ganga á eigin launalið en frá árin 2017 hefur kostnaðarliðurinn „laun og launatengd gjöld“ lækkað um 26%. Á sama tíma fjölgar kúnum um tæpan helming og má því áætla að vinna við búin hafi aukist að einhverju leyti.

Það er deginum ljósara að staða nautakjötsframleiðenda er grafalvarleg. Framleiðslukostnaðurinn undanfarin fimm ár hefur verið umfram tekjur og sveigjanleikinn sem eftir er hjá bændum til að taka á sig stórfelldar aðfangahækkanir er lítill sem enginn. Í lok skýrslunnar greinir verkefnishópurinn frá því að merki séu um samdrátt í ásetningi nautkálfa milli áranna 2020 og 2021 og það sem af er ári 2022. Ef rýnt er í fjölda nautgripa inn á vef RML sést þessi þróun greinilega en nautum, 12 mánaða og yngri, hefur fækkað um 300 gripi frá áramótum.

Vert er að benda á í þessu samhengi að samdráttur í dag hefur ekki áhrif á markaði fyrr en eftir 1,5-2 ár. Telur verkefnishópurinn því nauðsynlegt í ljósi stöðunnar að stjórnvöld og bændur taki samtal um hvernig stuðningsfyrirkomulagi sé best háttað við greinina með tilliti til fæðuöryggis og rekstrarafkomu samhliða innri hagræðingu á búunum.

Að lokum er greint frá því að mikilvægt sé að fjölga þátttakendum í verkefninu og hvetjum við alla nautakjötsframleiðendur til að taka þátt.

Verkefnið gefur bændum möguleika á að greina styrk- og veikleika í sínum rekstri ásamt því að setja sér markmið um bætta rekstrarafkomu. Auk þess sem niðurstöður verkefnisins nýtast í hagsmunabaráttunni sem og við endurskoðun búvörusamninga.

Skýrsluna má lesa í heild sinni inn á vef RML.

Guðrún Björg Egilsdóttir,
sérfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands.

AF VETTVANGI STJÓRNARRÁÐSINS

Þess vegna aukum við kornrækt

Undanfarna mánuði hefur umræða um fæðuöryggi tekið stakkaskiptum á Íslandi eins og annars staðar. Ástæðan er einföld, vegna innrásar Rússa í Úkraínu er fæðuöryggi heimsins ógnað.

Hungurvofan mun gera vart við sig hjá tugum milljóna í ár og á næsta ári vegna þessa. Vegna þeirrar forréttinda sem við Íslendingar njótum í krafti ríkidæmis okkar og mikillar matvælaframleiðslu eru hverfandi líkur á því að aðgengi okkar að mat sé skert. Við flytjum út 98% af þeim fiski sem við veiðum og sá fiskur fæðir milljónir. Ísland er matvælaútflutningsland.

En áhrifin innanlands hafa falist í miklum verðhækkunum á aðföngum og því taldi ég nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að styðja bændur.

Til þess skipaði ég spretthóp sem vann hratt og örugglega, og lagði fram tillögur sem ég gerði að mínum. Í framhaldinu samþykkti ríkisstjórnin að veita 2,5 milljörðum í sérstakan stuðning við bændur sem greiddur verður út með haustinu. Ég mun standa með bændum í þessum þrengingum hér eftir sem hingað til.

Að sama skapi hefur ríkisstjórnin einnig gripið til aðgerða til að milda áhrif dýrtíðarinnar á þá hópa í samfélaginu sem veikast standa, með hækkunum á bótum almannatryggingga og sérstökum barnabótaauka.

Þá höfum við talað skýrt gegn útflutningshindrunum á matvælum á alþjóðavettvangi, en slíkar ráðstafanir eru til þess að auka á vanda fátækari þjóða.

Hagkvæmni á kostnað þanþols

Það sem blasir hins vegar við er að við höfum byggt upp okkar

Svandís Svavarsdóttir.

landbúnað á forsendum þess að við getum alltaf fengið kornvöru á skikkanlegu verði sem aðföng í framleiðslu á kjöti, mjólk, brauði og öðrum matvælum.

Þá stefnu má m.a. rekja til hagfræðikenninga sem komust í tísku upp úr 1980 og snúa m.a. að sérhæfingu og hagkvæmni. Með þessu móti höfum við byggt upp framleiðslu á kjöti og mjólk.

Það sem kemur nú í ljós er að þessi meinta hagkvæmni var ekki fengin ókeypis. Enda er hagfræðingum tíðrætt um að ekkert sé ókeypis í heimi hér. Kostnaðurinn sem í þessu felst er í formi þanþols og öryggis. Þetta eru margir að uppgötva sem birtist meðal annars í því að fyrirtæki sitja nú á meiri birgðum, til þess að freista þess að tryggja aðgengi að nauðsynlegum aðföngum.

Eins og margir þekkja nú er mjög lítill hluti kornvöru til sölu á alþjóðamörkuðum. Örfáar þjóðir framleiða megnið af því magni sem á annað borð er verslað með milli landa.

Ástæða þess að stríðið hefur haft svo mikil áhrif er að bæði Rússar og Úkraínumenn eru stórleikendur á alþjóðlegum mörkuðum með kornvöru. Sennilega eru fáar þjóðir í heiminum sem eru meira háðar alþjóðamörkuðum með korn en Ísland.

Það er ekki náttúrulögmál, því hér er vel hægt að rækta korn og var raunar gert um aldir. Ég tel það óskynsamlegt til lengri tíma að verð á mikilvægustu aðföngum til landbúnaðar séu með öllu háð duttlungum alþjóðamarkaða. M.a. vegna þess þurfum við að efla innlenda kornrækt.

Með réttri jarðvinnslu vex kornræktin sjálf

Margar skýrslur hafa verið skrifaðar um eflingu kornræktar á Íslandi, en nú er aðgerða þörf. Þess vegna hef ég falið sérfræðingum við Landbúnaðarháskóla Íslands að útbúa aðgerðaáætlun sem taki á þeim helstu hindrunum sem standa í vegi fyrir því að kornræktin dafni. Það sem máli skiptir er að vinna jarðveginn þannig að kornrækt geti vaxið af sjálfsdáðum.

Með því að innlendur markaður með korn verði til skapast möguleikar til að bændur geti gert áætlanir og vitað með nokkurri vissu hvað þeir fái fyrir uppskeruna.

Þá hef ég þá skoðun að fjárfestingar séu forsendur framfara og því þurfi meiri þungi að færast á fjárfestingarstuðning í búvörusamningum, m.a. til þess að stuðla að aukinni kornrækt.

Ég hef miklar væntingar til þessarar vinnu og að hún skili okkur góðu veganesti á leiðinni til aukins fæðuöryggis og fjölbreyttari landbúnaðarframleiðslu til sveita.

Svandís Svavarsdóttir
matvælaráðherra.

VÉLABÁSINN

Rafmagnaður sendibíll – Prufuakstur á Toyota Proace Electric

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Að þessu sinni var rafmagnaði sendibíllinn Toyota Proace Electric,sem Toyota umboðið selur, tekinn í prufuakstur.

Toyota hefur selt Proace sendibíla um árabil sem dísilbíla, en undanfarin misseri hafa þessir bílar borist til landsins sem rafmagnsbílar. Bíllinn kemur í þremur lengdum og með tvö mismunandi búnaðarstig. LX útgáfan er ódýrasta og einfaldasta útgáfan, á meðan GX útgáfan bætir við nokkrum aukahlutum. Proace Electric LX stuttur með 50 kWh rafhlöðu kostar 6.290.000 kr m.vsk. og fer verðið upp í 7.890.000 kr m.vsk fyrir Proace Electric GX langan með 75 kWh rafhlöðu.

Proace myndi teljast til millistórra sendibila en í þann flokk falla líka bílar eins og Volkswagen Transporter og Mercedes-Benz Vito. Proace er afrakstur samstarfs milli nokkurra bílaframleiðenda og á hann nokkra „tvíbura“ á markaðnum sem eru mjög líkir hvað varðar útlit og búnað, ásamt því að þeir fást allir bæði sem rafmagns- eða dísilbílar. Það eru Opel Vivaro, Peugeot Expert og Citroen Jumpy sem allir eru seldir hjá Brimborg. Kaupendur sem kunna að meta þessa bíla geta því valið á milli þess að skipta við Toyota umboðið eða Brimborg, en fengið sambærilegan bíl.

Proace Electric LX stuttur. Einfaldur sendibíll sem gengur fyrir rafmagni og hægt að fá í þremur lengdum, tveimur búnaðarstigum og með 50 eða 75 kWh rafhlöðu.
Myndir / ÁL

Hér sést minnsta útgáfan en hægt er að fá hann allt að 70 cm lengri.

Farmrýmið í lengstu útgáfunni með krossviðarklæddu gólfi.

Naumhyggjan allsráðandi

Hönnuðunum í þessu samstarfi sendibíla hefur tekist betur til með þessa útgáfu bílsins en áður. Fyrri gerðin af Proace og hinum tvíburunum var frekar asnaleg, en núna er bíllinn með látlaust og stílhreint útlit. Ljósið og grillið sver sig í ætt við aðra bíla frá Toyota og restin er með vel úthugsuð hlutföll og línur.

Að innan er bíllinn mjög hrár og látlaus, en í augum blaðamannsins er ákveðinn sjarmi yfir því. Toyota Proace Electic er ekkert að þykjast; þetta er bara sendibíll sem er gerður til þess að vera í vinnu. Hirslurnar eru hins vegar af nokkuð skornum skammti, hanskahólfið er lítið, glasahaldararnir eru langt frá ökumanninum og hólfið í miðju mælaborðinu er lítið.

Hins vegar eru hurðavasarnir mjög stórir og undir miðjusætinu er leynihólf sem bætir að vissu leyti upp fyrir lítið hanskahólf.

Naumhyggjan heldur áfram þegar bíllinn er tekinn í akstur. Það er mjög fyrirhafnarlaust að hefja aksturinn þar sem það þarf bara að ganga að bílnum með lykilinn í vasanum, taka í hurðarhúninn og hann fer sjálfkrafa úr lás. Svo þarf bara að ýta á tvo takka (start og drive) og þá er hægt að keyra af stað án þess að hávær dísilmótor spilli friðnum eða flæki hlutina. Bíllinn fer sjálfkrafa úr handbremsu þegar ekið er af stað og svo sjálfkrafa í park og handbremsu þegar slökkt er á bílnum. Þessi einfaldleiki er líklegur til vinsælda hjá þeim sem þurfa að fara í og úr bílnum oft á dag við vinnu. Í LX útgáfunni bætast reyndar við tvö skref þar sem það þarf að nota lykil til þess að virkja fjarstýrðu samlæsingarnar og setja bílinn í gang, á meðan í GX útgáfunni er bæði lyklalaust aðgengi og start.

Áreynslulaus og sportlegur í akstri

Mjög áreynslulaust er að keyra bílinn þar sem það berst enginn titringur eða hávaði frá mótornum. Hins vegar heyrist vind- og veghljóð þegar bíllinn nær þjóðvegahraða og eins og algengt er með sendibíla þá berst mikið bergmál frá farmrýminu. Blaðamaður gerði samanburð á LX og GX útgáfunni og fann greinilegan mun á hávaða sem barst inn í ökumannshúsið. Skýringin á því er líklegast tvöföld, en GX útgáfan kemur með hljóðeinangrun í framrúðunni ásamt krossviðarklæðningu á gólfi farmrýmisins. Eins og þekkt er með rafmagnsbíla þá eru mótorarnir að vinna á fullu afli hvort sem þeir eru á lágum eða háum snúningi og fer aflið beint út í hjólin án þess að þurfa kúplingu. Þar af leiðandi er mjög fljótt og fyrirsjáanlegt viðbragðið þegar ýtt er á inngjöfina sem gerir það mjög auðvelt að stinga sér inn í glufur í hringtorgum og við gatnamót. Mótorinn í þessum bíl myndi seint teljast kraftmikill en þar sem allt aflið er til staðar samstundis þá gefur hann ökumanninum þá tilfinningu að þetta sé kraftmeiri bíll en hann er.

Innréttingin er látlaus en smekkleg og kemur með litlu skrifborði.

Í Proace Electric eru tvær stillingar á mótorbremsunni, annars vegar venjuleg stilling þar sem hann rennur áfram þegar inngjöfinni er sleppt, rétt eins og á bensín- og dísilbílum.

Hins vegar er hægt að velja svokallaða B stillingu þar sem mótorinn veitir umtalsvert viðnám þegar inngjöfinni er sleppt þannig að ökumaðurinn þarf ekki að ýta á bremsuna nema rétt til þess að stöðva bílinn. Þetta snögga viðbragð mótorsins og þessi öfluga mótorbremsa gera það að verkum að bíllinn er merkilega sportlegur í akstri.

Lítil drægni en góð burðargeta

Rafhlöðurnar koma í tveimur stærðum, annars vegar 50kWh og hins vegar 75 kWh. Samkvæmt framleiðanda þá á minni rafhlaðan að gefa 230 kílómetra drægni, en sú stærri 330 kílómetra drægni. Það má þó taka þessum tölum með miklum fyrirvara og gera ráð fyrir því að drægnin sé umtalsvert verri við íslenskar aðstæður.

Farmrýmið í bílnum er rúmgott og ætti að nýtast vel þar sem hliðarnar eru frekar frá gólfi upp í þak. Hægt er að fá rennihurðir á báðum hliðum og opnast dyrnar að aftan í 180 gráður. Breidd rýmisins er 1.636 mm og hæð 1.397 mm.

Farmrýmið á stutta bílnum er 2.162 mm, á þeim millilanga er það 2.512 mm og 2.862 mm á þeim lengsta. Í öllum Proace bílum er hleri á milli farmrýmis og ökumannshúss sem býður upp á það að lengja farmrýmið um 116 mm. Proace Electric er með burðargetu á bilinu 1.030 kg upp í 1.110 kg; en lægri talan á við um lengri bílinn. Dráttargetan er allt að 1.000 kg.

Lúgan frá farmrýminu yfir í ökumannshúsið er undir farþegasætinu. Undir miðjusætinu er lítið hólf.

Samantekt

Upplifun blaðamanns af Toyota Proace Electric var mjög jákvæð. Einfaldleiki í notkun og rekstraröryggi gerir þetta vænlegan kost fyrir hvern þann sem er að leita sér að vinnutæki.

Hins vegar er líklegt að takmörkuð drægni bílsins muni koma í veg fyrir að hann nái mikilli útbreiðslu. Blaðamaður keyrði tvo bíla með minni rafhlöðunni og náði ekki 200 kílómetrum á hleðslunni. Eins og er þá eru bílarnir með stærri rafhlöðunni ekki fáanlegir en þeir eru líklegast sá valmöguleiki sem flestir munu horfa til. Sé ekki þörf á því að aka langar vegalengdir þá eru þessir rafmögnuðu sendibílar frábær kostur.

BÆKUR & MENNING

Heimaslóð, Árbók Hörgársveitar:
Skriðuföll, fárviðri og farskóli

Nýlega kom fyrir sjónir fólks tímaritið *Heimaslóð* sem gefið er út af Sögufélagi Hörgársveitar.

Þar birtist fjölbreytt efni sem á það sameiginlegt að tengjast sveitinni á einhvern hátt, bæði sögu þess og náttúru. Í ítarlegri grein er fjallað um skriðuföll í Hörgárdal árið 1390 sem hugsanlega urðu þess valdandi að hinn forni verslunarstaður að Gásum lagðist af. Sagt er frá einu af mörgum fárviðrum sem geisað hafa í Barkárdal í gegnum árin og í annarri grein eru veðurlýsingar og myndir af flóðum í ám og lækjum sem urðu í Hörgárdal á síðastliðnu sumri. Saga farskólakennslu í Glæsibæjar-, Öxnadals- og Skriðuhreppi er rakin, sem að hluta er byggt á viðtölum við einstaklinga sem upplifðu þetta skólahald. Sagt er frá lífshlaupi konu sem ekki var hátt skrifuð í samfélaginu og var til heimilis á yfir þrjátíu bæjum á ríflega fimmtíu ára æviferli.

Í ritinu er birtur fyrsti hluti Möðruvallatíðinda Bjarna E. Guðleifssonar, upphafsmanns og lengst af ritstjóra Heimaslóðar. Rakin er saga vegagerðar í vestan- og neðanverðum Hörgárdal og rifjaðar eru upp símhringingar meðan gamli, góði sveitasíminn var við lýði. Fleiri stuttar greinar eru í ritinu og finna má kveðskap eftir höfunda úr byggðarlaginu eða sem tengist því á einn eða annan hátt.

Með útgáfu *Heimaslóðar* vill Sögufélag Hörgársveitar leggja lið varðveislu fróðleiks af svæðinu og gera hann aðgengilegan yngri kynslóðum. Þess má geta að ritið er nú í fyrsta skipti prentað í lit sem gefur því líflegra yfirbragð.

/MÞÞ

Bustarfell:
Saga jarðar og ættar

Bókin, *Bustarfell – Saga jarðar og ættar*, hefur að geyma tvö handrit sem segja sögu þessa merka höfuðbóls og ættarinnar sem þar hefur búið frá 1532.

Bókin er góður fengur öllum þeim sem láta sig ættfræði, þjóðhætti og sögu íslenska torfbæjarins varða. Jafnframt eru hún gott framlag til héraðs- og menningarsögu Vopnafjarðar. Höfundar handritanna eru séra Einar Jónsson á Hofi og Methúsalem Methúsalemsson, bóndi á Bustarfelli. Rit Einars, Bustarfellsætt (1930), fjallar annars vegar um sögu jarðarinnar fyrir 1532 og hins vegar um ættir Árna Brandssonar og Úlfheiðar Þorsteinsdóttur sem hófu búskap á jörðinni það ár, afkomendur þeirra og ábúendur á jörðinni til aldamótanna 1900. Í riti sínu, Bustarfell (1957), leggur Methúsalem einkum áherslu á sögu ábúenda og búskapar á jörðinni og miðlar þar einstæðum heimildum um gamla torfbæinn. Finnur Ágúst Ingimundarson, fyrrum safnvörður við Minjasafnið á Bustarfelli, bjó handritin til útgáfu og ritar eftirmála þar sem saga Bustarfells er rakin þar sem frásögn Methúsalems sleppir, ágrip af sögu minjasafnsins, auk viðauka sem varða sögu jarðarinnar og ábúendur hennar.

Bustarfell – Saga jarðar og ættar geymir fjölda ljósmynda sem tengjast ábúendum að fornu og nýju, svo og minjasafninu og safnkosti þess. Útgefandi er Minjasafnið á Bustafelli.

/VH

VANTAR ÞIG HEYRNARTÆKI?

Nýju **MORE** heyrnartækin eru þjálfuð til að þekkja hljóð. Innbyggt djúptauganet skilar einstaklega nákvæmri hljóðvinnslu og skýrum hljómgæðum.

Í júlí bjóðum við upp á heyrnarmælingar og ráðgjöf á:

Akureyri 12., 21. og 20. júlí
Selfoss 13. júlí
Keflavík 14. og 18. júlí
Akranes 15. júlí
Vestmannaeyjar 19. júlí
Húsavík 20. júlí
Egilsstaðir 25. júlí
Borgarnes 26. júlí
Selfoss 27. júlí
Sauðárkrókur 28. júlí

Tímabókanir í síma **568 6880**

Heyrnartækni

Glæsibæ | Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | **Heyrnartaekni.is** | 568 6880

Innflutt af Scanice
www.scanice.is +354-8985469

Scanice er komið í samstarf við fyrirtækið Lark, einn stærsta framleiðanda á stöðuhýsum og öðru tilheyrandi. Við bjóðum upp á ýmsar útgáfur húsa til dæmis sérstakra húsa sem hönnuð eru með ferðaþjónustu í huga. Möguleikarnir eru margir og flestar óskir hægt að uppfylla.

Heyrið í okkur!

Vallargata 1, 580 Siglufjörður • s. 898 5469 • info@scaniceexport.com • www.scanice.is

KROSSGÁTA Bændablaðsins

178	SNÚNINGAR	EYJA Í EVRÓPU	STUTT-NEFNI	GLÓFI		RAUST	AÐSJÁLL	HJÁLP	STÆKKI	
SKRÍN										AUÐ-KENNA
SNUÐRA					NAUTNA-LYF					
MÆLI-EINING					BRALLA / BAKSA					
TVEIR EINS / ÁTT			FRÉTTIR / TÁKN							
	IÐUKAST	FLÍK / OFSA-REIÐA					DÖPUR	SNEMMA	ELDHÚS-ÁHALD	
INNILOKA				STRÁ	SKJÖGUR / GUSTA			HREINSI-EFNI / TVEIR EINS		
RUNA			SJÁÐU / FJÖRGAST				TÁLMA			ÁVÖXTUR
RÓLEG							STRÝTU	ÚLDNA / HRYGGÐAR		
ÖFUG RÖÐ			LASLEIKI / NIÐUR-STAÐA						FLÆDDI / NUDD	
	STYRKJA / INNI-LEIKUR					FJALLS-NÖF / REIK				TVEIR EINS / KVK NAFN
SKIPU-LEGGJA					EIGINLEIKI / DVELJAST					GÆFA
BYLGJA				ÓLAGI / Í RÖÐ					BINDA / VERKFÆRI	
ÞREYTA			FJÖLDI					ATLAGA		
EFTIRSJÁR							DRASL			

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

MYND: FLAVIA BRAND (CC BY-SA 2.0)

177	LEYFI	VEÐRUN	KÆTTIST	VARSLA		MÖGLA	BJARGA	BÖLVAN-LEGA	VERKFÆRI	
KRINGUM	U	M	H	V	E	R	F	I	S	BRODDAR
MYLJA	M	O	L	A	HLUT-SKIPTI	Ö	R	L	Ö	G
UNDIR-TYLLA	B	L	Ó	K	HJÓL-GJÖRÐ / OFMETA	F	E	L	G	A
ÖFUG RÖÐ / AFLRAUN	O	N	HALDAST / TÖFTIR	T	O	L	L	A	HROTTA-LEGUR	D
	↓	ILMUR	FYRR / Í RÖÐ	Á	Đ	U	R	FRAMKOMA / ÖFUG RÖÐ	F	A	S	Í RÖÐ / EFTIRLIT	B	D
Þó	S	A	M	T	EKKERT / EINFALT	N	Ú	L	L	SMÁMYNT / TVEIR EINS	A	U	R	A
RAÐTALA	A	N	N	A	R	STIGA-FJÖLDI / RÖÐANDI	S	K	O	R	VEGGUR / HELJAR-MENNI	M	Ú	R
TVEIR EINS	G	G	VARP / SKROLLA	K	A	S	T	FRERI / SETT	F	R	O	S	T	ÁLITINN
LOFTFAR	F	I	S	ÍÐRÓTT / KRÆKJA	K	E	I	L	A	ÞUS / SKRÁMA	F	J	A	S
	I	KLÖNGRAST / BÁTUR	K	L	I	F	R	A	FARAR-TÆKJA / SKAMMIR	H	J	Ó	L	A
SKRUÐÐA	S	K	R	Æ	Đ	A	BYLGJAN / TRÉ	G	Á	R	A	N	SJÁLF	G
VALDI	K	A	U	S	SMÁ-GERÐUR / ÖFUG RÖÐ	N	E	T	T	U	R	STAFUR / BRÁÐLYND	E	Đ
AÐDÁANDI	U	N	N	A	N	D	I	EFTIR	A	F	L	Ö	G	U
KNÝJA	R	Ó	A	ÆRINN	M	I	K	I	L	L	STILLTUR	R	Ó	R

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
kemur næst út 21. júlí
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Þau Ólöf Ósk Guðmundsdóttir og Hafþór Finnbogason fluttu í Miðdal og tóku við búrekstrinum af foreldrum Ólafar í júní 2020, en þar á undan bjuggu þau á Hvanneyri og störfuðu bæði við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Býli: Miðdalur.

Staðsett í sveit: Kjós.

Ábúendur: Hafþór Finnbogason og Ólöf Ósk Guðmundsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við eigum tvö börn, Agnesi Heiðu, 5 ára og Guðmund Ara, sem er alveg að verða 3 ára.

Svo eru það kisurnar Prinsessa og Simbi og svo er nýjasti fjölskyldumeðlimurinn hún Sítróna, hvolpurinn okkar!

Stærð jarðar? 800 ha

Gerð bús? Kúabú fyrst og fremst.

Fjöldi búfjár og tegundir? 36 árskýr, 35 vetrarfóðraðar ær, 15 hross og 14 hænur.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Allir dagar byrja og enda í fjósinu. Þess á milli eru öll hin verkefnin unnin, sem eru ólík eftir árstíma.

Í maí tökum við líka á móti leikskóla- og skólahópum sem koma að skoða sveitina.

Ólöf vinnur að hluta utan bús og keyrir suma daga á Hvanneyri til að kenna við LbhÍ.



Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Það er allt skemmtilegt þegar það gengur vel og að sama skapi leiðinlegast þegar eitthvað bilar eða brotnar og þarf að stoppa verkið til að gera við.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Hafþór vill fylla hesthúsið af nautum og reiðskemmuna af vélum, en hann fær það ekki í gegn …

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Áhersla á íslenskan uppruna og ferskleika.



Hvað er alltaf til í ísskápnum? Smá afgangur af lambablóðsóttarlyfi …

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Ef börnin eru spurð, er það grjónagrautur og slátur.

Foreldrarnir eru enn þá hrifnari af lambasteik með miklu af heimaræktuðum, ofnsteiktum kartöflum.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?
Þegar verknemarnir vöktu okkur síðasta sumar um miðja nótt því þær höfðu sjálfar vaknað við baul við svefnherbergisgluggann. Svo stukkum við öll út á náttfötunum að smala kúnum úr garðinum …

MATARKRÓKURINN

Hressilegt hrásalat

Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com

Það er gaman að grilla en við lifum ekki á grillkjötinu einu saman eða fisknum eða hverju því sem grænmetisætur setja á grillið. Það þarf meðlæti.

Kartöflur eru klassískar, hvort heldur sem þær eru í heilu lagi, annaðhvort innpakkaðar í álpappír eða skutlað berum á teinana. Hvort tveggja ljómandi gott.

Líka hægt að búta kartöflur sem ekki eru of mjölkenndar, eins og t.d. rauðar eða primier, niður og annaðhvort vanda sig við að missa þær ekki í eldinn eða notast við pönnu eða grillgrind. En við erum ekki að fara að gera kartöflur og heldur ekki maískófla, sem líka eru ljómandi á grillið – enda erum við ekki að fara að grilla neitt í dag.

Við ætlum að búa til hrásalat og það tvær tegundir. Annað er klassískt mæjónessalat sem hentar með nánast öllu í heiminum en hitt er ferskt og svo til þurrt salat.

Frábært með fiski, svíni eða kjúklingi og er það allra besta sem hægt er að setja á taco.

Byrjum á mæjónesunni áður en hún verður gul.

Klassískt hrásalat

¼ hvítkálshaus
¼ meðalstór laukur
¼ dl edik
3-4 msk. mæjónes
1 tsk. salt
1 msk. sykur

Klassískt mæjónessalat. Þeir sem vilja endilega setja gulrót í hrásalatið sitt gera það en það verður hringt á lögguna ef notaður er ananas. Mynd / Hari

Klassískt hrásalat

Það sem þarf í þetta salat er hvítkál, laukur, edik, salt og smá sykur fyrir þá sem hann kjósa. Hægt að sleppa honum.

Hlutföllin er einfalt að muna því í þetta salat fara 1 partur af hvítkáli, 1 partur af meðalstórum lauk og 1 partur af ediki. Í þessu tilfelli og flestum reyndar, þar sem hvítkálshausar eru stórir, dugir að nota ¼ kálhaus og þar af leiðandi ¼ af lauk og jú ¼ dl af ediki.

Einar Jónsson, garðyrkjubóndi á Reykjabakka við Flúðir, sem er einn af þeim sem skaffar okkur Íslendingum ferskt hvítkál hvert sumar, segir að til þess að láta kálið endast lengur í ísskáp, ef ekki á að nota allan hausinn í einu, sé að plokka kálblöðin af eitt og eitt í einu og geyma svo óskorinn hausinn í ísskápnum. Þannig geymist hann von úr viti.

Til að gera salatið er laukurinn saxaður smátt og settur út í edikið ásamt salti og sykri fyrir þá sem þola ekki edikið einsamalt.

Laukurinn súrsast örlítið í vökvanum og missir laukstinginn fyrir vikið. Á meðan það gerist eru kálblöðin plokkuð af og skorin í þunnar ræmur. Því lengri og þynnri því flottara er salatið á borði.

Hægt að rífa í rifjárni eða matvinnsluvél ef kunnáttunni með hníf er ábótavant eða þolinmæðin.

Kálræmurnar fara í stóra skál ásamt laukjukkinu og mæjónesi blandað saman við. Kannski 2, 3 eða 4 matskeiðar til að byrja með og bæta frekar mæjó við þetta, ef það er of þurrt. Saltið mun svo draga vökva úr kálinu þannig að ef salatið er gert daginn áður en á að neyta þess getur myndast smá pollur í botninn sem gott er að hella af áður en það er borið fram.

Salatið er best eins til tveggja daga gamalt en er líka ferskt og gott alveg eftir klukkutíma.

Ferskt hrásalat

Hér á landinu bláa er sem betur fer hægt að fá hvítkál allt árið um kring en við erum sérstaklega dekruð um mitt sumar þegar sumarkál kemur frá nokkrum grænmetisbændum. Það kál hentar alveg sérstaklega vel í þetta ferska hrásalat. Hefðbundið hvítkál hentar auðvitað líka vel.

Ferskt hrásalat

¼ hvítkálshaus
½ meðalstór laukur
5-10 sneiðar af súrri gúrku
Sletta af súrugúrkusafa
1 tsk. salt
Kreista af límónusafa

Alveg eins og í uppskriftinni að klassísku hrásalati, rífum við blöðin af kálhausnum frekar en að skera hann í báta. Nema von sé á 10–20 manns í mat.

Skerið slatta af blöðum um ¼ af hvítkálshaus í þunnar ræmur, hálfan lauk líka. Skerum laukinn eins þunnt og skurðartæknin leyfir og svo eins og einn sæmilega sterkan eldpipar, t.d. jalapenjó. Því næst er uppáhaldskrukkan af súrum gúrkum tekin fram. Eftir smekk þarf að saxa 5-10 skífur smátt. Þeir sem ekki vilja súrar gúrkur geta notað pæklaðan jalapenjó í staðinn.

Hrært saman í skál ásamt klípu af salti og slettu af safanum af gúrkunum. Ekki stórri slettu, þetta á að vera frekar þurrt. Þetta er svo geymt í að minnsta kosti klukkutíma, best yfir nótt.

Súru gúrkurnar og saltið draga vökva úr lauknum og hvítkálinu sem mýkist og blandast allt í ferskt draumasalat. Rétt áður en salatið er borið fram er gott að kreista örlítið af ferskum límónusafa yfir.

Það mun enginn hringja á lögguna þótt það sé notuð sítróna í staðinn fyrir límónuna.

HANNYRÐAHORNIÐ

Fallegir sokkar úr Drops Nord

Sokkarnir eru prjónaðir með stroffprjóni og fölskum köðlum úr Drops Nord. Garnið verður á 30% afslætti hjá okkur frá 8.-31. júlí.

Skóstærð: 35/37 (38/40) 41/43

Lengd fótar: ca 22 (24) 27 cm.

Hæð á sokk niður að hæl: ca 12 cm í öllum stærðum.

Garn: DROPS NORD (fæst í Handverkskúnst)

100 (100) 100 g, litur á mynd nr 18, gulur

Prjónfesta: 26 lykkjur með sléttu prjóni = 10 cm.

Prjónar: sokkaprjónar nr 2,5

Mynstur: Sjá mynsturteikningu A.1 og A.2.

Hælúrtaka

UMFERÐ 1 (= rétta): Prjónið sléttar lykkjur þar til 8 (8) 9 lykkjur eru eftir, lyftið næstu lykkju eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, snúið stykkinu.

UMFERÐ 2 (= ranga): Prjónið brugðnar lykkjur þar til 8 (8) 9 lykkjur eru eftir, lyftið næstu lykkju eins og prjóna eigi brugðið, prjónið 1 lykkju brugðið, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, snúið stykkinu.

UMFERÐ 3 (= rétta): Prjónið sléttar lykkjur þar til 7 (7) 8 lykkjur eru eftir, lyftið næstu lykkju eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, snúið stykkinu.

UMFERÐ 4 (= ranga): Prjónið brugðnar lykkjur þar til 7 (7) 8 lykkjur eru eftir, lyftið næstu lykkju eins og prjóna eigi brugðið, prjónið 1 lykkju brugðið, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, snúið stykkinu.

Haldið áfram með úrtöku alveg eins með því að prjóna þar til eftir er 1 lykkja færri áður en 1 lykkju er lyft af prjóni, þar til 13 (15) 17 lykkjur eru eftir á prjóni.

ÚRTAKA-2 (á við um tá):

Prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir á undan prjónamerki, prjónið 2 lykkjur slétt saman, 2 lykkjur slétt (prjónamerki er staðsett mitt á milli þessa tveggja lykkja), takið 1 lykkju óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð (= 2 lykkjur færri við prjónamerki og alls 4 lykkjur færri í umferð).

SOKKUR: Fitjið upp 66 (68) 72 lykkjur á sokkaprjóna 2,5 með Nord. Byrjun á umferð = mitt að aftan. Prjónið 1 umferð slétt. Næsta umferð er prjónuð þannig: *1 lykkja brugðið, 1 lykkja slétt*, prjónið frá *-* yfir fyrstu 14 (14) 16 lykkjur, prjónið A.1 (= 39 lykkjur), *1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið*, prjónið frá *-* yfir næstu 12 (14) 16 lykkjur og endið með 1 lykkja slétt. Haldið svona áfram með stroffprjón þar til A.1 hefur verið prjónað til loka. Fækkið um 2 lykkju í síðustu umferð í mynsturteikningu A.1 = 64 (66) 70 lykkjur. Stykkið mælist ca 3 cm. Næsta umferð er prjónuð þannig: Prjónið stroffprjón eins og áður yfir fyrstu 14 (14) 16 lykkjur, prjónið A.2 (= 37 lykkjur) og prjónið stroffprjón eins og áður yfir þær 13 (15) 17 lykkjur sem eftir eru. Haldið svona áfram með mynstur þar til stykkið mælist 12 cm í öllum stærðum. Prjónið nú hæl þannig: Haldið eftir fyrstu 14 (14) 16 lykkjur og síðustu 13 (15) 17 lykkjur á prjóni fyrir hæl = 27 (29) 33 hællykkjur. Setjið þær 37 lykkjur sem eftir eru mitt á fæti á þráð eða látið þær hvíla á prjóni. Prjónið stroffprjón eins og áður fram og til baka yfir hællykkjur og fitjið jafnframt upp 1 nýja lykkju í hvorri hlið í fyrstu umferð (= kantlykkjur) = 29 (31) 35 hællykkjur.

Prjónið þar til hællinn mælist 5 (5½) 6 cm og fellið jafnframt af 1 kantlykkju í hvorri hlið í síðustu umferð = 27 (29) 33 hællykkjur. Setjið 1 prjónamerki mitt í síðustu umferð – prjónamerkið er notað síðar til að mæla lengd á fæti frá. Prjónið

HÆLÚRTAKA – sjá útskýringu að ofan. Eftir hælúrtöku er næsta umferð prjónuð þannig: Prjónið sléttprjón yfir 13 (15) 17 hællykkjur, prjónið upp 13 (14) 16 lykkjur meðfram hlið á hæl innan við 1 kantlykkju, setjið 1 prjónamerki, prjónið A.2 eins og áður yfir 37 lykkjur ofan á fæti, setjið 1 prjónamerki og prjónið upp 13 (14) 16 lykkjur meðfram hinni hlið á hæl innan við 1 kantlykkju = 76 (80) 86 lykkjur. Haldið svona áfram með mynstur með A.2 ofan á fæti og sléttprjón yfir þær lykkjur sem eftir eru undir fæti. **JAFNFRAMT** er lykkjum fækkað núna hvoru megin við 37 lykkjur á milli prjónamerkja á fæti þannig: Prjónið 2 síðustu lykkjur á undan fyrra prjónamerki á fæti snúnar slétt saman og prjónið 2 fyrstu lykkjur á eftir seinna prjónamerki á fæti slétt saman.

Fækkið lykkjum svona í annarri hverri umferð alls 12 (12) 13 sinnum = 52 (56) 60 lykkjur.

Prjónið áfram þar til stykkið mælist ca 17 (19) 21 cm undir fæti frá prjónamerki á hæl (nú eru eftir ca 5 (5) 6 cm til loka máls, mátið e.t.v. sokkinn og prjónið að óskaðri lengd). Takið frá öll prjónamerkin í stykkinu og setjið 1 nýtt prjónamerki í hvora hlið á sokknum þannig að það verða 26 (28) 30 lykkjur bæði ofan á fæti og undir fæti. Prjónið sléttprjón hringinn og fækkið lykkjum fyrir tá hvoru megin við bæði prjónamerkin – sjá **ÚRTAKA** (= 4 lykkjur færri). Fækkið lykkjum svona í annarri hverri umferð alls 7 (6) 8 sinnum og síðan í hverri umferð alls 4 (6) 5 sinnum = 8 lykkjur eftir í öllum stærðum.

Klippið þráðinn frá, þræðið í gegnum þær lykkjur sem eftir eru, herðið á þræði og festið vel. Sokkurinn mælist ca 22 (24) 27 cm undir fæti frá prjónamerki á hæl. Prjónið hinn sokkinn alveg eins.

Prjónakveðja,

Handverkskúnst, www.garn.is

SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Létt

9		7	1	6				
4	8			9		2		
2	5					6	3	
3					8		4	
	4	2	9		6	7	8	
	1		7					5
	6	3					7	1
		5		8			9	4
				3	1	8		2

Miðlungs

5								7
	6	1		8		2	3	
4			2		5			9
	7			5			9	
			8		4			
	3			1			7	
3			1		6			8
	9	6		4		5	2	
7								1

Þung

9		3	1			5		
	6			3				8
4			7					
2	4		6					
		8				3		
					9		8	5
					2			6
7				5			9	
		6			1	8		2

Þyngst

							4	
	6		2				7	3
		2	9					6
	5		8					
		9				5		
					7		1	
4					1	6		
3	7				5		8	
	8							

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Spennandi að ferðast

Þórdís Inga er hress og fjörug stúlka sem finnst gaman að föndra, syngja og dansa. Hún er mikil félagsvera sem nýtur þess að leika við vini sína, heimsækja langafa sinn í Borgarnesi og fá bleika möndluköku!

Nafn: Þórdís Inga.
Aldur: 10 ára.
Stjörnumerki: Tvíburi.
Búseta: Hlíðarklettur.
Skóli/Leikskóli: Kleppjárnsreykir.
Skemmtilegast í skólanum: Heimilisfræði og smíði.
Hver eru áhugamálin þín: Fótbolti.
Uppáhaldsdýr: hundar og sebrahestar.
Uppáhaldsmatur: Brunch og hamborgari.
Uppáhaldslag: Booty call með little sis nora.
Uppáhaldsbíómynd: Moulin Rouge.
Fyrsta minning: Ég fékk einu sinni að fara í sturtu í leikskólanum.
Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór: Málari, hárgreiðslukona eða dansari.
Hvað er það mest spennandi sem þú hefur gert: Fara til útlanda og í útilegu.
Hvað ætlar þú að gera í sumar: Fara í útilegur og gera eitthvað skemmtilegt.

FUGLINN: SENDLINGUR

Sendlingur er gæfur og félagslyndur vaðfugl. Hann er lítill, frekar dökkur, lágfættur, með stuttan háls og frekar stuttan gogg. Hann er staðfugl og algengasti vaðfuglinn á Íslandi á veturna. Á varpstöðvum eru sendlingar hógværir, láta áreiti lítið trufla sig og halda sér sem fastast við hreiðrið. Þeir færa sig jafnvel ekki fyrr en komið er alveg upp að þeim. Varpstofninn er metinn um 15.000 varppör. Þeir verpa helst til fjalla en einnig á annesjum og hrjóstrum á láglendi. Hreiðrin eru fremur lítilfjörleg á berangri upp við steina eða þúfur. Fuglarnir skiptast á að liggja á eggjunum í fyrstu en karlfuglinn tekur síðan alfarið við og sér að mestu eða öllu leyti um uppeldi unganna. Ungarnir stoppa mjög stutt í hreiðrinu, þeir fara fljótlega á ról og geta strax byrjað að borða upp á eigin spýtur. Rétt tæplega helmingur allra sendlinga í heiminum er að finna á Íslandi, við berum því mikla ábyrgð á þessum litla vaðfugli.

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

UMHVERFISMÁL - TÍSKA

Höfum þetta bak við eyrað:

Endurvinnsla plasts bjargar ekki heiminum

Ein sýnilegasta sjálfbærnisviðleitni tískuyfirvalda nútímans er að endurvinna plast sem hreinsað er af ströndum eða úr hafinu.

Bæði strigaskór og sundföt tróna þar hæst sem endurunninn varningur, en nú segja sérfræðingar að þessi hugmynd sé ef til vill ekki sú skynsamlegasta.

Samkvæmt upplýsingum af vefsíðu Oceana, sem stofnað var árið 2001, stærstu alþjóðlegu hagsmunasamtökum sem einbeita sér eingöngu að verndun sjávar, kemur í ljós að yfirmenn þess telja þetta ekki sérstaka lausn.

Láta samtökin hafa eftir sér, að það sem þurfi til sé að minnka það plast sem enn er verið að framleiða í heiminum.

Það sé í raun varla hægt að anna því að endurvinna í sífellu plast úr sjónum þar sem hann fyllist jafnóðum og sé því ekki um útrýmingu plastvarnings að ræða.

Þetta sé vandamál sem fólk geri sér ekki endilega grein fyrir og forsvarsmenn tískunnar ekki heldur þó þeir vilji sýna fram á sjálfbærni í framleiðslu sinni.

Dropi í hafið

Benda samtökin meðal annars á Gap, Adidas og Prada, sem loka augunum fyrir þessum niðurstöðum, en m.a. framleiðir Prada – og reyndar fjöldi sundfatamerkja – sundföt úr næloni sem búið er til úr fiskinetum sem fargað hefur verið í sjóinn og Adidas bæði sundföt og strigaskó úr endurunnum plastúrgangi.

Í tilefni af alþjóðlegum degi hafsins í byrjun júnímánaðar, kynntu

þessi vörumerki og önnur, vörur úr plastúrgangi og tóku þátt í herferðum sem lögðu áherslu á heilsu hafsins – Adidas, til dæmis, stóð fyrir hreinsun á ströndum, Prada studdi stafræna væðingu Milazzo Sea Museum og Gap setti á markað línu af kreditkortum úr endurunnu plasti.

Er fyrirtækin þrjú hér að ofanverðu voru innt eftir hvort raunveruleg framtíðarstefna þeirra væri að halda áfram óbreyttu ferli, sagði talsmaður Adidas, skv. fréttamiðlum Vouge Business, ... „að nota endurunninn plastúrgang er bara einn mikilvægra þátta er kemur að heildarstefnu okkar um sjálfbærni“. Í samstarfi við fyrirtækið Parley for the Oceans, sem sérhæfir sig í úrvinnslu mengunar af völdum plasts, stendur Adidas fyrir söfnun plastúrgangs af ströndum og strandsamfélögum áður en það berst til hafsins og umbreytir því í íþróttafatnað. Einnig stendur það fyrir árlegum viðburði, Run for the Oceans, sem miðar að því að miðla fræðslu auk þess að hreinsa plast og annan úrgang frá ströndum og sjávarbyggðum.

Prada sendi frá sér yfirlýsingu þar sem kom fram að 20% aukning á milli ára (2020-21) hefði átt sér stað við endurvinnslu plasts. Að fata- og leðurvörudeildir fyrirtækisins hafi farið eftir áætlun um að breyta ónýtu plasti í endurunnið eða „endurmyndað“ plast í hluta varnings þeirra og pakkninga og að því hafi, innan veggja Prada, árið 2021 plast með endurunnu innihaldi náð 61 prósenti af alls 500 tonnum – frá 49 prósentum árið 2020.

Gap, sem notar einnig endurunnið plast í sundföt og aðrar vörur, svaraði ekki beiðnum um athugasemdir.

Raunverulegur ávinningur?

Viðleitni stóru tískufyrirtækjanna sem slíka má þó meta, enda vaxandi þrýstingur almennings á framleiðendur að bæta umhverfisfótspor sín og uppfylla sett markmið þegar kemur að sjálfbærum efnum sem þá draga úr sóun og kolefnisfótsporum.

Með þetta í huga hafa því mörg vörumerki snúið sér að endurunnu plasti, enda endurunnið plast og öll viðleitni sem dregur úr eða fjarlægir plast úr sjónum yfir höfuð talin jákvæð ákvörðun.

Gallinn er þó sá að of oft er endurvinnsla framkvæmd samhliða aukinni heildarplastnotkun, en þar fellur möguleikinn fyrir endurunnið plast, að skila raunverulegum umhverfisávinningi.

Valkostir sem eru ekki plast

Áhugavert er að, þegar litið er til smærri fyrirtækja í fataiðnaðinum, má sjá að þau feta frekar þann veg að nota alls ekkert plast annað en það sem endurunnið er. Kjósa m.a. frekar að hafa umbúðir og annað plastlaust.

Sundfatamerkið Seamorgens (www.seamorgens.com fyrir áhugasama) er dæmi um slíkt, en í því fyrirtæki sést ekki annað plast en plastúrgangurinn sem notaður er í efni sundfatanna. Ekkert plast er notað í pakkningar og þannig fá viðskiptavinir sundföt sín afhent. Eigendurnir, systurnar Angela og Michelle Morgan, taka undir með hafverndunarsinnum. „Þú getur ekki kallað þig sjálfbært fyrirtæki bara vegna þess að þú notar einfaldlega endurunnið plast í vöruna þína. Allt fyrirtækið verður að fylgja þeim siðareglum og gæta þess að plast sé ekki notað innan veggja þess.“

Annað merki, Masarà (www.masaramilano.com), hefur það markmið að ekkert plast skuli vera í notkun í fyrirtækinu enda telja eigendur að í mörgum tilfellum sé hægt að finna valkosti sem þjóna sama tilgangi og plast. Þeir kostir séu að jafnaði aðeins dýrari en það verður að hafa í huga að þau eru betri valkostur fyrir umhverfið og því rétt að hafa það í huga.

Varast þarf ranga markaðssetningu

Fyrir sjávarsérfræðinga kemur niðurstaðan svo einmitt niður á því hvort vörumerki séu að útrýma heildarnotkun sinni á plasti eða ekki – og hvernig þau miðla notkun sinni á endurunnu plasti og sjálfbærni þess til neytenda. Því meira sem þeir markaðssetja það sem leið til að bjarga umhverfi sjávar, þeim mun meiri efasemdir hafa vísindamenn.

„Endurvinnsla er almennt góð, en það er rangt að gefa fólki þá tilfinningu að endurvinnsla sé nóg. Oft held ég að það sé það sem fyrirtæki gera,“ segir Maddalena Bearzi, forseti og meðstofnandi Ocean Conservation Society. „Skilaboðin sem þeir ættu að kynna eru: Dragðu úr neyslu þinni eða notaðu ekki plast í fyrsta lagi. Þegar þeir henda þessum fötum sem eru úr endurunnu plasti lenda þeir samt í sjónum.“ */SP*

Svampur.is

Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

• Tjaldvagninn • Fellihýsið • Húsbílinn • Bátinn • Hjólhýsið • Sumarhúsið • Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

MARÁS

TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR

Léttir Fyrirferðalitlir Hljóðlátir
Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.600 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.200 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is

SsangYong Tivoli XLV DLX, árg. 2017, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 84.000 km. Verð kr. 2.490.000. Notadir.benni.is – s. 590-2035.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is

Vandað girðingaefni frá Bretlandi, 5 str. túnnet. verð kr. 14.470 rl 6 str. túnnet kr. 16.900 rl. Iowa gaddavír. Kr. 8.804 rl. Motto gaddavír kr. 5.300 rl. Þanvír kr. 12.700 rl. Öll verð m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Drykkjarpóstar fyrir íslenskar aðstæður. Ekkert rafmagn. 100% frostfrítt. Einfalt í uppsetningu. Alltaf ferskt vatn við hverja notkun. Verð kr. 118.000 +vsk. Til á lager. Formax paralamp ehf. S. 562-6800

Bensíndrifnir stauraborar á lager. Öflugur 2ja hestafla Hyundai 2 stroke mótor. Borar sem fylgja - 100 mm, 150 mm og 200 mm. Bordýpt 730 mm. Eigum einnig tveggja manna bora á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is

Álftröð Gistihús

Gistihúsið Álftröð á Skeiðum leitar eftir manneskju til að sjá um morgunverð. Vinnutími frá 7–11. Upplýsingar í s. 895-6247.

Frostfríir drykkjarpóstar fyrir íslenskar aðstæður. Allar upplýsingar í s. 562-800 & info@formax.is

Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“ , 3“ , 4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Einhleypur skógarþröstur í leit að maka. Gott óðal í boði í Fossvogskirkjugarði. Áhugasamir sem vilja heyra söng, hafið samband við skogarthrostur@gmail.com.

Til sölu smáhýsi, afhendist fullbúið að utan og einangrað að innan, möguleiki að afhenda fullbúið. Upplýsingar í s. 646-2356.

Gámarampar á lager: Heitgalvaniserað stál. Burðargeta - 8000 kg. Stærð - 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf., hak@hak.is S. 892-4163.

Lambheldu hliðargrindurnar. Breidd 420 cm x hæð 110 cm. Möskvar 10 x15. Verð frá kr. 24.900 +vsk. Sett með lömum og loku aðeins kr. 3.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 669-1336 og 899-1776.

KRONE COMPRIMA CV 150 XC X-TEME FASTKJARNA RÚLLUSAMSTÆÐA
Árgerð 2016
Notkun 15.700 rúllur
Verð án vsk kr. 5.700.000,-

CLAAS UNIWRAP 455
Árgerð 2016
Notkun 19.500 rúllur
Verð án vsk kr. 7.200.000,-

CLAAS UNIWRAP 455 RÚLLUSAMSTÆÐA
Árgerð 2018
Notkun 12.000 rúllur
Verð án vsk kr. 8.000.000,-

CLAAS UNIWRAP 455 RÚLLUSAMSTÆÐA
Árgerð 2017
Notkun 11.000 rúllur
Verð án vsk kr. 8.670.000,-

VÉLFANG

www.velfang.is - velfang@velfang.is
Gylfaflöt 32, Reykjavík
Óseyri 8, Akureyri
Sími: 580 8200

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN
Schmidt FAHRZEUGBAU

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

BRIMCO
EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

LANDSTÓLPI
TÆKI OG TÓL
McHale

McHale- FUSION 3 PLUS

McHale- F3100

McHale- R3100

McHale- Rúllugreipar

SULKY

SULKY - DX20
- Með upphækkun og loki
- Vökvaopnun
- Án jaðarbúnaðar
- Rúmtak 1.500 lítrar
- Kastbreidd 9-18 metrar

- Með jaðarbúnaði
1.090.000 + vsk.

GIANT BY TOBROCO

GIANT - G2700
- Vél: 50ha Kubota mótor
- Mesta lyftigeta: 1.900 kg. án þyngingar
- 30 km/h aksturshraði
- Dekk: 31x15.5-15 X-trac
- Niðurfellanlegt þak
- Umferðarljós
- 2x tvívirk auka vökvaúttök
- Dráttarkrókur
- 2x62 kg þyngingar

- Skófla eða gafflar fylgja með!

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

senmatic
Tæknibúnaður fyrir atvinnugróðurhús
Loftlagsstýringar
Áburðarblandarar
Skjámyndakerfi
Gluggabúnaður
Mótorlokar
Mælitæki
LED lampar
Arvirkinn
Eyravegi 32 • 800 Selfoss
Sími 480 1160 • www.arvirkinn.is

Einföldu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Stærð-breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 899-1776 og 669-1336.

Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor: 12 kw. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki. Heitgalv./SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ
ALLAR GERÐIR
TJAKKA

VHE
VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Kamínu fyrir eldivið fyrir sumarhússkála, Gamaldags útlit. Má vera með helluborði og helst glugga. S. 861-1139, petur@naskur.is

Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt 1,3-4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

SsangYong Korando DLX, árg. 2017, dísel, sjálfskiptur, ekinn 61 þ.km. Verð 2.990.000 kr. notadir.bennis.is – s. 590-2035

Brettagafflar með Euro festingum og handfærslu. Burður 2,5 tonn. Verð kr. 189.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. s. 588-1130.

Slöngubátar fyrir alhliða veiði, á lager. Litir- Woodland camo, Leaf camo. Lengd 4,5 m. Breidd 1,92 m. Álgólf, gúmmílistar undir túbum. Þyngd 100 kg, burðargeta 1.100 kg. Max stærð af mótor 30 hö. CE vottaðir og merktir. 3 þóftur, 3 stangahaldarar, 3 stór geymsluhólf. Vindsegl að framan og geymsluhólf. Nánari uppl. og myndir sendar eftir óskum. Verð kr. 348.000 m/vsk. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is

Hjólkoppar til sölu, mikið úrval, ýmis tilboð í gangi. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmi v/ Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18 s. 865-2717.

Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör, erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.

Vökvunarbúnaður fyrir stór og lítil ræktunarsvæði á lager. Dælur, traktorsdrifnar, glussadrifnar, rafdrifnar, bensín, dísel. Slöngubúnaður í mörgum stærðum og lengdum. Vatnsúðarar (sprinklerar) í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is www.hak.is

Auglýsendur athugið! Bændablaðið
Vegna sumarleyfa starfsmanna verða allar smáauglýsingar fyrir næsta blað að vera skráðar inn fyrir lok dags 15. júlí nk.

Gullmoli til sölu. Toyota Prius Hybrid. Fór á götuna í sept. 2017, ekinn 39.000 km. Einn eigandi. Verðhugm. kr. 3.950.000 Uppl. í s. 849-4860.

Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is

Condor kerra með uppá-keyrslubrautum og álskjólborðum. 2700 kg, Innanmál 330 x 180 x 35 cm, Tilboðsverð kr. 828.000. info@bilxtra.is, S. 837-7750.

Bilxtra Bílakerra Mars – 4,5m,2700 kg, innanmál 450 x 200 cm. Grindin er heitgalvaniseruð, styrktur stálrammi, uppákeyrslubrautar, handvirk spil. Verð kr. 960.000. S. 837-7750.

Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager 230 V, 24 V, 12 V. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel í sumarhús og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163 , netfang- hak@hak.is

Bilxtra – Atlas kerra er alhliða kerra sem er hönnuð til að flytja ökutæki og vörur. Mál 4m x 2,1m, 3500 kg. Verð kr. 1.140.000 m/vsk. og skráningu. S. 837-7750.

Majstry - bilxtra, bremsuð. Sterk,soðin grind, heitgalvaniseruð, opnanlegir hlerar, 4 festingar. Verð kr. 600.000 m/vsk og skráningu. 1300 kg, 300x150x44 cm. S. 837-7750.

Suzuki Grand Vitara, 2010, ek.185.000 km. Nýtt í bremsum, dráttarkúla. Bíllinn hefur fengið gott viðhald. Pláss fyrir a.m.k. 2 hrúta eða 4 lömb að hausti. Verð kr. 750.000. Upplýsingar í s. 618-4853.

2" brunadælur á lager. Frá Koshin í Japan. Sjálfsogandi og mjög háþrýstar. Vikta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163,hak@hak.is, www.hak.is

Til sölu New Holland T4.75 árg. 2017, ónotuð eða 45 vinnustundir. Aðeins farið að sjást á felgum. Upplýsingar veitir Björn í s. 895-9972 eða bjossialla@skrifa.is

Claas 255 uniwrap rúllusamstæða til sölu. Notkun rúmlega 20 þúsund rúllur. Í fínu standi. Uppl. í s. 845-1279, Eggert.

Gröfuarmar á ámoksturstæki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is

Benz Unimog, árg. 1981. Gott eintak sem kemst allt, mikið yfirfarinn. 5m pallur, krani fylgir. Uppl. í s. 860-1999.

Til sölu JCB Hydradig 2015 vinnustundir 1400t. Verð kr. 10.500.000 +vsk. Upplýsingar í s. 868-7902 Óskar.

Til sölu. Ferðaþjónustubátur. Bátur með öll leyfi fyrir ferðaþjónustu. Frekari upplýsingar í s. 893-5214 eða í skilaboðum. Skipti á minni bát koma til greina.

Sofðu með opinn glugga í sumar. Höfum til sölu sérhönnuð lúsmýsnet fyrir glugga íbúðarhúsa og sumarhúsa. Pantaðu á netinu og við sendum samdægurs. Postverslun.is

Viðarkurl. Til sölu um 40 sekkir af viðarkurli í Landsveit, Rangárþingi ytra. Allar uplýsingar veittar í s. 896-7050

Stórviðarsög á braut. Aflgjafar 3 fasa rafmótor 5,5 kw eða Kohler bensínmótor 14 Hö. Lengd á braut 3,8 m, hægt að lengja um 1,52 m eða meira. Mesta þykkt á trjábol 66 cm Framleitt í Póllandi. CE merktur og vottaður búnaður. Hentar í alla stórviðarsögun. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Ný hlið til sölu. Frábært verð á meðan birgðir endast, Aðeins 138.000 kr. m/vsk. Opnun 400 cm. Heit galv. húðað. Hægt að læsa með hengilás. Hafið samband í s. 660-1811 eða á netfang andri@stalsyn.is

Mercedes Benz ML 350 2006. 3,L bensín. Dráttarkrókur. Má draga 3500 kg. 4x4 og loftpúðafjöðrun. Ekinn 297.000 km. Lakk orðið lélegt og tikk í undirlyftum. Að öðru leyti í góðu lagi og vel viðhaldinn. Verð kr. 790.000 eða tilboð. Skoða skipti. S. 777-3323.

VÍKURVAGNAR EHF.

ÚRVAL AF KERRUM OG KERRUVARAHLUTUM

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

Gúmmírampar fyrir bretta- tjakka. Stærð: L 100 cm x b 50 cm x h 16 cm. Þyngd 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 yonn Hákonarson ehf., s. 8924163 hak@hak.is, www.hak.is

Transporter 4x4 2005 sjö sæta. Uppl.í s. 824-2828.

Til sölu iðnaðarhurð með rafmagnsmótor, hæð 6 m, breidd 4 m. Tilboðsverð kr. 500.000. uppl. s. 774-2501.

TIL LEIGU

Steinhella 17

- Hafnarfirði -

Lager - geymsluhúsnæði

500 fm lager- og geymslu-

húsnæði til langtímaleigu

Mikil lofthæð, laus nú þegar.

Upplýsingar í síma **893-9777**

MB Sprinter 518 árg. 2007,16 farþega. Fín rúta eða frábært húsbílaefni.

Uppl. í s. 824-2828Hyundai Tuscon 2005. Uppl.ís.824-2828

Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.

Traktorsgrafa Fermec 965 Vikingárg. 2000. Notuð um 7.000 klst. Fjórhjóladrifin með fjórhjólastýringu. Verð. kr. 1.500.000 +vsk Uppl í s. 897-5358.

Er með 100 túpur af steinlími sem rennur út í desember '22. Einnig er ég með 400 stk. af skrúfteinum sem eru 33 cm á lengd og 22 mm á breidd. Upplýsingar eingöngu í s. 660-0374. Mjög sanngjarnt verð.

Rafstöð Til sölu. Hyundai 2kw rafstöð.Keyrð innan við 10 tíma. Meðfærileg, létt í gang, hljóðlát og örugg. Verð kr. 130.000 . Uppl. í s. 692 -3457.

Bátakerrur frá Póllandi. Heitgalf.stál, mjög vandaðar. Heildarþyngd báts 575 kg. Þýskar hásingar, vatnsheldar legur. Taka báta frá 3,8 m til 5 m. Spil, nefhjól og losanleg ljósabretti fylgja. Getum einnig skaffað mjög stórar bátakerrur. Hákonarson ehf. s. 892-4163 hak@hak.is og www.hak.is

Til sölu góð geymslukerra fyrir fjórhjól, golfbíl o.fl. Mjög gott að draga hana. Uppl. í s. 892-2221.

Útvegum Ford F og Dodge Ram frá USA, 2014 til 2022 árgerðirnar. Einnig aðrar tegundir af bílum frá USA eða öðrum löndum og tæki ef þess er óskað. Nánari upplýsingar- Soldal@soldal.is s. 790-4100.

Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta 1500 kg, 2500 kg, 3000 kg, 5000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf S. 8924163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is

Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is

Skemmtibátur til sölu. Finnmaster 680 2009 módel 160 hestöfl, dísel, Volvo penta, keyrð 160 tíma. Kerra fylgir. Verð kr. 8.300.000 m/vsk. Uppl.veitir Sigurður í s. 892-1164.

Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir: 1,6 m, 2 m 2,1 m, 2,5 m,3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.

Nýsmíði glugga, glugga- og glerskipti. Við komum á staðinn, mælum og gerum þér tilboð! Upplýsingar á www.gluggasmidur.is eða í s. 868-1158 - Benni gluggasmiður.

Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf , s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

M1 VIÐHALD FASTEIGNA

M1 ehf - Byggingaverktakar. Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu, múrvinnu, málningarvinnu, alla steypuvinnu s.s. niðurlögn á steypu og vélslípun, flotun gólfa o.fl. Byggingastjóraréttindi og meistararéttindi í múriðn, málaraiðn og húsasmíði. Upplýsingar gefur Kolbeinn Hreinsson í s. 896-6614 eða sendið verkbeiðni á netf. m1@simnet.is. Við erum á Facebook.

Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf., s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Trjáfellingaþjónustan sérhæfir sig í trjáfellingum. Erum með tækjabúnað og reynslu til að fella tré við erfiðar aðstæður og getum séð um að flytja af staðnum. trjafellingar@trjafellingar.com s. 862-5777

Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf., www.hak.is S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

Ódýrar trjáplöntur til sölu. Heimaræktaðar trjáplöntur til sölu í 2ja lítra pottum. Birki, ilmreynir, silfurreynir ribs, kvistir o.fl. Allar plöntur á sama verði, aðeins kr. 800 stk. Frábært tækifæri fyrir sumarbústaðarlandið. Uppl. í s. 857-7363 (Er í Reykjavík).

Til sölu gasísskápur með frystihólfi - Sunwind. H148 B60 D65. Kælir 128L, frystir 45L. Tveggja ára gamall en aðeins notaður í 2 sumur. Kostar nýr kr. 209.900. Verð kr. 100.000 eða tilboð. Staðsettur á Austurlandi. Upplýsingar s. 699-7992.

Bændasamtök Íslands

starfa í þágu landbúnaðarins í heild!

Bændur eru hvattir til þess að skrá veltu skv. framtali síðasta árs hið fyrsta inni á Bændatorginu. Veltuskráning þessi er forsenda fyrir félagsaðild í samtökin skv. samþykktum á síðasta Búnaðarþingi.

Það borgar sig að vera í Bændasamtökunum

Snúum bökum saman og stöndum vörð um íslenskan landbúnað

Hefur þú spurningar varðandi það hvernig á að gerast félagsmaður?

Fyrir okkur öll

Fulltrúar BÍ svara fyrirspurnum í síma 563-0300 á skrifstofutíma.
Hægt er að senda skilaboð í gegnum Bændatorgið og á netfangið gudrunbirna@bondi.is.

Nokkrir sekkir af trjákurli eru í Hörgársveit. Einnig lítill skúr. Selst ódýrt. Uppl. í s. 862-5267.

Sokkar, hannaðir til að koma í veg fyrir hælsæri og blöðrur. Skoðaðu úrvalið í vefverslun Snjóhússins http://snjohusid.is

Subaru Impreza árg. 2002, dekurbíll, fæst fyrir lítið, gott viðhald, ökufær en þarfnast viðgerðar fyrir skoðun. Uppl. s. 865-2149.

Óska eftir

Óska eftir Dodge Ram 12v cummins, ástand skiptir engu, vantar bíl í varahluti eða í uppgerð. Uppl í s. 869-9644.

Býr ekki einhver svo vel að eiga gamaldags taðkvörn í nothæfu ástandi? Ef svo er vill sá /sú selja mér hana? Uppl. í s. 866-5338.

Óska eftir notuðum liðstýrðum sláttutraktor, t.d Stiga eða Husqvarna. Skoða allt. Upplýs. í s. 821-9832 eða á aris64@outlook.com.

Dokaplötur. Óska e. notuðum dokaplötum af öllum stærðum og gerðum (einnig renningar) á sanngjörnu verði. Upplýsingar í síma 692-345.

Atvinna

Hópferðabílstjóri óskast sem vill ferðast um ástkært föðurlandið. D-ökuréttindi skilyrði. Möguleiki á fastráðningu eða sem aukavinna. Fjölbreytt verkefni og nýlegur bílafloti. Nánari upplýsingar s. 865-1985/868-6784.

Góðan dag. Ég er einstæð 32 ára, 3 barna móðir og óska eftir því að komast í sveit í sumar. Hef unnið á nokkrum kúabúum í gegnum tíðina. Börnin mín eru á aldrinum 6, 8 og á 15. ári. Get unnið hvar sem er á landinu. Nánari uppl. í s. 774-5275 Katrín Rut.

Gefins

Ýmsar bækur fást gefins gegn því að verða sóttar (í Rvk), m.a. ættfræðirit, Borgfirskar æviskrár, Ísl. málarar, Ísl. ljósmæður, Bókagerðarmenn, Sunnlenskar byggðir, Ísl. hafnarstúdentar, Vestfirskar ættir, Skipstj. og stýrim.tal, Bergsætt o.fl. ofl. Rit Jóns Trausta og Gunnars Gunnarssonar, Skútuöldin e. Gils Guðm. o.m.fl. S. 896-9624.

Jarðir

Til sölu 23 hektara land í Kjós. Nánari uppl. á fasteignavefjum, visir.is og mbl.is. Götuheiti- Sandslundur.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com, Einar G.

A.O.Verktakar Nýsmíði, endurbætur og viðgerðir. Alhliða byggingaþjónusta. S. 761-8055 Netfang- aoverkt@gmail.com

Nýi Ökuskólinn - Klettagörðum 11 - 104 Rvík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is

Meirapróf

Réttindin gilda í Evrópu

NÝI ÖKUSKÓLINN

Auknir atvinnumöguleikar

Íslensk og ensk námskeið

Kíktu á meiraprof.is og skráðu þig á námskeið

D-D1-C-CE-C1-C1E-B/Far



Vantar þig vinnu?

Norðursalti á Reykhólum vantar starfsfólk konur/karla í fullt starf og í hlutastarf

Góð laun fyrir gott fólk

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í ágúst næstkomandi 2022

Frekari upplýsingar um starfið veitir Gulli í síma 893 9421, gulli@nordurco.com

RAFVER síðan 1956

- Iðnaður
- Aukahlutir
- Verkstæði
- Þjónusta

KÄRCHER

Skeifan 3 • 108 Reykjavík • Sími 581 2333 • rafver.is • rafver@rafver.is

ÞÓR HF

KUBOTA KX008-5

Þyngd: 1050 kg
Breikkanlegur undirvagn
Fylgihlutir: 3 x skóflur og hraðtengi

KUBOTA U 10-5

Þyngd 1200 kg
Breikkanlegur undirvagn
Fylgihlutir: Hraðtengi
3 x skóflur

KUBOTA KX019-4

Þyngd 1900 kg
Breikkanlegur undirvagn
Fylgihlutir: Hraðtengi
2 x skóflur / Tiltskófla

KUBOTA EK1-261

Lipur og fjölhæf vél sem er fær í flest verk.
Fáanleg með ámoksturstækjum

NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFA SÖLUMENN Í SÍMA 568 1504

ÞÓR HF

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500
AKUREYRI: Baldursnes 8 Sími 568-1555
Vefsíða og netverslun: www.thor.is

Vefverslun N1 þjónustar alla

N1
Vefverslun
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki

Við tökum vefverslunina alla leið

Í vefverslun N1 eru um 5.000 vörunúmer fyrir fyrirtæki og fólk í rekstri, hvort sem er til sjávar eða sveita. Skráðu þig, skoðaðu úrvalið og við sendum þér það sem þú kaupir. Við tökum hlutina nefnilega alla leið á netinu líka!

Skráðu þig á vefverslun.n1.is

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-004292